×Passiu
Hugvekjur

til

Qvøld-lestra,

frá byrjun

Lánga-fostu til Páska,

frítt útlagdar eptir

Christópher Christjáni Stúrm

af

Markúsi Magnússyni,
Stipt-prófasti Skálholts-stiptis, Prófasti í Kjalarness þíngi og Sóknar-presti til Garda og Bessastada.

II. Bindi.

Selst almennt innbundid, 52 skild.

Leirárgørdum vid Leirá, 1798.
Prentad, ad bodi ens Islendska Lands-Uppfrædingar Félags, á kostnad Bjørns Gottskálkssonar.
af Bókþryckjara G. J. Schagfiord.

Jesú Kristi Píningar Historia.

Fyrsti Partur.

Og þá þeir høfdu loffaunginn súngid, géck Jesús út, sem hann var vanur, yfir um lækinn Kedron til fjallsins Olíveti; en hans lærisveinar fylgdu honum eptir. Þá sagdi hann til þeirra: á þessari nóttu munud þér allir hneixlast á mér, þvíad skrifad er: hirdirinn mun eg slá, og saudir hjardarinnar munu í sundurtvístrast; en nær eg rís upp aptur, þá mun eg gánga fyrir ydur í Galilæam. Pétur svaradi og sagdi til hans: þó allir hneixli sig á þér, þá skal eg þó aldrei hneixlast. Jesús sagdi til hans: sannlega segi eg þér, ad í dag ádur enn haninn galar tvisvar, muntu afneita mér þrisvar. En hann (Pétur) taladi þá enn frekar: já, þó eg ætti ad deyja med þér, þá skal eg ecki afneita þér; slíkt hid sama søgdu allir lærisveinarnir. Þá kom Jesús med þeim í þad akurgérdi, sem hét Gethsemane,

þar var einn gras-gardur, þar géck Jesús inn og hans lærisveinar, en Júdas, sá ed sveik hann, vissi og þennann stad, þvíad Jesús safnadist opt þángad med sínum lærisveinum. Þá Jesús kom í þann stad, sagdi hann til sinna lærisveina: setjid ydur hér á medan eg fer burt og bidst þar fyrir. Bidjid, svo þér fallid ecki í freistni. Og hann tók med sér Pétrum og Jacobum og Jóhannem, þá tvo sonu Zebedæí, og tók til ad hriggjast, titra af hrædslu og harmþrúnginn ad verda, og þá sagdi hann til þeirra: mín sála er hrigg allt í daudann, blífid hér og vakid med mér. Og hann sleit sig í burt frá þeim, og géck litlu framm lengra nær einu steinsnari, og kraup á kné, féll fram á sínu ásjónu til jardar, og bad: ef þad þad mögulegt væri, ad sú stund hjá sér lidi, og sagdi: minn fadir! ef mögulegt er, þá víki þessi kaleikur frá mér; Abba, fadir minn! allt er þér mögulegt, tak burt þenna kaleik frá mér, þó ei hvad eg vil, heldur hvad þú vilt. Og hann kom til sinna lærisveina og fann þá sofandi, og sagdi til Péturs: Símon! sefur þú? formáttir þú ecki eina stund ad vaka med mér? vakid og bidjid svo þér fallid ecki í freistni; andinn er reidubúinn,

en holdid er veikt. J annad sinn géck hann enn burt aptur, badst fyrir, taladi þeim somu ordum, og sagdi: minn fadir! ef þad er ecki mogulegt ad þessi kaleikur víki frá mér, utan eg drecki hann, þá verdi þinn vilji. Og hann snéri aptur, kom og fann þá enn sofandi, þviad þeirra augu vóru þrúngin af svefni, og þeir vissu ecki hvorju þeir svorudu honum. Og hann skildi vid þá, og géck burt aptur, og bad í þridja sinn med somu ordum, og sagdi: fadir! ef þú vilt svo, þá tak þenna kaleik frá mér, þó ecki minn, heldur verdi þinn vilji. En honum birtist engill af himni, sá ed styrkti hañ. Og þá hañ var staddur í daudans strídi, tók hann ákaflega ad bidja. En hans sveiti vard svo se[m] blód-hniklar, þeir ed féllu á jordina. Og hann stód upp frá bæninni, og kom t[i]l sinna lærisveina í þridja sinn, og fann þá sofandi út af hrigd, og sagdi til þeirra: sofid þér nú þad eptir er og hvílist? hvad! sofid þér? þad er nóg, standid upp og bidjid, svo þér fallid ecki í freistni. Sjáid! sú stund tekur ad nálgast, og er komin, ad mannsins Son mun ofurseljast í syndugra hendur; standid upp og gaungum hédan, sjáid! sá ed mig svíkur haan er í nánd.

Annar Partur.

Og jafnsnart, sem hann var enn ad tala um þetta, sjá! einn af þeim tólf, sem Júdas hét, þá er hann hafdi nú til sín tekid flock manna, og þénara kénnimanna høfdíngjanna og Pharísæanna, kom hann þángad, og med honum flockur mikill, med blisum, lompum, sverdum, staungum og vopnum, útsendir af kénnimanna høfdíngjum, skriftlærdum og øldúngum, og hann géck fyrir þeim. Sem Jesús visti nú allt hvad yfir hann átti ad koma, géck hann fram og sagdi til þeirra: ad hvørjum leitid þér? þeir svørudu honum: ad Jesú af Nazareth. Jesús sagdi til þeirra: eg em hann. En Júdas sá ed sveik hann, stód einninn hjá þeim; en sem Jesús sagdi til þeirra: eg em hann, hørfudu þeir bak aptur og duttu til jardar. Hann spurdi þá enn einusinni, ad hvørjum leitid þér? en þeir søgdu: ad Jesú af Nazareth. Jesús svaradi: eg sagda ydur þad, eg em hann; þar fyrir, ef þér leitid ad mér, þá látid þessa í burt fara. Svo ad uppfylldist þad ord, hvad hann hafdi sagt: ad engum glatadi eg af þeim, sem þú gafst mér. (Jóh. 17.) En svikarinn hafdi géfid þeim sameginlegt teikn, og sagt: hvørn

hvørn heldst eg kyssi, sá er það, grípið hañ og leidið í burtu vareygdarlega. Og þá hann kom, nálgadist hann Jesúm að hann kyssti hann, og jafnsnart gèck hann til hans og sagði: heill sértú, Rabbí! og kyssti hañ. En Jesús sagði til hans: vinur! hvar fyrir ertú kominn? Júda! svíkur þú mannsins Son með kossi? Þá gengu þeir þángað og løgðu sínar hendur á Jesum og gripu hann. En þá eð þeir, sem hjá honum vóru, sáu hvað verða vildi, søgðu þeir til hans: Herra! skulum vér slá með sverði? og sjá! að einn af þeim, sem með Jesú vóru og þar stóðu, Símon Pétur, hafði eitt sverð, rétti út høndina og rickti því, og sló til Presta-høfdíngjans þénara, og hjó af honum hans hið hægra eyra; og sá þénari hét Malchus. En Jesús svaraði og sagði: leyfið þeim að gjøra enn frekar, og sagði til Péturs: stícktú þínu sverði í slíðrir, því að hvørr að sverðið tekur, sá mun fyrir sverði farast; eða meinar þú að eg kunni ecki nú að biðja minn Føður, það hann sendi mér meir enn tólf legíón engla? skal eg ecki drecka þann kaleik, hvørn eð minn Faðir hefir mér géfið? en hvørninn skyldu þá Ritníngarnar uppfylldar verða? því

þad hlýtur svo ad ské. Og hann áhrærdi hans eyra og læknadi hann. Á þeim tíma svaradi Jesús og sagdi til fólksins og þeirra Presta-høfdíngja, og Høfudsmanna musterisins og Oldúnganna, sem til hans vóru komnir: þér erud svo sem til annars ræníngja útgengnir med sverdum og staungum ad grípa mig. Daglega hefi eg hjá ydur verid, setid og kénnt í musterinu, og þér hafid engar hendur á mig lagt, og ecki gripid mig, heldur er þetta ydar tími og makt myrkranna, svo ad Ritníngarnar uppfylldust. En allt þetta er skéd, svo ad uppfyllist Ritníngar Spámannanna. Þá foriétu hann allir lærisveinarnir og flýdu. Og þar var einn úngur mann, sá ed honum eptirfylgdi, þann var med líni klæddur yfir bert hørund, og úngmenni gripu hann; en hann snaradi línklædinu og flýdi nakinn í burt frá þeim.

Þridji Partur.

En flockurinn og hinn ypparsti Høfudsmadur, og þénarar Gydínganña gripu Jesúm og bundu hann, og leiddu hann fyrst burt til Hannam, sá var fadir konu Kaiphæ, hvørr ed þá var þess árs ædsti Prestur

ur, og þeir burtleiddu Jesúm fánginn til Kaiphan Kénnimanna Høfdíngja, en Kaiphas var sá, sem Gydíngum gaf þad rád, ad betur færi þad einn madur dæi fyrir fólkid. Og þeir innleiddu hann í hús þess ypparsta Prests, þar ed med honum allir Kénnimanna Høfdíngjar, Skriftlærdir og Oldúngar vóru samankomnir. En Símon Pétrus fylgdi Jesú eptir álengdar, allt í forstofu Kénimaña Høfdíngjans, og einn annar lærisveinn, sá sami lærisveinn var kunnugur Kénnimanna Høfdíngjanum, og géck inn med Jesú í forstofu Kénnimanna Høfdíngjans, en Pétur stód þar úti fyrir dyrunum. Þá géck út sá annar lærisveinn, sem Kénnimanna Høfdíngjanum var kunnugur, og taladi vid dyravørdslu konuna, og leiddi Pétrum inn lengra í forstofu Kennimanna Høfdíngjans: og hañ géck inn, þvíad þénararnir høfdu eld qveiktañ í midri forstofunni og setst til samans, en Pétur setti sig á millum þeirra og vermdi sig vid logann, ad hann sæi hvørr endir þar á yrdi. En Pétur sat utar í forstofunni, og þar hann var fram betur í forstofunni, kom ein af ambáttum Kéñimanna Høfdíngjans, og þá hún leit Pétr-

um sitja vid logann og verma sig, leit hún til hans og stardi á hann, géck til hans og sagdi: hvørt ert þú og einn af þess manns lærisveinum? og þú varst med Jesú þeim galilæiska af Nazareth. En hann afneitadi honum fyrir øllum, segjandi: kona ei er eg, eg þecki hann eigi, og ei veit eg hvad þú segir; og hann géck út í fordyrid, og haninn gól. En þrælarnir og þénararnir stódu, sem gjørt høfdu kola-eld, og vermdu sig, þvíad kuldi var. Pétur stód þar hjá þeim og vermdi sig. En Kénnimanna Høfdínginn spurdi Jesúm þá ad um hans lærisveina og hans kénníngu? og Jesús svaradi honum: eg hefi opinnberlega talad í heiminum: eg hefi og med jafnadi kénnt í samkundu húsum, og í musterinu þar ed Gydíngar allstadar ad koma til samans, og eckert hefi eg í leynum talad; hvad spyr þú mig ad þessu? spyr þú þá þar ad, sem heyrt hafa hvad eg hefi talad til þeirra; sjá þú! þeir hinu sømu vita hvad eg hefi sagt; en sem hann taladi þetta, þá gaf einn þénaranna, sem þar stód hjá, honum einn kinn-hest, og sagdi: skalltú svo svara Biskupinum? Jesús svaradi: hafi eg illa talad þá bevísa þad, ad þad sé órétt, en hafi eg satt sagt,

hvar

hvar fyrir flær þú mig? og Hannas sendi hann bundinn til Kaíphas Kénnimanna Höfdíngja. En ambáttin þar hún sá Pétrum, tók hún aptur til ad segja þeim, sem þar hjá stódu: þessi er einn af þeim. En sem hann géck út um dyrnar, leit hann ein önnur ambátt og sagdi til þeirra, sem þar vóru, þessi var og med Jesú af Nazareth. Og litlu sídar þar eptir sá hann einn annar og sagdi: þú ert og einn af þeim. Og Símon Pétrus stod þar og vermdi sig; þá töludu þeir til hans: ertú af hans lærisveinum? og í annad sinn neitadi Pétur aptur med eidi og sagdi: madur! eigi em eg, ecki þecki eg þann mann. En þeir ædstu Prestar og Öldúngar, og allt rádid leitudu ljúgvitna ígégn Jesú, svo ad þeir gæti honum í hel komid, og fundu ecki; og þó margir ljúgvottar gengi þar fram ad, þá fundu þeir eckert, þvíad margir báru fals vitni í móti honum, en þeirra vitnisburdir vóru ecki samhljóda. En ad sídustu stódu upp og gengu fram nockrir tveir fals-vottar, og báru ljúg-vitni í móti honum, og sögdu: vér höfum heyrt hann segja: eg kann og vil nidurbrjóta þetta musteri Guds, sem med höndum er gjört, og á þremur dögum uppbyggja eitt ann-

ad þad ei er med höndum gjört, en þeirra vitnisburdir urdu enn þá ecki samhljóda. Sá ædsti Prestur stód þá upp midt á millum þeirra, spurdi Jesúm ad, og sagdi til hans: svarar þú engu? hvad vitna þessir á móti þér? en Jesús þagdi og svaradi engu. Þá ansadi enn aptur sá ædsti Prestur, spurdi hann ad, og sagdi til hans: ertú Kristur Sonur hins blessada, eg særi þig vid lifanda Gud, ad þú segir oss ef þú ert Kristur Sonur Guds? Jesús sagdi til hans: þú sagdir þad, eg em: en þó segi eg ydur: hér eptir munud þér sjá Manns Son sitja til hægri handar Kraptarins, og komanda í skýjum himins. Þá reif Kennimanna Höfdíngiñ sín klædi í sundur, og sagdi: hann gudlastar. Hvad þurfum vér nú framar vitnanna vid? sjá! þér heyrdud nú sjálfir hans gudlastan. Hvad virdist ydur? en þeir fordæmdu hann allir, svörudu og sögdu: hann er daudans sekur. Og litlum tíma þar eptir, nær einni stundu, styrkti nockur annar þad, og sagdi: ad sönnu var og þessi med honum, því hann er einn Galílæari. Og aptur gengu þeir ad, er hjá stódu, og sögdu til Péturs: sannarlega ertú af þeim, þvíad þitt túngumál er samhljóda og opinberar

ar þig. Þá sagdi einn af Kénnimanna Høfdíngjans þénurum, frændi þess, sem Pétur hjó af eyrad: sá eg þig ecki í grasgardinum med honum? þá neitadi Pétur því enn aptur, og sagdi: madur! eigi veit eg hvad þú segir. Þá tók hann til ad formæla sér og sverja: eigi þecki eg þann mann, um hvørn þér talid. Og jafnsnart er hann nú taladi enn framar, gól haninn í annad sinn, og Drottinn snéri sér vid, og leit til Péturs, og Pétur minntist ordanna Jesú, er hann hafdi sagt til hans: ádur enn haninn galar tvisvar, muntu afneita mér þrisvar: og hann géck út og grét beisklega. Þá tóku nockrir ad spýta á hann, í hans ásjónu, og børdu hann med knefum, en þénararnir og þeir menn, sem héldu Jesú, dárudu hann og slóu, og byrgdu hans ásjónu, og slóu hann med knefum, spurdu hann og søgdu: spá þú oss, hvørr er sá þig sló? og margt annad hádunglegt søgdu þeir vid hann.

Fjórdi Partur.

Og strax um morguninn er dagur var, søfnudust saman og héldu rádstefnu allir ædstu Prestar med Øldúngum lýdsins og Skriftlærdum, og þaradauk øllu Rád-

inu,

inn, móti Jesú, svo ad þeir gæti honum í hel komid. Og leiddu hann upp fyrir sitt Ráð, og sögdu: ef þú ert Kristur, seig oss þad? og hann sagdi til þeirra: ef eg segi ydur þad, þá trúid þér því eigi, en ef eg spyr ydur, þá svarid þér mér eigi, eda látid mig lausann. Nú hédan í frá mun Mannsins Sonur sitja til hægri handar Guds kraptar. En þeir sögdu allir: ertú þá Guds Sonur? hann sagdi þá til þeirra: þér segid þad, eg em hann. Þá sögdu þeir: hvad þurfum vér nú vitnisburdinn lengur, vér sjálfir heyrdum þad af hans munni. Og allur sá þeirra skari stód upp og bundu Jesúm, og leiddu hann í burt frá Kaiphas, og í þínghúsid, og ofurseldu hañ Landsdómaranum Pontió Pílató; en þad var snemma morguns. Þá er Júdas, sá er hann hafdi for-rádid, sá þad hann var til dauda dæmdur, ydradist hann þess, og færdi aptur þeim ædstu Prestum og öldúngum þá þrjáthygir sylfur-peninga, og sagdi: syndgad hefi eg, ad eg for-réd saklaust blód; en þeir sögdu: hvad kémur þad vid oss? sjá þú þar fyrir. Og hann snaradi þeim sylfur-peníngum í musterid, skundadi þadan, géck í burt og hengdi sjálfann sig. En þeir ædstu Prestar tóku sylfur

ur-peníngana, og søgdu: eigi hæfir ad vér látum þá í Guds kistuna, þvíad þad er blóds-verd. En þeir héldu eitt Ráð, og keyptu med þeim Leirsmids-akur, framandi mønnum til greftrunar. Fyrir þad, er sá akur kalladur blóds-akur, allt til þessa dags. Þá er uppfyllt hvad sagt er fyrir Jeremíam Spámann, segjandi: þeir tóku þá þrjátýgir sylfur-peninga, er hinn seldi var med betaladur, hvorn þeir keyptu af Israels børnum, og hafa géfid þá fyrir Leirkérasmids-akur, eptir því, sem Drottinn hafdi mér bodid. Og Høfud-prestarnir og Oldúngarnir, géngu ei sjálfir inn í þínghúsid, ad þeir saurgudust eigi, heldur svo þeir mættu neyta Páskanna. Pílatus géck þá út til þeirra, og sagdi: hvørja ákjæru færid þér ígégn þessum manni? þeir svørudu og søgdu til hans: ef þessi væri ei íllrædis-madur, þá hefdum vér eigi í hendur fengid þér hann. Þá sagdi Pílatus til þeirra: takid þér hann þá og dæmid eptir ydrum løgum. Gydíngar søgdu til hans: oss leyfist ecki ad lífláta nockurn, svo ad þad ordid Jesú uppfylltist, er hañ sagdi: teiknandi þar med, hvørjum dauda hann skyldi deyja. En Jesús stód frammi fyrir Lands-

dóm-

dómaranum. En þeir tóku ad áklaga hann, og sögdu: þennann finnum vér ad hann fráſnýr fólkinu, og fyrirbýdur ſkatt ad géfa Keiſaranum, og ſegir ſig ad vera Kónginn Kriſtum. Þá géck og í annad ſinn inn Landsdómarinn Pílatus, kalladi Jeſúm, og ſagdi til hans: ertú Kóngur Gydínga? Jeſús ſvaradi: talar þú þad af ſjálfum þér, eda hafa adrir ſagt þér þad um mig? þá ſvaradi Pílatus: er eg nockud Gydíngur? þín þjód og Kennimanna Höfdíngjar ofurſeldu þig mér; hvad hefir þú gjört? Jeſús ſvaradi: mitt ríki er ei af þeſſum heimi, ef ad mitt ríki værí af þeſſum heimi, þá mundu mínir þénarar ſtrída þar fyrir, ſvo ad eg ofurſeldiſt ei Gydíngum, en nú er mitt ríki eigi þadan. Þá ſagdi Pílatus til hans: ertú þó ſamt Kóngur? Jeſús ſvaradi, og ſagdi til hans: þú ſegir þad, eg em og Kóngur, til þeſs er eg fæddur og í heiminn kominn, ad eg beri vitni ſannleikanum, og hvørr hann er af ſannleikanum, ſá heyrir mína rødd. Pílatus ſagdi til hans: hvad er ſannleikurinn? og þá hañ hafdi þetta ſagt, géck hann út aptur til Gydínga, og ſagdi til þeirra yppurſtu Preſta og til lýdſins: enga ſøk finn eg

med

med þessum manni. Og Høfud-prestarnir ákløgudu hann hardlega. Og sem hann áklagadist af þeim œdstu Prestum og Oldúngum, svaradi hann engu. Pílatus spurdi hann aptur ad, og sagdi til hans: svarar þú engu? heyrir þú ecki? siá! hvørsu hardlega þeir áklaga þig. En Jesús svaradi honum engu framar til nockurs ords, svo Landsdómarinn undradist þad nærsta. En þeir vóru þess ákafari, og søgdu: hann hefir uppæst fólkid, med því hann hefir kénnt á øllu Gydíngalandi, og hefir tiltekid í Galílœa, allt híngad. En er Pílatus heyrdi Galílœam nefnda, spurdi hann ad: hvørt hann væri einn Galílœari? og er hann fornam ad hann var undir Heródis veldi, sendi hann hann burt til Heródem, sem einninn var á þeim sømu døgum í Jerúsalem. En er Heródes sá Jesúm, vard hann nærsta gladur, því ad hann hafdi fyrir laungu girnst ad siá hann, af því hann hafdi margt heyrt af honum, og hann vænti ad hann mundi siá eitt teikn af honum, og adspurdi hann á marga vega, en hann svaradi honum engu. En Kénnimanna Høfdíngjar og Skriftlærdir, stódu og áføkudu hann hardlega, en

He-

Heródes med sínum stridsmønnum for- smádi hann og spottadi, færdi hann í hvítt fat, og sendi hann aptur til Pílat- um. Og á þeim degi urdu þeir Pílatus og Heródes vinir aptur, þvíad ádur vóru þeir óvinir sín á milli. En Pílatus sam- annkalladi Presta-høfdíngja og Høfuds- menn og lýdinn, og sagdi til þeirra: Þér hafid þennann mann til mín haft, svo sem hann er frásnýr folkinu, og sjáid! eg hefi yfirheyrt hann hér fyrir ydur, og á þessum manni finn eg enga af þeim søk- um, þar um þér klagid hann, og ei held- ur Heródes, þvíad eg sendi ydur til hans, og sjáid! eckert er af honum gjørt þad dauda sé verdugt, fyrir því vil eg refsa honum og láta lausann. En á hátídar- deginum hlaut Landsdómarinn eptir ven- ju, folkinu lausann ad láta einn bandíng- ja, hvørn hellst þeir vildu, og eptir hvør- jum þeir beiddust. En þá hafdi hann einn nafnkéndann bandíngja framar ødr- um, sá ed Barabbas hét, med upphlaups- mønnum bundinn, hvørjir í upphlaup- inu høfdu víg unnid. Sem þeir voru til samans komnir, sagdi Pílatus til þeirra: þad er ydar sidvenja, ad eg géfi ydur einn lausann á Páskum; og folkid

kall-

kalladi upp: og tók til ad bidja, ad hann vildi gjøra, sem hann væri vanur. En Pílatus svaradi þeim og sagdi: viljid þér ad eg gési ydur nú Gydínga Kónginn lausann? hvorn viljid þér ad eg gési ydur lausann Barabbann eda Jesúm, sem kallast Kristur, (þvíad hann vissi vel ad Høfud-prestarnir høfdu af øfund ofurselt hann). Og sem hann sat á dómstólnum, sendi hans Húss-frú til hans, og lét segja honum: haf þú eckért ad gjøra med þann réttláta, þvíad margt hefi eg lidid í dag í draumnum fyrir hann. En þeir ædstu Prestar og Oldúngar rédu folkinu og eggjudu, ad þad skyldi bidja: ad hann gæsi þeim miklu heldur Barabbam lausann, en Jesúm skyldu þeir deyda. Þá svaradi Landsdómarinn Pílatus, og sagdi til þeirra: hvorn af þessum tveimur viljid þér ad eg láti ydur lausann? þá kalladi upp allur hópurinn, og sagdi: tak burt þennann, og géf oss Barabbam lausann. Þá svaradi aptur Pílatus, kalladi og sagdi til þeirra, og vildi Jesúm lausann láta: hvad viljid þér þá ad eg skuli gjøra vid Jesúm, af hvørjum sagt er, ad hann sé Kristur Kóngur Gydínga? en þeir kollludu þá allir aptur upp,

og søgdu: krossfestist hañ, krossfestú hañ. Þá sagdi Landsdómarinn enn í þridja sinn til þeirra: hvad íllt hefir þá þessi gjørt? enga dauda-søk finn eg med honum, fyrir því vil eg hegna honum, og láta hann lausann. En þeir kølludu því meir, segjandi: krossfestist hann, krossfestú hann. Og allir kølludu aptur, segjandi: eigi þennann, heldur Barabbam. En Barabbas var einn ræníngi, hvørr ed var fyrir upphlaup og mañslag, er skéd var í borginni, innsettur í fángelsi. Og þeir stódu því fastara þar á med miklum hljódum, óskandi þad ad hann yrdi krossfestur, og þeirra hljód og Høfud-prestanna tóku yfir. Þá tók Pílatus Jesúm og húdstrýkti hann, en strídsmeñ Landsdómarans tóku hann, og leiddu hann med sér inn í þínghúsid, kølludu saman og søfnudu ad honum øllu lidinu, og afklæddu hann, og færdu hann í eina purpura-kápu, og fléttudu eina kórónu af þyrnum, og settu hana á hans høfud, og reyr í hans hægri hønd, og beygdu kné fyrir honum, spjodu hann og tóku ad heilsa honum, og søgdu: heill sértú! Kóníngur Gydínga, og gáfu honum pústra og hræktu á hann, toku reyr-

inn

inn og bordu um hans høfud, féllu á kné og tilbádu hann. Þá géck Pílatus út aptur og sagdi til þeirra: sjáid! eg leidt hann nú út híngad til ydar, svo ad þér vitid þad eg finn enga søk med honum. Svo géck Jesús út, berandi þyrni-kórónu og purpura klædid, og hann sagdi til þeirra: sjáid manninn! Þá er Kénnimanna-høfdíngjarnir og þénararnir sáu hann, kølludu þeir og søgdu: krossfestú, krossfestú. Pílatus sagdi til þeirra: takid þér hann og krossfestid, þvíad eg finn enga søk med honum. Þá svørudu honum Gydíngar: vér høfum løg, og eptir vorum løgum á hann ad deyja, þvíad hann gjørdi sig sjálfann ad Guds Syni.

Fimti Partur.

Þá Pílatus heyrdi þad ord, ótt'adist hann enn meir, og géck aptur í þínghúsid, og sagdi til Jesúm: hvadan ertú? en Jesús gaf honum eckert svar. Þá sagdi Pílatus til hans: talar þú eigi vid mig? veitstú ecki ad eg hefi rád til ad krossfesta þig, og eg hefi rád til ad géfa þig lausañ? Jesús svaradi: eigi hefdir þú nockud vald yfir mér, nema þér væri géfid þad hér ad ofan, fyrir því hefir sá meiri synd, er

mig ofurseldi þér. Og eptir það leit-
adi Pílatus við, hvorninn hann gæti
látið hann lausann. En Gydíngar hróp-
udu, og sögdu: ef þú lætur þennann laus-
ann, þá ertú ecki Keisarans vinur; þvi-
ad hvørr, sem sig gjørir ad Konúngi, hañ
er á móti Keisaranum. Þá Pílatus
heyrdi þad ord, leiddi hann Jesúm út,
og setti sig á dómstólinn, í þeim stað, sem
kallast: hinn steinlagdi, en á hebresku
Gabbatha, en það var adfánga-dagur
Páska, nærri siøttu stundu. Þá segir
hann og til Gydínga: sjáid! þad er yd-
ar Kóngur; en þeir kølludu, burt, burt
med hann, krossfestú hann. Pílatus
sagdi til þeirra: skal eg krossfesta ydar
Konúng? Kénnimanna-høfdíngjarnir
svørudu: engann Kónúng høfum vær,
nema Keisarann. Þá er Pílatús sá,
þad hann kom engu til vegar, heldur þad,
ad þar yrdi enn meira upphlaup af, tók
hann vatn, og þvodi hendurnar fyrir fólk-
inu, og sagdi: saklaus em eg af blódi
þess hins Réttláta, sjáid þér til! þá
svaradi allur lýdur, og sagdi: hans blód
komi yfir oss og yfir børn vor. En Pí-
latus þenkti fólkinu fullnægju ad gjøra,
og dæmdi ad ské skyldi þeirra beidni, gaf
þeim

þeim Barabbam lausann, þann er inn var settur fyrir upphlaup og manndráp í myrkva-stofu, um hvørn þeir báðu; en Jesúm húðstrýktañ framseldi hann þeim, eptir þeirra vilja, að hann krossfestur yrði. Þá tóku þeir Jesúm, eptir það þeir høfðu spottað hann, færðu hann úr purpura-kápunni, og færðu hann í sín egin klæði, og leiddu hann út, að þeir krossfestu hann, og hann bar sinn kross og géck út. En í því þeir gengu og leiddu hann út, fundu þeir einn mann, sem fram hjá géck, af Cyrene, Símonem að nafni, hvørr eð kominn var af akri, føður þeirra Alexandrí og Rúffí, hann høndluðu þeir, og þreyngðu honum að hann bæri hans kross, og løgðu krossinn uppá hañ að hañ bæri hañ eptir Jesú. En honum fylgdi mikill fjøldi fólks og qvenna, hvørjar eð grétu og hørmuðu hañ; en Jesús snérist til þeirra og sagði: Þér dætur af Jerúsalem, grátið ecki yfir mér, heldur grátið yfir yður sjálfum og yfir børnum yðar: því sjáið! þeir dagar munu koma, á hvørjum þeir segja: sælar eru óbyrjur, og þeir qviðir er ei hafa fædt, og þau brjóst, hvør eigi vóru mylkt. Þá munu þeir taka að segja fjøllunum: hrynjið yfir oss, hálsunum: hyljið oss. Ef þeir

gjøra þetta vid hid blómgada tréd, hvad mun þá ské vid hid þurra? En tveir spill-virkjar adrir leidduſt og út, ad þeir væri afteknir med honum; og þeir leiddu hann út í þann ſtad, ſem kallaſt á hebreſku Golgatha, hvad ed þýdiſt: Hauſaſkélja-ſtadur, og þeir gáfu honum ad drecka í víni myrru og edik galli blandad, og hann tók þad eigi til ſín, því þá hann ſmackadi þad, vildi hañ ecki drecka. Og ſem þeir komu í þann ſtad, ſem kalladiſt: Høfudſkélja-ſtadur, þar kroſsfeſtu þeir hann, og med honum tvo adra ræníngja á bádar ſídur, einn til hægri handar, og annann til hinnar vinſtri, en Jeſúm í midid. En þad var nær um þridju ſtundu er þeir kroſsfeſtu hann; þá vard ſú Ritníng uppfylld, ſem ſegir: medur íll-virkjum er hann reiknadur. En Jeſús ſagdi: **Fadir! fyrirgéf þeim, þvíad þeir vita ei hvad þeir gjøra.** Pílatus ſkrifadi þá eina yfirſkrift, og ſetti hana upp yfir kroſſinn, upp yfir hans høfdi feſtu þeir hans dauda-ſøk. En yfirſkrift-in og hvør ſøk honum var géfin, var rit-ud yfir honum med gríſkum, látínſkum og hebreſkum bókſtøfum: **Þeſſi er Jeſús af Nazareth, Konúngur Gydínga.** Þeſſa yfirſkrift láſu margir af Gydíng-um,

um, þvíað sá staður var nærri borginni, þar Jesús var krossfestur. Þá sögðu þeir æðstu Prestar Gyðínganna við Pílatum: skrifa þú eigi Konúngur Gyðínga, heldur það hann hafi sagt: eg em Konúngur Gyðínga. Pílatus svaraði: hvað eg skrifaði, það hefi eg skrifað.

Sjøtti Partur.

Þá stríðsmennirnir høfðu krossfest Jesúm, tóku þeir hans klæðnað, og gjørðu á fjøgra hluta skipti, sérhvørjum stríðsmanni einn hlut, og vørpuðu þar um hlutkésti, hvørr að hann skyldi hafa, og þar með kyrtilinn; en kyrtillinn var eigi saumaður, heldur frá ofanverðu allur prjónaður. Þá tøluðu þeir sín á milli: skiptum vær honum eigi í sundur, hlutunst heldur um hvørs hann skal vera, svo að Ritníngin uppfylldist, hvað sagt er fyrir Spámanninn, er segir: þeir skiptu með sér klæðum mínum, og á minn kyrtil þá løgðu þeir hlutkésti. Og þetta gjørðu stríðsmennirnir, og fólkið stóð og horfði á. Og þeir, sem gengu þar fram hjá, hæddu hañ, skóku høfuð sín og søgðu: svei! hvørniñ niðurbrýtur þú musterið, og uppbyggir það aptur á þremur døgum? hjálpa

þú nú sjálfum þér, ef þú ert Guds Sonur, og stíg nidur af krossinum. Og Høfdíngjarnir spottudu hann med þeim, líka einninn hæddu hann þeir ædstu Prestar sín á medal med Skriftlærdum og Oldúngum, og søgdu: ødrum hefir hann hjálpad, sjálfum sér gétur hann eigi hjálpad. Sé hañ Kristur og Kóngur Israels, þá stígi hann nú nidur af krossinum, ad vér sjáum og megum svo trúa honum. Hjálpi hañ nú sjálfum sér, ef hann er Kristur hiñ útvaldi Guds. Hann treysti Gudi, hann frelsi hann nú, ef hann hefir lyst til hans, þvíad hann sagdi: eg em Guds Son. Ad honum hæddu og strídsmennirnir, gengu til hans og færdu honum edik, og søgdu: ef þú ert Konúngur Gydínga, þá hjálpa þér sjálfum. Líka einninn hæddu hann ræníngjarnir, þeir med honum vóru krossfestir. En einn af þeim spillvirkjum, sem hengdir vóru, lastadi hann og sagdi: ef þú ert Kristur, frelsa sjálfann þig og ockur. Þá svaradi hinn annar, straffadi hann og sagdi: og þú hrædist ei heldur Gud, sem ert þó í eins fordæmíngu? og ad sønnu skér ockur þetta réttilega, þvíad vér medtøkum hvad ockar gjørdir vóru verdar, en þessi hefir

eckert

eckért óſkickanlegt gjørt. Og hann ſagdi til Jeſú: Drottinn! minnſtú mín þá þú kémur í ríki þitt. Og Jeſús ſagdi til hans: ſannlega ſegi eg þér, í dag ſkaltú vera med mér í Paradís. En þar ſtódu vid kroſſinn Jeſú, módir hans og módur-ſyſtir hans, María húſsfrú Kleóphæ, og María Magdalena. Þá Jeſús ſá nú ſína módur, og þann lærisvein þar nær ſtandandi, er hann elſkadi, ſegir hann til ſinnar módur: kona! ſjá þú þad er þinn ſonur. Eptir þad ſegir hann til læriſveinſins: ſjá! þad er þín módir. Og upp frá þeirri ſtundu tók læriſveinninn hana ad ſér. Og þad var nær um hina ſjøttu ſtundu, ad myrkur gjørdiſt yfir allt landid, allt nær til níundu ſtundar, og ſólin miſti ſitt ſkin. Og um níundu ſtundu kalladi Jeſús hárri roddu, og ſagdi: Eli, Eli, Lama Sabachtani, hvad ed útleggſt: Gud minn! Gud minn! hvar fyrir forlétſtú mig? og nockrir af þeim er þar ſtódu hjá, þá þeir heyrdu þad, ſøgdu þeir: ſjá! hann kallar á Elíam. Eptir þad, þá Jeſús viſſi ad allt var nú fullkomnad, og ad Skriftin yrdi uppfylld, þá ſegir hann: mig þyrſtir. Þar ſtód eitt kér fullt af edíki, jafnſnart

snart hljóp einn af þeim til, og tók njardarvøtt, og fyllti af ediki, og setti hann ofan á einn reyrlegg, og gaf honum ad drecka, og sagdi: lát vera! sjáum hvørt Elías kémur ad taka hann ofan. En adrir søgdu: bídid! látid sjá hvørt Elías kémur ad hjálpa honum. En þá Jesús hafdi edikid til sín tekid, sagdi hann: **þad er fullkomnad.** Og Jesús kalladi upp hárri røddu í annad sinn, og sagdi: **Fadir! í þínar hendur fel eg minn anda.** Og er hann hafdi þetta sagt, ad hneigdu høfdi, uppgaf hann sinn anda.

Sjøundi Partur.

Og sjá! ad tjaldid musterisins rifnadi midt í sundur í tvo parta, frá ofanverdu, allt nidur ígégnum, og jørdin skalf, og bjørgin klofnudu, og grafirnar lukust upp, og margir líkamir heilagra risu upp, þeir ed sváfu, og gengu eptir hans upprisu úr grøfunum, og komu í hina heilógu borg, og auglýstust þar mørgum. En er Hundrads-høfdinginn, hvørr þar stód gégnt, sá þad hvad þar skédi, og ad hann kalladi svo, þá ed hann létst, prísadi hañ Gud, og sagdi: ad vísu hefir þetta einn rétt-

réttlátur madur verid og Guds Sonur. Og þeir, sem med honum vóru ad vardveita Jesúm, þá þeir sáu jardskjálftann, og þad hvad þar skédi, urdu þeir mjøg óttaslegnir, og søgdu: sannlega var þessi Guds Sonur. Og allt fólk, er þar var hjá og horfdi á, sem þeir sáu hvad þar skédi, bardi þad sér á brjóst og snéri í burt aptur. En allir hans kunníngjar stódu lángt frá. Þar vóru og margar konur, sem sáu þar uppá álengdar, medal hvørra ad var María Magdalena og María hins litla Jacobs, og Jósephs módir og Salóme, módir þeirra Zebedæí sona, þær honum høfdu eptirfylgt, þá hann var í Galílæa, og þjónad honum, og margar adrar, hvørjar med honum høfdu uppfarid til Jerúsalem, úr Galílæa, og horfdu á þetta. En Gydíngar, med því þad var adfánga-daguriñ, svo ad líkamarnir væru ecki á krossinum um Sabbaths-daginn, (því sá sami Sabbaths-dagur var mikill), þá bádu þeir Pílatum, ad þeirra bein brytust og ofantækjust. Þá komu stríds-mennirnir og brutu sundur bein hins fyrsta, og svo hins annars, sem med honum voru krossfestir. En þá þeir komu til Jesúm, og sáu

sáu ad hann var allareidu dáinn, þá brutu þeir eigi hans bein, heldur opnadi einn af stríðsmønnunum hans sídu med spjóti, og strax þá rann út blód og vatn. Og sá er þad hefir sjed, ber þar vitni um, og hans vitnisburdur er sannur, og hann sami veit þad, ad hann segir satt, svo ad þér og svo trúid. Þvíad þetta er skéd, svo ad Ritníngin uppfylldist: Eigi skulud þér brjóta nockud hans bein. Og enn aptur segir ønnur Ritníng: þeir munu sjá hann, í hvørn þeir stúngu. Þar eptir þá ed qvøld var komid, af því þad var adfánga-dagur, hvørr ad er fyrir Sabbaths-daginn, kom nockurr madur ríkur af borg Gydínga Arimathía, Jóseph ad nafni, einn heidurlegur Rád-herra, gódur mann og réttvís, hvørr eigi hafdi verid sambyckur þeirra ráda-gjørd og breytni, hvørr ed og svo var einn af lærisveinum Jesú, þó heimuglegur, fyrir ótta sakir vid Gydínga, sá er og vonadi eptir Guds ríki; hann dirfdist ad gánga inn til Pílatusr, og bad um ad hann mætti taka nidur líkama Jesú. En Pílatus undradist ad hann væri þegar látinn, og kalladi Hundrads-høfdíngjann, og spurdi hann

ad

ad, ef hann væri fyrir laungu andadur? og er hann var þess vís ordinn af Hundrads-høfdíngjanum, leyfdi Pílatus og skipadi, ad Jóseph skyldi afhendast líkaminn, og gaf honum hann. Þá kom hañ og tók nidur líkamann Jesú. Og hann keypti einn lín-dúk, og tók vid líkamanum, og sveypadi hann í hreinu lérepti, þar kom og Nicódemus, sá er fyrri kom um nótt til Jesú, færandi samblandad myrru alóe, nær hundrad punda. Þá tóku þeir líkamann Jesú, og sveypudu hann í líni med dýrmætu salve, svo sem Gydínga sidur er til ad greftra. En þar í þeim stad, sem hann var krossfestur, var gras-gardur, og í gras-gardinum var ný grøf, í hvørja ad enginn hafdi enn verid lagdur; og Joseph lagdi hann í þessa sína egin nýja grøf, hvørja hann hafdi úthøggva látid í steini, og velti stórum steini ad grafar-dyrunum, og géck í burt. Og þad var adfánga-dagur, og Sabbathsdagurinn tók til, þángad løgdu þeir Jesúm fyrir sakir adfánga-dagsins Gydínga, þvíad sú grøf var nærri. En þar var María Magdalená, og ønnur María Jósephs, og þær konur, sem komnar vóru med honum af Galílæa, fylgdu

eptir,

eptir, sitjandi gégnt yfir frá grøfinni, og skodudu grøfina, sáu til hvar og hvørninn hans líkami var lagdur. En þær snéru aptur, reidandi til dýrmætar jurtir og salve. En um Sabbaths-daginn vóru þær kyrrar eptir løgmálinu. Og annann dag, þann sem eptir adfánga-daginn er, søfnudust saman þeir yppurstu Prestar og Pharisæi ásamt, til Pílatum, og søgdu: Herra! vær minnumst á þad, ad þessi svikari sagdi, þá er hann lifdi: eptir þrjá daga mun eg uppríſa; af því skipa þú ad forvara grøfina allt til hins þridja dags, svo ad eigi komi hans lærisveinar á nóttu og steli honum í burt, og segi fólkinu ad hann sé upprisinn frá daudum, og verdi hin seinni villa, argari þeirri fyrri. Pílatus sagdi til þeirra: þar hafid þér vard-menninna, farid! forvarid, sem þér hafid vit á. En þeir gengu í burt, og forvørudu grøfina med vard-mønnunum, og innsigludu steininn.

I. Føstu-Hugvekja.

Jesú gánga til Olíu-fjallsins. Jóh. 18.

Núvar það í sídasta sinni, sem Jesús géck til Olíu-fjallsins, hvar hann svo marga nótt ádur vakad hafdi á bænum til síns himneska Födurs. Þann sama stadinn, sem hann í hinum gódu døgunum valid hafdi sér til samtals vid Gud, útvaldi hann sér nú, þá ángistar tíminn nálgadist, til undirbúnings sinnar pínu. Jerúsalem, þessi samansøfnunar-stadur synda og hávarra heimsins lystisemda, fannst honum ecki sá stadurinn, hvar hann verid gæti sína efstu lífsstunda-nótt, med því hugarfari, sem písl hans útkrafdi; hann vissi þad fyrir ad hann átti ørdugt strìd fyrir høndum, og þetta strídid vildi hann heja, án þess ad hafa þar marga votta ad. Hann géck því í afvikinn stad, hvørt hans ástfólgnu vinir fylgdu honum á eptir, þeir, sem þángad til høfdu med honum hlutdeild tekid í allri hans armædu. Hann géck í þeim tilgángi til Olíu-fjallsins, ad hann yrdi nú forlíkunar-offur fyrir heimsins synd-

ir,

ir, og lagdi sig því viljugur undir þær písl- ir, sem hans Fadir á þeirri nóttu hafdi honum áqvardadar. Hvílíkann lærdóm fær oss ecki géfid þessi inngángur Jesú pínu; þegar vér gætum ad Jesú hegdun vid útgaungu hans til Olíu-fjallsins, þá fáum vér af honum lært hvorsu vér egum ad hegda oss, þegar vér höfum mikilvæga hluti fyrir höndum, og þó hvad hellst þá, er vidvíkja sáluhjálp vorri. Midt í heim- sins hávada og lystisemda solli, fær mad- ur traudlega ígrundad þad, sem nockru vardar, ad minnsta kosti má því qvída, ad þvílíkt glepji fyrir, og leidi þánkana frá því, sem vér vildum umþenkt hafa. Þar- fyrir, þegar vér viljum tala vid Gud ed- ur renna þaunkunum til vorra umlidinn synda, ellegar búa oss vid dauda vorum, þá egum vér ad flýja þá stadi, sem leida kunna vorn huga frá voru umþenkíngar efni. Hvorki má vanaleg skémtun, né vina vorra umgengni vera oss svo dýr- mæt, ad vér ei slítum oss í burtu, og tök- um oss afvikinn stad, til ad tala í leynum vid vorn Födur. Allrasíst kunna nock- ra hugar-rosemi ad géfa á neydarinnar tíma þeir stadir, á hvorjum vér í gódu dögunum drýgt höfdum fáfengilegar at- hafn-

hafnir; miklu framar vekur þeirra endurminníng hjá oss blygdun og sárt hugarángur; en sérhvørr sá stadur, á hvørjum vér einmana høfdum umgengni haft vid Gud, eda gjørt vora bæn til hans, í sameiníngu vina vorra, elíegar æft nockur gódverk, sá stadurinn verdur oss víst í nauda- edur daudans-tíd ad miklum hugfróa. Þá mun vor bænastadur, þegar vér deyjum, verda vor uppstigníngar-stadur, eins og fjallid Olíveti var sá stadur, hvadan vor Jesús uppsté sídan til himna. O! ad vér mættum einnig nema þá ment af vorum Lausnara, ad lifa rólega og deyja sáluhjálplega! eins sæll og hann fengi hvørr af oss ordid í dauda sínum, ef vér kynnum med sanni ad segja eins og hann: Fadir! eg hefi auglýst þig á jørdu, og fullkomnad þann gjørníng, er þú hefir géfid mér ad gjøra, Jóh. 17. Fyrr géck ei vor Frelsari út í dauda sinn, enn hann hafdi gjørt allt þad, sem hans medalgaungu embætti krafdi af honum, og umhyggja sú, er hann bar fyrir sínum lærisveinum; þá sídustu nótt lífdaga sinna brúkadi hann enn þá til ad advara, undirvísa og hugga þá; og svo hér í viljum vér breyta eptir honum, því óvissari oss er vor dauda-

dagur, því umhyggjusamlegar viljum vér brúka sérhvörn vorra lífdaga, til útéttíngar øllu því góda, er vér orkad fáum. Vér viljum í tíma sorga fyrir voru húsi, fyrir þeim, sem oss eru áhángandi, og fyrir vorri sálu; þá fáum vér eins rólegir gengid á móti vorum dauda og Jesús, og munum þá ecki huglausir verda vid neina þá þjáníngu, sem vér sjáum oss ad høndum koma, miklu heldur munum vér þá hughreysta hina, sem í enum gódu døgunum vóru vor gledi, vora náúnga, vor børn og vora bestu vini, og vera hughraustir á þeim vonda degi. Og hvørsu yfirmáta huggunar-ríkur er þá ecki þessi partur Jesú pínu! þessi vors Lausnara gángur hefir grundvøllinn lagt til allrar þeirrar sælu, sem vér þacka egum hans fridþægjandi pínu; án þessarar hans sjálfviljugu gaungu úti daudann, hefdum vér ordid án bjargar; en þared hann viljugur géck úti sína pínu, megum vér nú vera fullvissir um vora endurlausn. Trúfasti Lausnari! þackir séu þér fyrir þína frívilјugu hlýdni, sem þú sýnt hefir í þinni viljugu gaungu til þíns dauda! þackir séu þér fyrir þá huggun, sem þú þarvid hefir afrekad oss í vorum dauda! æ! vér egum einn-

einneginn einn gáng fyrir hønduum, já bitrann, ørdugann gáng, ígégnum daudans myrka dal, inn fyrir þinn dóm, vér hljótum einnin ad yfirgéfa heiminn, vort jardneska fødurland og alla vora kjæruftu vini; styrktú oss þá þegar þar ad kémur, o Drottinn Jesú! og lát oss svo rólega, glada og hug-góda, sem þú varst, heiminn yfirgéfa, og inngánga til þeirrar eilífu gledi og dírdar, sem þú med þinni himna-før, hefir tilbúid oss hjá þínum fødur.

II. Føstu-Hugvekja.

Jesú sálar-ángist á Olíu-fjallinu. Matth. 26.

Hvílík umbreytíng er hér á ordin! rétt fyrir skømmu var vor Jesús svo gladur og hughraustur, þá hañ géck uppá Olíufjallid, nú verdur hann í einu svo hryggur og tekur til ad skjálfa. Hans sála, sem aldrei fyrr kénnt hafdi nockurs hugar-vøls né qvída, verdur nú í einu vetfángi yfirfallin af ángist og qvøl. Víst hefir þad vera mátt eitthvad sérlegt, sem brugdid fengi hans rólega gédslagi. Skodum Lausnara vorn í hvørju hellst lífsins ásigkomulagi og umbreytíngum, sem hañ var staddur, alltaf finnum vér hann med hinu

 sama

sama rólega sinnis-lagi, sem plagar samfara ad vera hjartans fullkomnasta sakleysi. Eckért fáum vér fundid þad af útvortis orsøkum, sem honum svo mjøg mætti bregda vid, ad þad fengi nidurvarpad honum þannig til jardar; daudans ótti gat þad ecki verid; því mundi hann hrædast sinn dauda, sem hafdi syndlausa náttúru, og þaradauk hafdi þad framyfir alla daudlega, ad hans daudi vard blessan fyrir gjørvallt mannkyn? því mundi sá skélfast fyrir því smánarlegasta og qvalamesta lífláti, fyrir hvørs krapt øll blódvitni og píslar-vottar hugdirfd fengu til ad deyja med glødu støduglyndi? þegar vír sjáum einhvørja manneskju, hvørrar sérhvørn lim tekur óttalegur hrædslu- skjálfti af qvída fyrir daudans adkomu, sem strídir þannig ámóti daudanum í stærstu ángist, þartil kraptarnir þverra, og þessi qvídi margfaldast vid eilífdarinnar ógnanir og þeirra umþenkíngu, þá þarf oss ecki ad undra þad, því sá deyjandi er syndari, hvørjum daudinn, og þar á eptir komandi dómur má efalaust vera ógnarlegur, en Jesús var saklaus, ófleckadur og hreinn af allri synd, hafdi því einskis fordæmingar-dóms af réttlæti Guds ad qvída. Ecki ad sídur

ur hverfur hans hreinu sál allur móður, ecki að síður titra øll hans liðamót, ecki að síður fossar útaf hans gjørvalla líkama blóðugur ángistar-sveiti, ecki að síður finnur hann það, sem enginn dauðlegur nockru sinni hefir jafn-freklega fyrr fundið, þvílíka ángist, sem varpar honum til jarðar, og færir hans líkama nærstum því til grafarinnar; hvørr fær skilið þennann leyndardóm? að sønnu enginn dauðlegur, en ei að síður fær það ógrípanlega í pínu þessari leiðt oss til að skynja orsøkina til Jesú qvala, sannarlega, þessi er dómsins tími, sem koma átti yfir einn og sérhvørn af mannlegu kyni; á þessu ángistar augnabliki, varpaði Drottinn øllum syndum vorum uppá hann, og lét hann einann sæta því straffi eptir strángasta dómi, sem allur heimur fullur syndara verdskuldað hafði. Opnar láu nú fyrir hans alskygna auga, allar yfirtroðslur, sem drýgðar vóru og drýgjast mundu, frá hinni fyrstu Adams synd til þeirra, er af hinum síðustu mønnum drýgjast munu. A honum lá sérhvørs deyjandi dauða ángist, þeirra ótti fyrir dauðanum, grøfinni og dóminum, allar hinar óútmálanlegu qvalir, sem eins syndara uppvakin sam-

vitska fær fundid til, allt þetta lá á honum og niðurþrykti honum til jarðar. O hvilika ángist hefir ei Jesús þolad í þessu ásigkomulagi. Sé það skélfilegt að sjá uppá þegar einum sakamanni er rétt-að fyrir drýgða glæpi sína; sé sú qvøl óút-málanleg, nær þúngi vorra egin synda fellur yfir oss, og Gud straffar oss í sinni bræði, hvørsu óbærileg hlýtur þá ecki að hafa verid Jesú qvøl, þá gjørvalls heim-sins syndir láu á honum, svo sem bjarg, er ei mátti yfirsjá? þarf það þá ad undra oss, þó Jesús titri hér í sinni neyð? þó hon-um hverfi módur, þó hann stríði við dauð-ann og falli niður í duptið fyrir dómar-ans reiði undir þvílíkri ógna byrdi? æ! mig aumann! hvørsu hefði mér farið í míns Medalgángara stað á þessum ángist-ar tímum! þegar hinn allraheilagasti hlýtur að hriggjast, og huglaus verda undir Guds dómi, hvílíkann dauda, hvi-líka ørvýlnun, hvílíka helvítis-ángist hefdi eg þá ecki mátt finna? o! alleina eitt augna-tillit hins styggda Dómara, hefdi mig sundurknosað! ecki nema eitt ord hans strøffunar-dóms, hefdi þurft til að varpa mér niður til helvítis! o! vertú oss bless-adur, þú lambid Guds, sem borið hefir

þá

þá stórkostlegu heimsins synda-byrdi! þú, sem einninn borid hefir vorar syndir! í þinni daudans-ángist, í þínum skjálfta, í þínum blóduga sveita, blessum vér þig, þú fyrir oss sundurknosada og pínda Guds Lamb! en med ótta og skélfíngu þenkjum vér til þín, vér skodum óttafullir þá oútmálanlegu pínu, sem þú lidid hefir fyrir oss; svo stórar eru vorar misgjørdir, svo spillt er vort hjarta. Hvílík vidurstyggd eru vorar syndir fyrir Gudi, ad þú, eilísi Guds Son! værst svo aumkunarlega sleginn og píndur fyrir vorar yfirtrodslur! fáum vér enn nú fengid af oss ad trúa því, ad þad sé einúngis litilsverd sök ad styggja þann almáttuga! æ! oss þánkalausa syndara! hvad opt høfum vér ecki ad undanførnu yfirtrodid Guds løgmál án þess ad hugleida, hvørsu óbærileg byrdi Guds reidi er, og hvørsu sérhvør yfirtrodsla krefur hans skélfilega hegníngar-dóms yfir oss? vér viljum nú láta oss vekja af vorum synda-svefni og leida til eptirþánka: þín ángist, o! Jesú! kénnir oss ad þeckja vorra synda stærd, hvørsu óbærileg sé Guds reidi, og hvørsu strángur hans dómur. Vid sérhvørja tilhnegíngu til syndar, vid sérhvørja yfir-

trodslu þíns lögmáls viljum vér renna þaunkunum til þinnar pínu og skélfast; já! skélfast viljum vér, en ecki örvhylnast; þegar vor uppvaknada samvitska á freistíngar-tímanum setur oss fyrir sjónir fjölda vorra drýgdu misgjörnínga; þegar vér strídum vid ángist og efasemdir; þegar engin huggun fær endurnært vort sundurknosada hjarta; þegar kaldur ángistar-sveiti flýtur yfir vorn gjörvalla líkama, þá jafnvel viljum vér ecki módlausir verda; þín pína á fjallinu Olíveti, skal sannfæra oss um þad, ad Gud vilji ecki í dóm vid oss gánga, og ecki höndla vid oss eptir vorum syndum. Jesú! vor Herra og vor Gud! lofadur vertú fyrir þessa huggun, sem þú med þinni sálar-pínu hefir oss afrekad! svo opt, sem vér grátum vorar syndir, viljum vér prísa þig fyrir þad, ad vér ecki þurfum huggunarlausir ad gráta. Svo opt, sem vorar misgjördir skélfa oss, viljum vér prísa þig, fyrir þad ad vér finna megum rósemi vegna þinnar ángistar. Loksins, þegar oss ad sídustu yfirfellur samvitskunnar ángist, þegar vor sála í daudans strídi berst vid skélfíngu, og qvída fyrir þínum dómi; þegar vér ad lokum standa egum fyrir þínum tróni til ad heyra

heyra vorn dóm, þá viljum vér enn þá þacka þér, ad þú med þinni daudans ángist og med þeim dómi, sem yfir þig géck, hefir styrkt vora sálu og afrekad oss frelsi. Máské á þessu augnabliki, sé á einum edur ødrum einmana stad einhvørr deyjandi, sem í mikilli sálar-ángist leitar nú þíns andlitis; o! Jesú! miskunna þig yfir hans sálu, og láttú hana ecki fortapast! vegna þinnar pínu og þíns dauda vertú honum nádugur, og géf honum þinn frid o Jesú! Amen.

III. Føstu-Hugvekja.

Jesú bæn í Gras-gardinum. Matth. 26.

Midt í þeirri óútmálanlegu qvøl, sem Jesús útstód í Gras-gardinum skín þó klárlega í vorum augum guddómur hans. Hvørsu, sem þúngi Guds reidi er á honum lá nidurþrycktí honum, styrkti hans sála sig þó med obifanlegu trúnadartrausti á sínum himneska Fødur; hvørsu bitur, sem hans pína var, leggur hann sig þó med viljugri hlýdni undir þad, sem áqvardad var ad yfir hañ skyldi koma, og heldur alltaf stødugum þeim sama fúsa vilja, ad taka uppá sig pínu og dauda til mannkynsins endurlausnar. Hans

sál, sem hrigg var til dauda, leitadi nú og fann í bæninni léttir á sinni qvøl; hann bidur: ad sínar þúngu píslir, sem trúlegt var hañ mundi ei útstadid fá, mættu styttast; en svo hjartanlega, sem hann æskti sér nú endurnæríngar, afhendti hann sig þó undir síns Fødurs vilja, hvørn hann sífeldt hafdi sér fyrir augum, og sýndist einúngis þess vegna lánga eptir léttir nockrum, ad hann ødlast mætti enn þá nýja krapta til ad fá afborid píslirnar, sem hañ átti fyrir hondum. Æ! nú sjáum vér, hvørsu biturt þetta ógna stríd hefir ordid honum; alla sína æfi var hann fátækur, ásóktur af mørgum freistíngum, mørgum ofsóknum; allar þessar þjáníngar þoldi hann med stoduglyndi, án þess hann beiddi um, ad þær af sér léttust edur styttust, en hér vard hans manndómlega náttúra of veik til ad útstanda áføllin af svo margs-slags píslum, þvi bidur hann svo ákaflega og ítrekar bæn sína, ad þessi kaleikur mætti þó frá sér víkja, þessi úthlutada písl frá sér takast. Æ! hvørsu megum vér ecki blygdast vid þetta hans dæmi þegar einúngis ein lítilvæg þjáníng mætir oss, hvørsu óþolinmódt og vantrúarfullt verdur þá ei vort hjarta! og ef ad

þad

þad þóknadist Drottni ad leggja á oss þúnga hormúnga-byrdi, hvørsu ólíkir mundum vér þá verda vorum Lausnara! og svo þá ment viljum vér leitast vid ad læra af þér, vor Lausnari! ad lída rólegir og med støduglyndi þjáníngarnar. Æ! med hvørsu styrkri og sonarlegri trú snýr þú þér ecki til þíns Fødurs! hann sýnist ad hafa neitad þér øllum kjærleika, þegar hann í sinni Dómara-reidi lagdi á þig allra syndaranna straff, en þú leggur þig þó ljúfur undir hans vilja med þeim vidqvæma kjærleika, sem uppfyllti þitt gjørvalla hjarta; einnig þá, ávarpar þú hann med því sæta Fødur-nafni, þegar hann, sem Dómari, lét þig finna til þess, hvørsu strángur hann var. Komi nú yfir oss hvør ángist, sem koma vill, vér viljum ecki ørvæntast, vér viljum ecki rángfæra gædsku þinna vega, ecki víkja frá vors Fødurs kjærleika, einnig þá þegar þú høndlar vid oss, sem Dómari og vér fáum ad finna til þinnar þúngu typtandi handar; einnig þá, viljum vér segja: Abba, minn Fadir! og vér megum voga ad segja svo, þared þú hefir afrekad oss rétt til ad kalla Dómarann fødur; en þessi sonarlega trú, vors bidjanda Medalgángara, er sameinud djúp-

djúpustu- audmýkt, og audsveipuustu hlýdni; flatur liggjandi á knjám, á sínu andliti, í jardarinnar-dupti andvarpar hann harmþrúnginn til Guds. En vér þá, sem erum dupt og aska, hvørsu fáum vér nógu djúpt lítillæckad oss fyrir vors Guds hátign? hvørnig fær vort synduga hjarta nægjanlega sundurknosad og audmýkt sig, fyrst hann, sem er allra Drottinn, sá saklausasti allra manna, nidursöckur svo djúpt í niduriægíngunni! æ! gétum vér sjed vorn Jesúm andvarpa svo opt í þvílíkri audmýkt, án þess ad þenkja til vors dofna, kalda og drambsama hjarta? þrisvar snýr hann sér í klögunar bæn til síns födurs; ecki hættir hann ad bidja fyrr enn hans Fadir sýndi sig fúsann til bænheyrslu, og viljum vér þá örvænta strax, þó vér verdum ad hrópa til hans optar enn einusinni fyrrenn vér fáum bænheyrslu? nei, vér viljum vona á hann, vér viljum ecki víkja frá honum; hann mun þó loksins endurnæra vort hjarta med sínni nád, sem vér svo lengi höfdum andvarpad eptir; þvíad, þegar vér höfum med þolinmædi í neydinni hrópad til hans um stund, mun vor Fadir loksins heyra vora grátbeidni; hann mun

upp-

uppvekja oss vin, sem taki oss ad sér, ell-
egar ad minnsta kosti senda oss Engil á
vorri dauda-stundu, sem flytja mun sálu
vora í himneska sælu; máské vér verdum
svo luckusælir, eckért ad finna til þeirr-
ar samvitsku - ángistar, þeirrar sorg-
ar, þeirrar qvalar, sem nidurþryckir á-
stundum jafnvel styrkvastann kristinn.
En hvørr veit nema tíminn sé nálægri
enn vér hyggjum, sá skélfilegi tími, þá vér
nockud skulum smacka af þeim bitra ka-
leik, sem vor Jesús hefir fyrir oss eld-
úngis í botn útdruckid, og kann þad ecki
ad bera til á vorri sóttar-sæng, ad vor
lengi svæfda samvitska vakni, og vorar
drýgdu syndir leggist á oss, sem bjarg?
géta þá ecki þúsund atvik adborid í hvør-
jum vér huggunar-, ráds- og hjálpar-lausir
vanmegnast hljótum undir vorum þján-
íngum? þá munum vér fá ad þeckja, hvørsu
þarflegt þad sé, í gódu dogunum, ad búa
sig undir ángistarinnar-tíma, og í luckuñi
ad leita þess Herra, frá hvørjum madur
í óluckunni óskar sér huggunar. Þá münn-
um vér vidurkénna, ad þad hjarta, sem
snéri sér til Guds, og féck fullvissu um
hans kjærleika, hefir besta endurnæríngu
undir þjáníngunum. Vér viljum þá læra

þá

þá ment af vorum Endurlausnara, ad vera hughraustir, þó jafnvel adkomi þau óþægileguſtu tilfelli; bænin og ſú rósama umgengni med Gudi, ſkal vera vor dagleg æfíng, og þó oſs verdi þá borinn einn þjáninga-kaleikur, fyrir hvörs beiſkju vor náttúra titrar, viljum vér taka á móti honum af vors Födurs höndum, med rolegri audſveipni, og ſegja med vorum Frelſara: ſkyldi eg ecki drecka þann kaleik, ſem minn fadir hefir mér géfid; já, Fadir! eg vil drecka hann; ecki minn, heldur verdi þinn vilji!

IV. Föſtu-Hugvekja.

Jeſú adferd vid læriſveinana í hans ſálar-ángiſt. Marc. 14, 37 — 42.

Alla vegu er Jeſús þjádur af ángiſt og pínu; hjartad ſkélfur í brjóſti hans; Dómarinn reidur er uppyfir honum; í kríngum hañ eru fáir veikir og huglauſir vinir; ſérhvört af þeſſu mátti þegar ſvipt hafa hvörn einn, jafnvel þañ hugdjarfaſta öllum mód, en vor Medalgángari ſýndi ſig hvervetna, ſem hetju; hjartans ángiſt og ótta ſigradi hann med þolinmædi og óbifanlegu trúnadar-trauſti á ſínum Födur. Á móti Dómarans ſtránga

áfelli

áfelli setti hann sakleysi sitt, sína viljugu hlýdni og innilegu bæn, en sínum veiku lærisveinum sýnir hann umburdarlyndi og kjærleika. Látum oss þá í rósemi hugleida þá sídustu røksemd, sem vér finnum í Gras-gardinum uppá hans vidqvæmu hjarta-gædsku. Hvílíkann andans og hjartans mikilleik sýnir Jesús ecki midt undir tilfinníngu hinna bitrustu sálar-þjáninga. Undir hvílíkum harmqvæla þúnga, hefdi þad ecki undur verid, þó ad hann einasta þenkt hefdi til sjálfs síns, en látid um vini sína verda hvad vildi, en hann elskadi sína til enda; og svo á þeim tíma, þá allir hans þánkar voru snúnir til Guds, þenkti hann til sinna lærisveina, hann þenkti med svo vidqvæmri-elsku til þeirra, ad vér megum falla yfir því í forundrun. Svo veika, sem þeir høfdu sýnt sig undir freistíngunum, svo hætti hann þo ecki kjærlega ad minna þá á skyldu sína, ad bera fyrir þeim umhyggju, og hafa þolinmædi yfir þeirra veikleika. Jesús hafdi nú útstadid þad fyrsta ørduga stríd, ørþreyttur ordinn af svo margs-slags qvøl géck hann til sinna lærisveina, sem hañ svo ástúdlega bedid hafdi ad vaka hjá sér, og bidja med sér, en hann fann þá sofandi.

Í annad sinn var hann genginn nockur fótmál burt frá þeim, tilþess á ný ad gánga útí strídid. Hañ skélfur, hañ strídir vid daudann, hann hrópar til síns Födurs med sárustu qvörtum og breñandi tárum. Hálf-daudur snýr hann til baka til vina sinna, og sjá! þeir sofa, þeir vóru svo syfjadir, ad þeir vissu ecki hvörju þeir svörudu honum. Í þridja sinni gengur Jesús fram á stríds-plátsid til ad drecka þad eptir var þess bitra qvalanna kaleiks; og þá hann aptur fann sína lærisveina í djúpum svefni, vekur hann þá og segir: o! viljid þér nú sofa og hvílast? gat nú Jesús med meiru umburdar-lyndi, med meiri ástúd farid med sína lærisveina? þeirra ítrekudu yfirsjónir þreyttu hann ecki, þeirra yfrid stóra leti gjördi hann ecki reidann. Í stadinn þess ad tilkynna þeim þeirra adgætslu- og umhyggju-leysi med þeim bitrustu bríxl-yrdum, géfur hann þeim þær ástudlegustu advaranir, og sýnir vid þá undrunarverda þolinmædi. Hvad ólíkir erum vér þér, vor Lausnari! hér í. Tídum höfum vér þess varir ordid, ad þjáninganna þúngi vakti oss til óþolinmædi, og hvad brádlega gleymdum vér ei í þreyngíngunum gódsemi og kjærleiks-

keiks-skyldum vid vora medbrædur; því lengur, sem vorar þjáníngar vidvara, því møglunarsamari og styrdgédjari pløgum vér ad verda, því strángar dæmum vér vina vorra miñstu yfirsjónir, því óánægdari verdum vér med allt þad í kríngum oss er; ad minnsta kosti meinum vér ad ega sjálfskilid af þeim umburdarlyndi, þó vér í eymdum staddir hugsum ei um adra enn sjálfa oss. Og skyldum vér þó ecki miklu framar sýna þessar kærleikans skyldur brædrum vorum, þá þú, vor Lausnari! ber svo mikla þolinmædi med oss í øllum vorum breiskleika, og ecki burtkastar oss frá þínu augliti, þó oss hvad eptir annad yfirsjáist? æ! hvad opt blandar sér ecki leti og hálf-velgja í vora gudsdýrkun? hvørsu tídum erum vér ecki tilfinníngarlausir og kald-gédja vid íhugun þiñar pínu? hvørsu opt sýsjar oss ecki, nær holdid freistar vor? og hvad vildi þá af oss verda, ef ad þú ysirgæfir oss í eymdunum? æ! vér vidurkénnum þad, vor Frelsari! þad er þín nád, sem enn nú vidheldur oss, sem endurnærir, og svo krøptuglega styrkir oss, sem med svo styrkri hønd kippti oss svo opt til baka frá fordjørfunarinnar afgrunni í hvørt vér í vorum synda-svefni nær því

 vór-

vórum fallnir. Æ! hættú ecki, vor blessadi Endurlausnari! ad vaka yfir oss veikum, ad líta med miskunsömu lánglundargédi til vor aumra, og uppvekja oss af vorum dofinleika svefni! aldrei, aldrei nockurntíma rádi vort egid hjarta svo fyrir oss, ad vér géfum voru holdi tauminn. Sífeldt erum vér í mestu hættu staddir ad forgánga undir freistíngunum, ef þú snýr þínu auga, og þinni miskun frá oss. Vér felum oss á hendur þinni styrkjandi nád, á freistínganna tíma. Hvørsu audveldlega kunnum vér í umgengni med heiminum freistadir ad verda til synda, en vér vitum þó ecki hvada freistíngar, oss á sérhvørjum degi búnar eru. Í øruggu trúnadar-trausti til þín, vor Gud og Frelsari! viljum vér útgánga í heiminn og aldrei sleppa þér frá augum vorum, hvad sem adkémur. Og ef vér sjáum nockra af brædrum vorum og vinum ega ad strída vid þúngar freistíngar, þá viljum vér, þad framast oss er møgulegt, leitast vid ad létta undir þeirra stríd; en séum vér ecki þess megnugir, viljum vér þó bidja fyrir þeim, hughreysta og hugga þá; styrktú oss þar til, vor Frelsari! med þinni almegnandi nád!

V. Føstu-

V. Føstu-Hugvekja.

Svikarans Júdasar koma í Gras-gardinn.
Matth. 26.

Varla var sá blódugi sveiti þornadur af Jesú andliti, varla hafdi hann fundid minnstu svölun qvala þeirra, sem á honum láu, fyrr enn nýtt áfall neyddi hann til ad sýna nýjann hetju-mód. Á medan hann eñ þá var ad hughreysta sína veiku vini, adkom þad augnablik, á hvørju sjálfur hann þurfti vid nýrrar hugstyrkíngar. Þad sárasta, sem Jesú svo mæddum gat nú mætt, var þad, ad sjá Júdas sinn eginn lærisvein koma, sem oddvita í óvina-flocki, til ad for-ráda hann, sinn Herra og Meistara í þeirra blódþyrstu Gydínga hendur. Hvílíkir sorgar-þánkar er ecki náttúrlegt ad í Jesu sálu nú vaknad hafi, þegar hann sá sinn vin og lærisvein gjørast sinn svikara! hvørsu munu ecki fjør-rád þessi af sínum egin lærisvein hafa svidid hjarta hans, þessu vidqvæma, mañ-elskandi hjarta, hvørju svo nærri géck sérhvør vina sinna, jafnvel minnsta yfirsjón? med hvørsu medaumkunarsömu auga mun nú ecki Jesús hafa litid til Júdasar? æ! gatstú þá, Júdas! sjed daudans

 áng-

ángiſtina afmálada á Jeſú ná-bleika andliti, ſem ſveitt var enn þá þeim blóduga ſveita, án þeſs ad ſkélfaſt? féckſtú þá af þér enn þá ad auka qvalir hans? gatſtú litid augum til þíns ſaklauſa Meiſtara, án þeſs ad láta þig binda í hans ſtad? gatſtú ſjed hans andlits útlit, í hvörju ſtód afmálad hans guddómlega ſakleyſi og hin rólegaſta hugprýdi, án þeſs ad verda var hjá þér pínandi ſamvitſku-nøgunar? gatſtú þaññ inn nálægſt þinn Herra, án þeſs ad falla vid ſérhvört fótmálid, til jardar? gatſtú ....o! þú gatſt drýgt allt, eptir ad þú eitt ſinn afhendt hafdir herradæmid yfir ſálu þinni þeim ſkammarleguſtu laſtanna tilhnegíngum. Þín ſamvitſka var ſofandi, þitt hjarta forherdt og øll rádvendnis tilfinníng af áſettu undirþryckt. Med ſtærſta vidbjód, virdum vér fyrir oſs þeññ ann ſvikara. Þannig hefdum vér aldrei hagad oſs, hugſum vér, aldrei hefdum vér ſvo ſkammarlega høndlad vid vorn velgjørara, vorn frædara og vorn vin; aldrei ſkyldum vér hafa forrádid Jeſúm; en.... þeckjum vér þá ogſvo rétt grant vort egid hjarta? þorum vér ad trúa voru egin vitni og tilfinníngu um rádvendni vora? þó ad vér ecki hefdum drýgt þvílíkann glæp, kunn-

kunnum vér samt ad gjøra oss hluttakandi í vidlíku vondsku verki svo minna áberi. Er ecki voru hjarta þannig varid, ad þad elskar tídum skin-gædi í stad þess sanna góda, og hvad skammt egum vér þá til ad drýgja Júdasar synd. Trúa viljum vér ad sønnu samvitsku vitnisburdi vorum til þess, ad vér hefdum traudlega framid slíkann glæp, sem Júdas framdi; en vér gétum uppá margann máta ordid Júdasar líkar. Mjøg tídum látum vér oss locka til þess ad verda ótrúir vorum Lausnara, og hvad skédur, þegar vér fyrir góðra daga edur heimsins vináttu sakir, fleckum oss med viljandi syndum, nidurþøggum samvitskunnar advaranir og afneitum rádvendni? for-rádum vér ecki Jesúm, þegar vér syndgum undir gudhrædslu-skini? for-rádum vér écki Jesúm, þegar vér leitunst vid ad skada vini hans, undir vinsemdar- og kjærleiks-verka-útliti? for-rádum vér ei Jesúm, þá vér oktum hans lærdóm og pínu lítils, edur sameinum oss spotturum þeim, er vanvirda hans Evangelíum? for-rádum vér ecki Jesúm, þá vér leidum adra til ad verda ótrúa og meinsæra vid Gud og hann. Framar viljum vér nú ecki áklaga Júdas, nei!

nei! sjálfa oss viljum vér áklaga. O! vér berum eiñig svikult for-rádandi hjarta í voru brjósti. Ecki nema nockur fá fótmál høfum vér ófarin fram á lastanna vegi til ad fá nád Jesú svikara gudleysi. Vér viljum því láta Júdasar dæmi þéna oss til vidvørunar, og umflýja vareygdarsamlega sérhvørt tækifæri, sem vorri sálu mætti fárlegt vera. Aldrei skal kjærleiki til þess jardneska festa svo djúpar rætur í vorri sálu, ad vér fyrir þess sakir gleymum vorri trú, samvitsku og sáluhjálp. En ‥‥ vernda þú oss sjálfur best, vorrar trúar byrjari og fullkomnari! frá því ad yfirgéfa þig nockurntíma, en adhyllast þína kross-óvini; fyrirgéf oss þad, ef vér høfum híngad til gleymt þér, og misbrúkad þína nád, einnegiñ fyrir vort óstøduga og ótrúa hjarta hefir þú forlíkad, vertú oss þar fyrir nádugur, og burtkasta oss þó ecki frá þínu augliti!

VI. Føstu-Hugvekja.

Jesús synir almætti sitt. Jóh. 18.

Híngad til høfum vér Jesúm fyrir augum haft í sínum mesta vanmætti, undirþrycktann af øllum þeim píslum, er hann

hann þola hlaut, sem mannkynsins borgunar-madur. En nú fánni vér sied nockurn geisla hans guddómlegu hátignar, vér sjáum hann, sem hinn sterka Gud, er ecki þarf nema ad tala eitt ord, þegar hans óvinir skulu til grunna gánga; stór flockur hans óvina kémur med grimdar-fullum stríds-útbúníngi í Aldin-gardiñ, hvar Jesús var, til ad leita hans. Jesús geingur fram og adspyr þá: ad hvörjum leitid þér? og þá þeir svara, ad Jesú af Nazareth, svarar hann þeim med hugprúdum djarfleika: eg er þad; en vid þetta ord hørfar þessi óbljúgi, þessi alvopnadi skari til baka, og fellur til jardar. Hér fáum vér ad þeckja þig á ný, vor Lausnari! í þiñi guddómlegu hátign. Skømmu ádur, þegar þú á fjallinu Olíveti varst til jardar nidurþryktur undir Guds reidi byrdi, þegar þú skalfst þar og titradir, þá spurdum vér sjálfa oss í huganum: er þessi sá sterki Gud? er þad sá Herra, sem géfur øllum sképnum anda, líf og styrkleika? er þad hann, vid hvørs reidi-tillit allar skapadar sképnur mega forgánga, og sérhvørr syndari verda huglaus? já! þú ert þad! þetta krapta-verk sýnir almætti þad, sem í þér bjó. Hvílíkann sigur vannstú nú

 ecki

ecki á þínum fjandmönnum! þeir nálæg-
jast þig og þinn litla verjulausa hóp, stól-
andi með oflæti uppá sína makt, uppá sin
lids-fjølda, uppá sín vopn; vissir um sig-
urinn gledjast þeir þegar í vondsku sinni
yfir því, ad hafa svo svíksamlega yfirfallid
þig, og víds vegar dreift vinum þínum.
En hvørsu gjørdir þú ecki þeirra rádslag
til skammar; eitt ord af þínum munni
fellir þá, og þar liggja þessir stolltu sjálf-
byrgíngar, líka sem væru þeir af þrumu-
slagi til jardar nidurvarpadir, og máttu
þó vænta sér lífs á ný af þinni náð. Já!
þad var vors Jesú náð, ad þeir vid hans
ord urdu einúngis skélfdir en ecki skadadir,
einúngis felldir til jardar, en ecki eydilagd-
ir; hann sýndi þeim hvad hann gæti gjørt,
ef hann vildi høndla vid þá eptir makt
sinni, en þeir blygduðust hvørki vid makt
hans, né hrærdust vid hans gædsku. Od-
ar enn þeim var megn géfid til ad standa
á fætur aptur, byrjudu þeir á ný sitt svík-
sama fyritæki. Svíkarinn, sem ecki lét
sér aptra vid þad, sem hann sjálfur vænt-
anlega mátti var verda vid, ásamt hinum,
er hlut-takarar vóru med honum í sama
vondsku-verki, nálægdi sig Jesú til ad
kyssa hann, og géfa þar med fylgjurum
sín-

sínum til kynna, ad nú væri tími til ad grípa hann, og í því sama þustu þeir ad, og lögdu hendur á Jesúm. Þessir Jesú óvinir, eru lifandi afmálun allra Jesú og hans nádar-foraktara; hvad opt leggur ecki Gud óvini sína í sóttar-sængina, edur nidurvarpar þeim og lægir mód þeirra vid önnur tilfelli? hvörsu tídt leidir hañ þá ecki rétt fram á grafar-backann, til ad fá þá vakta af sínum svefn-værdum vid dómsins og eilífdarinnar skélfíngar? en hvörsu sjaldan ávinnur hañ þad, sem hañ ætlar til? varla eru þeir komnir til heilsunnar, varla hafa þeir stígid heilum fæti á jörd aptur, fyrrenn þeir halda áfram í sínni fyrri vondskn. Þjófurinn brúkar þá krapta, sem honum á ný vóru géfnir, til ad svíkja adra og pretta; hiñ lausláti heldur áfram í sínum villudýrs girndum; mordínginn og mannhatarinn endurnýja sína fjandskapar áreitni; sá andvaralausi úteys sínum gömlu eidum og blóti á móti Gudi og mönnum; en hvílíka orsök hafid þér ecki, sem þannig farid ad rádi ydar, til ad skélfast yfir sjálfum ydur; ef þér haldid áfram ad gánga eptir ydar óumvendta hjarta, hvílík qvöl og ángist mun þá ecki eitt sinn yfirfalla ydur, þegar Drottinn

kémur med miklum krapti og dírd? ef hans óvinir máttu lída nidur vid þad, ad eitt einasta ord útgéck af hans munni, nú í hans djúpustu nidurlægíngu, hvad meinid þér þá af ydur verda muni, þegar hann birtist, sem dómari! o! hvørsu ógnarlegt mun ydar fall verda, þá hans grimdarrødd talar til ydar: eg er sá, sem þér hafid spottad og foraktad; eg er sá, sem þér svo ílla hafid høndlad vid, þá þér misþirmdum mínum trúndu; eg er sá, sem þér hafid krossfest med ydar syndum, farid frá mér allir þér, sem ílla breytt hafid! en fyrir oss, sem trúum á Jesúm, er nærsta huggunar-rikt ad hugleida Jesú adferd vid sína lærisveina, og hans kjæru umhyggju fyrir þeirra velferd. Þeir vóru nú í mestu lífshættu staddir, því ecki var annars von, enn óvinir þeirra mundu ætla sér ad taka þá einninn til fánga, til þess þeir í einu fengju útrudt bædi frumqvødli þessa lærdóms, er þeim var svo hatadur, og øllum hinum, er til hans høfdu hnigid. En Jesús tók sína hjálparlausu vini í sína vernd, hann sá, ad þessir sér ástfólgnu mundu ei hugdirfd hafa til ad gánga í daudann med sér; hann vissi hvad á því reid, ad þeir lifdu eptir hann látinn, þar þeir vera skyldu vitni

vitni hans upprisu; þessvegna frelsadi hann þá úr þeim lífsháska, sem þeim var búinn, en sjálfur frambýdur hann, hugprúdur og med hetju-mód, hendur sínar til ad bindast, líkama sinn til þeirra grimmilegu medferdar, og líf sitt í daudann. O! hvørsu mikill, hvørsu óumrædilegur kjærleiki! hvørsu finnum vér hjarta voru léttir, þegar vér hugleidum þetta, og tileinkum oss þær hugganir, sem vér í sérhvørjum lífsins tilfellum megum draga hér af! nú kunnum vér vera óqvídnir, hvørsu margir óvinir, sem setja sig med allri makt sinni á móti oss, þó oss séu búnar óttalegustu háskasemdir, í hvørjum vér mættum forgánga, því Drottinn er vor styrkur og vor hjálp, í sérhvørri neyd, sem oss mæta má; vér høfum, á umlidinni æfi vorri, reynt þad tídum, hvørsu máttugur vor Frelsari er til ad hjálpa, jafnvel þá þegar oss sýndist øll hjálprædis-von þrotin, eilíflega viljum vér því á hann vona; allatíma mun hann vel vid oss gjøra; en kañské einhvørjar adrar sorgir megi olla oss órósemi; máské vér qvídum barna vorra óførum; máské vinir vorir séu í eymdum staddir; máské Jesú kirkju þreyngíngar og árásir olli oss ángursamra þánka; ecki

vil-

viljum vér vid neitt þvílíkt láta vorn hug-
móð hverfa; vorra vanda-manna sak-
leysi og lucku-kjør mun Drottinn taka í
sína varatekt; sitt ord, sína limi og sína
gjørvalla kirkju mun hann vardveita á
moti ølln óvina yfirfalli. Ef ad hann
gat í sinni nidurlægíngu bodid sínum of-
sóknar-mønnum ad láta sína lærisveina ó-
hrærda, o! þá mun hann miklu framar
nú, þegar hann upphafinn er yfir alla
himna, fá gjort sinna óvina ráð til skamm-
ar. Guds stadur mun rólegur blífa med
sínum borgurum, því Drottinn er innan
múranna, þarfyrir mun hann vel blífa.
Hans óvinir hljóta ad verda huglausir,
og allir sterkir mega falla, þá hann lætur
sig heyra, Drottinn Zebaoth er med oss;
Hallelújah!

VII. Føstu-Hugvekja.

Jesú fríviljuga afhending í óvina hendur.
Jóh. 18.

Einhvørr hinn huggunar-ríkasti og
mikilvægasti sannleiki, sem Jesú
Píníngar-historía kénnir oss, er sá, ad vér
megum vera þess fulltrúa, ad Jesús frí-
viljuglega gékk út í sína pínu. Hefdi hans
pína

pína einúngis uppákomid af náttúrlegum orsøkum, máttum vér sífeldt vera í efa um þad, hvørt vor fridþægíng vid Gud, hefdi med hans pínu ordid afrekud; en gjørvøll Jesú Píníngar-historía, géfur oss órækt rok fyrir því, ad allt hvad hann leid, hafi hann lidid fríviljugur, og eptir fyrifram áqvordndu rádi; til ad sannfærast um þenn-ann fríann og fúsann vilja hans, þarf ein-úngis ad skoda, hvørsu fúslega hann flýtir sér til daudans; hann gat varnad því, ad óvinir hans, sem vid hans eina ord féllu til jardar, á ný uppstædu, og leggdu hend-ur á hann; hann gat útbúid þennann litla hóp vina sinna med guddómlegum krapti og látid þá eydileggja óvini sína. Ecki nema eitt ord hefdi þad kostad hann, ad láta Engla-fylkíngar framkoma, sem med ósýnilegri makt haldid hefdu hans óvin-um til baka; hvørsu audveldlega gat ecki Náttúrunnar-herra brúkad allar høfud-skepnurnar til sinna hefndar-verkfæra! en hvad þurfti hann annara hjálpar vid! hans egid í honum búandi almætti med hvørju hann sigradi fjølda óhreinna anda, med hvørju hann leiddi þá daudu til lífs-sins, med hvørju hann svo opt gjørdi ad engu sinna mótstandara slærdar-hrecki, og ráð-

rádslaganir, þetta sitt guddómlega almætti gat hann einnig nú brúkad til ad gjøra sinna mordíngja vondsku til skammar. Ad hans bodi hefdi jørdin opnad sig, og uppsvelgt þennann vondsku-fulla samsvarna flock; ad hans bodi, hefdi eldur af himnum fallid og fortært þeim; já! hans eintóma augna-tillit hefdi gétad gjørt þessa vogunar-djørfu ad engu; en hann brúkar nú ecki þessi medøl til frelsis sér, þad fór svo fjærri, ad þegar lærisveinar hans vildu taka til varnar med vopnum, þegar Pétur jafnvel sært hafdi einn í óvina-flocknum, þá bannadi hann honum þessa vørn, og læknadi hann særda þénara. Øll adferd hans, þá hann var til fánga tekinn, sýnir fúsañ vilja hans, til ad offra sér sjálfum til frelsis heiminum. Skal eg ecki drecka þann kaleik, segir hañ, sem miñ Fadir hefir mér géfid! og hvørsu bitur og fullt-mældur var ecki kaleikur sá, sem hans fadir hafdi honum útmældann, en þó var hann viljugur til ad drecka hañ! já, hans ómælanlegi kjærleiki til þeirra ólucknlegu Adams nidja var svo sterkur, ad hann beiddi um þenna bitra kaleik; hañ vildi ecki láta þirma sér, hann vildi ecki hafa gledi, heldur lída, hann vildi verda

daud-

daudans offur fyrir mannkynid; hvílík hugprýdi! hvílíkur mannkjærleiki! lofadur veri Gud! nú þurfum vér ecki ad örvýlnast vegna vorra synda, þá samvitskan skélfir oss fyrir Dómarans áfallandi reidi, fríviljuglega hefir vor Jesús lagt sig undir þad straff, sem vér lída áttum, viljugur hefir hann svosem af Gudi áqvardad forlíkunar-offur, látid sér vorar syndir tilreikna. Med fríum og fúsum ásetníngi géck hann sínum dauda á móti, og undirgéckst allt þad, sem útkrafdist til mañanna endurlausnar. Þó ad vér hefdum aldrei nockur önnur, edur sterkari rök, fyrir réttlætíngu vorri, þá mættu þó þessar röksemdir géta styrkt oss í trúnni á þañ krossfesta; vér erum þá forlíktir vid Gud, þvíad vor Jesús leid viljugur í vorn stad; med svo fúsum vilja tók Jesús uppá sig þær bitru þjáníngar; en því erum vér þá ecki einnig sinnadir eins og Jesús var, þegar lítilfjörlegar þreyngíngar bera oss ad höndum? því tökum vér oss ecki uppá allteins fríviljugir og þolinmódir Jesú kross? því berum vér ecki med sama setníngi og stöduglyndi þjáníngarnar? hvad vantar ecki á þad, þegar vér möglandi og naudugir tökum á móti þeim mótlætíngum,

sem vér fáum ecki hjákomist. Jafnvel lítilsverd, ógèdfeld tilfelli uppfylla hjarta vort ángist og óánægju. Ef vér líktunst Jesú, þá høgudum vér oss ad øllu ødruvísi; undir byrdi hinna þýngstu mótlætínga, sem oss á herdar legdust, mundum vér þá segja: skal eg ecki drecka þann kaleik, sem minn fadir hefir mér gèfid! Þegar Gud hyrtir oss sem hardast, mundum vér þá ei íhuga þad, ad þad er fødur-hønd Guds, sem leggur á oss hyrtínguna, sem, hvørsu þúng hún jafnvel vera kynni, er þó eins og eckért ad reikna á móti því, sem vor Jesús lída mátti. Hvør hellst þjáníng, sem oss er útmæld, er þó í raun réttri ecki þúngbær, þared hún varir ecki lengi, og má því ei kallast verd þeirrar dírdar, sem vid oss skal opinberast. O! Jesú! gèf oss svo fúsann vilja, sem þú hafdir, til ad leggja oss undir hvørs-slags eymdir, sem adkoma kuña, og styrktú oss til ad bera þær; þad hlýtur þó ad gánga oss, eins og þinn vilji hefir áqvardad; vér egum kannské fyrir høndum enn þá, og megum vænta þess svo lengi vér lifum hér, ad reynast í mótlætínganna skóla. Þegar þarfyrir nockud motdrægt mætir oss, á vorri pílagríms-ferd, viljum vér med trúudu og aud-

audmjúku hjarta segja: veri þad svo, vér viljum lída þad, Drottins hægri hönd, kann öllu um ad breyta; loksins megum vér þess fulltrúa vænta, ad vér munum, eins og Jesús, frelsast frá öllu vondu, og inngánga í þad hvíldar- og eilífrar rósemd-arríki, hvar Gud mun oss endurnæra, eptir allar útstadnar mótlætíngar þessa lífs.

VIII. Föstu-Hugvekja.

Jesús forlátinn af sínum lærisveinum. Marc. 14.

Hvad heyrum vér! lærisveinarnir forláta Jesúm, og flýja nú frá honum! þeir, sem fyrir fáum tímum höfdu svarid, ad þeir reidubúnir væru ad gánga í daudann med sínum Meistara! hvörnig bar þad til, ad þeir svo snögglega gleymdu sínum dýru heityrdum? hvörsu fengu þeir svo brádum sinna-skipti, og létu hug-dirfd fyrir hugleysi, krapta fyrir veikleika, kjærleika fyrir kaldsinni? líklegt mátti þykja, ad þessir einustu vinirnir, sem Jesús átti á jördunni, mundu gæta í því skyldu sinnar og þacklætis vid hann, ad létta hvad þeir gátu undir hans margföldu þjáníngar, ad minnsta kosti verid ná-

nálægir, sjónar-vottar að píslum hans, því eckért meira krafdi Jesús af þeim; þeir áttu ecki að líða sjálfir, heldur einúngis sjá hvað hann leið; þeir áttu ecki að deyja með honum, heldur einúngis fyrir hans krossins dauda, gjøraft hæfilegir til að verda hans kross-prédikarar. Ef að vér hefdum verið í þeirra stað, hvað mundum vér ecki hafa gjört fyrir vorn Meistara? vér vildum hafa þurkað hvørt tárið af kinnum hans, og huggað hans sorgmædda hjarta; nei! aldrei skyldum vér hafa forlátið hann; vér skyldum hafa fylgt honum frá Gras-gardinum til þínghússins, frá þínghúsinu til Golgatha, já! keppst eptir þeirri æru að bera hans kross eptir honum í Símons stað, og máské, að vér hefdum gengið í daudann með honum. Þannig þenkjum nú vér, þá vér álengdar skodum í huga vorum Jesú pínu, en ... mundum vér hafa verið hugdjarfari, enn Jesú lærisveinar, hefdum vér sjeð uppá pínu hans, eins nálægir og þeir vóru; mundum vér hafa verið hugadri enn þeir vóru, þá allt það þeir sáu afmálaði þeim opinn daudann fyrir augunum. Vér ímindum oss tíðum daudann, sem yfrið léttann þá vér erum heilbrygdir, og mein-

meinum oss enn þá lángt eiga til grafar-
innar. En mumum vér verda vid sama
hugarfar, þegar vér erum ad henni komn-
ir, edur hættulegur sjúkdómur gëfur oss
ad skilja, ad vér egum skammt ad henni ó-
farid? þannig sjáum vér, ad Jesú lærisvein-
ar møttu þad fyrifram lítilsverdt og sig
fullstyrkva til ad gánga í daudann med
honum; þeir ígrunndudu hvørki, þá þeir
fám døgum ádur hétu honum því, hvørsu
bitrar hans qvalir verda mundu, né hvad
veikir þeir sjálfir vóru, til ad standast þær
píslir, sem honum vóru búnar. Pad of-
dirfsku traust, sem þeir høfdu á egin krøpt-
um sínum, blindadi svo þeirra hjørtu, ad
þeir gættu ecki síns vanmáttar, síns hug-
leysis né andvaraleysis; og þetta er sama
ástandid, hvari vér erum staddir. Nú
erum vér nógu djarfir til ad heita øllu, en
hvad litid verdur ecki úr oss, til ad halda
þad, þegar á skal reyna. O! allt of-
margir af vorum med-kristnum hafa sann-
arlega sama ásetníng, sem vér meinum
oss nú ad hafa; stólandi uppá sína egin
krapta, voga þeir sér úti þann freistínga-
fulla heim. Peir hugleida ecki, hvørsu
audveldlega til-lockanir og af-vegaleidsl-
ur fá nýunu ennú sigur unnid yfir þeirra
E 2 hjørt-

hjørtum, og tídum alltof seint, þá þeir eru fallnir, fá þeir það fyrst þeckt, hvørsu veikir, fordjarfadir og laus-gédja þeir eru. O! vor Frelsari! gjarnan viljum vér vidurkénna það, vort hjarta er bædi dárlegt og duglaust. Audveldlega fær það skéd, ad vér yfirgéfum þig og gleymum þeim trúskap, sem vér höfum svarid þér; hvad mundi af oss verda, ef þú krefdir af oss ad taka hlutdeild í þinni pínu. Munum vér þá verda nógu viljugir og sterkir til ad fylgja þér á eptir, þá gylda ætti ad bera á eptir þér krossins þúngu byrdi? hvad mundi ské ef þínir kross óvinir hæddu þig, ad oss nærvérandi í gledi samqvæmum? mundum vér þá hafa hugdirfd nóga til ad vidurkénna þig opinberlega, og verda þér óumbreytanlega trúir? hvad mundi ské, ef ad ríkdómur, metord og lystisemdir á eina sídu lockudu oss, en fátækt, vanvirda og píslir á hina sídina ógnudu oss? ættum vér nú til hinnar lucku ad vinna, ef vér forlétum Jesúm, en hljóta þessa ólucku, þá vér vildum vera honum trúir? hvad mundum vér gjøra, værum vér þannig staddir? mundum vér verda svo edalþenkjandi, sem Móses, ad vitni Páls, (Ebr. 11, 26.), ad halda Kristi vanvirdu fyrir stærri ríkdóm

enn heimsins audæfi? hvad mundi ské, ef vér mæta ættum lángvarandi harmqvælum? mundum vér þá aldrei efast um Guds vernd, edur leita annarstadar huggunar enn hjá honum? æ! hvad mikla orsök höfum vér ecki til ad hrædast vort egid hjarta! Þad gétur skéd med óteljanlegu móti, ad vér verdum Jesú eins ótrúir og hans lærisveinar, og ef vér rotum í þá ólucku ad verda óstødugir í Jesú kjærleika, þá erum vér staddir í stærstu hættu; því ef vér eittsinn høfum gleymt honum, þá má þad audveldlega adbera, ad vér þá, þó vér forrádum hann ecki af ásettu rádi, þó samt af hugleysi og hálfvelgju afneitum honum, og ad miñsta kosti gleymum honum vegna lauslyndis. Hvar viljum vér þá finna frelsi vorum sálum, endurnæríngu undir þjáníngunum, rósemi fyrir samvitskuñar nøgun, djørfúng í bæninni, huggun í daudanum og fríun í dóminum? Dýrmæti Lausnari! verndadu oss med þiñi nád frá þessari óumrædilega stóru ólucku. Vidhaldtú oss í þínum kjærleika, og lát oss aldrei af ásetníngi missa hann, hvorki í hinum vondu né gódu døgunum. Vilji vort óstøduga hjarta snúast frá þér, þá virdstú, almáttugi Jesú! ad halda oss vid

 þig

þig stødugum, og styrkja oss med þínum volduga armlegg. Láttú hvorki lucku né ólucku, hvorki manna-ótta né manna-gunst, hvorki drambsemi né dugleysi, hvorki dauda né líf, nockurn tíma skilja oss vid þig. Skyldi vort hjarta verda máttfarid, og vort hold vanmegnast í strídinu, æ! svo styrktú og upplífgadú oss med voninni um þá kórónu, sem þú hefir heitid þínum trúu eptirfylgjurum. Herra Jesú! vér lofum því, aldrei ad yfirgéfa þig! vér endurnýjum þann eid, sem vér í skírninni høfum gjørt, og lofum þér því, vegna þess oútmálanlega kiærleika, sem þú hefir audsýnt oss, vegna þinna bitru qvala, vegna þíns dauda á krossinum, af einlægu hjarta lofum vér þér því, ad vera þér obrygdanlega trúir hédanaf til æfiloka.

IX. Føstu-Hugvekja.

Guds áqvardada rád um Jesú dauda. Jóh. 18.

Af medal þeirra, sem vid Jesú fordæmingu høndludu eptir fordjørfudum heimsins vísdómi, var Kaiphas einn hinn hellsti. Ecki gätti hann, sem dómari þess, hvad løgum og réttvísi væri samqvæmt, heldur hins einasta, sem einn slúnginn bragda-

bragda-refur, er horfa mundi til egin gagnsmuna. Hañ hafdi fest sér þad þánka-mid: ad betur færi ad einn saklaus dæi, heldur enn ein heil þjód skyldi til grunna gánga, fyrir eins manns lífs sakir. Eptir þessari þánka-reglu, meinti hann þad gagnlegra fyrir landid ad Jesús dæi. Svo ógudlegur, sem þessi þánki var, svo brúkadi Gud hann þó til framqvæmdar sínu, frá eilífd, áqvardada rádi, um Jesú dauda, og þetta vísdómsfulla og heilaga rád Guds, viljum vér nú í rósemi hugleida, oss til nytsemdar. Vid Jesú pínu, hafdi engin blind hendíng stad, þad skédi ecki af neinu óforvarandis tilfelli, ad hañ mátti þola þá edur þá vanvirdu, þá edur þá píst. Allt skédi hér, rétt eins og þad eptir Guds rádi var ályktad, og øll atvik sameinudu sig til ad opinbera Medalgángarann á millum Guds og manna, í Jesú píndu persónu. Strax, þá hann afhendti sig í sinna óvina hendur, og hans lærisveinar vildu med makt hafa forsvarad hann, gaf hann þeim ad skilja, ad þetta væri Guds áqvardada ráð; hvørnig skyldu, sagdi hañ, Ritníngarnar annars uppfyllast, þad hlýtur svoleidis ad ské. Þad sama er ad segja, um Jesú dauda; þad mátti þannig

ſké, ad Messías uppá þennan hátt og eng-
ann annañ ſkyldi daudann þola; og ſvo
lítilsverdt, ſem þad ſýniſt á hvorjum ſtad,
á hvørri tíd, af hvorjum orſökum einhvør
önnur manneſkja deyr, ſvo mikilvæga má
þó álíta alla þeſſa atburdi vid Jeſú dauda.
Eptir Guds rádi var tídin áqvørdud nær
vor Frelſari ſkyldi deyja, hann mátti ecki
deyja, fyrr enn ſú tíd kom, á hvørri hann
virkilega dó, vegna þeſs þad var naud-
ſynlegt, ad hann ádur ſýndi ſig, ſem Meſſ-
ías, og fullkomnadi allt þad, ſem honum
var fyrirſett; þegar í barnæſku mátti hañ
verda lífi ſviptur af fjør-rádum Heródis;
en hefdi þad ſkéd, þá hefdi hann ecki fengid
heiminn farſælann gjørt med ſínum lær-
dómi, ſínu dæmi og kénníngum; ecki hefdi
hann þá uppfyllt Spámañaña ſpádóma,
né lidid ſvo qvalafullann daud-daga, ſem
fortakslauſt krafdiſt af medalgángara.
Somuleidis opinberadi vísdómur Guds
ſig í því, ad Jeſú daudi bar ad rétt undir
Páſkana; fregnin um pínu hans og
dauda, gat á engum tíma fljótar og al-
mennilegar útbreidſt, enn á þeirri tíd, þá
mörg þúſund Gydínga vóru ſamankomn-
ir til Jerúſalem frá ſvo mörgum fjarlæg-
um lands-álfum; eda var þad ecki ſam-
hljóda

hljóda vísdómi Guds, ad sá, sem med páskalambinu var fyrirmindadur, skyldi á sømu tíd og þessi offur-dýr framfærd vóru fyrir Gud, fullkomna sitt offur? eptir Guds rádi var stadurinn áqvardadur, hvar hann deyja skyldi, ecki mátti þad ské, ad Messías værí líflátinn í svo litlum og audvirdilegum stad, sem hans fædíngarstadur var, heldur átti sá ad vera stadurinn, hvar hann endadi líf sitt, þar sem hann svo optlega ádur kénnt hafdi, þar, sem hañ gjørt hafdi svo mørg kraptaverk; sá stadur, hvar allar fórnir og opinber guds-þjónusta átti ad framfara; sá stadur, sem í sambandi stód, vid svo mørg øñur lønd, sá skyldi vera stadurinn, hvar vor Medalgángari lidi sínar bitru píslir; en hvørs vegna skyldi hann enda sitt líf utan borgar á fjallinu Golgatha? Páll leysir úr þessari spurníngu, Ebr. 13, hvørra dýra blód, sem innborid verdur af enum ædsta Kénnimañi í hid heilaga fyrir syndirnar, þeirra sømu hræ skyldu uppbrennast utan herbúdanna, fyrir því hefir einnig Jesús, uppá þad hann helgadi fólkid fyrir sitt egid blód, utan borgarhlida látid sitt líf. Eptir Guds rádi var þad ályktad, hvørjum dauda Jesús deyja skyldi; þad

var krossins daudi, sem vor Medalgángari hlaut ad lída; þessi daud-dagi var ad sönu einhvørr hiñ qvala mesti, sem fiñast mátti, en því undrunar-verdari er sú rósama þolinmædi, med hvørri Jesús þoldi hann án allrar møglunar, og því dýrmætara má oss vera þad þolgædis-dæmi, sem hann þarmed hefir géfid oss. Þvílíkur Jesú daud-dagi var einnig ádur fyrirmindadur, því eins og Móses uppreisti eyrormiñ í eydimørkinni, svo skyldi Mannsins-sonur upphefjast á krossinn, uppá þad, ad allir þeir, sem á hann trydu, ei fortapast skyldu heldur hafa eilíft líf. Eptir Guds rádi, vóru þeir áqvardadir, sem svíptu Jesúm lífi; hann skyldi líflátast af hvørutveggja því fólki, er á þeim tídum byggdu jørdina; þetta átti ad þéna til sønnunar því: ad eins og Gydíngar og Heidíngjar vóru undir bølvuninni, svo skyldi Messías afreka hvøru-tveggjum blessunina. Eptir Guds rádi var þad áqvardad, hvad af Jesú dauda fljóta skyldi: hann átti, eins og Spámadurinn Esajas fyrisegir: ad sjá sína lyst og hafa nægtir, med sinni vidurkénníngu skyldi hann, sá Réttláti, gjøra marga réttláta; honum skyldi géfast mikid herfáng, og sjálfir þeir sterku

skyldu

skuldu géfast honum ad herfángi; hann skyldi ødlast fjølda afqvæmis, sem honum þjónadi, og hans stóru gjørnínga skyldu menn tilkynna barna-børnum, Es. 53. Þessa spádóms-uppfylling er skén í vors dýrmæta Endurlausnara persónu, og sérhvørr, sem med athygli adgætir þetta, má þar vid uppvattur verda til ad tilbidja vísdóm Guds, og prísa hans kjærleiksfullu rádstøfun. Já, alvísi nádugi Gud! í djúpustu audmýkt tilbidjum vér þitt vísa rád, sem ályktadi vors Frelsara dauda. Sannarlega er þitt rád undarlegt, og þú framqvæmir alla hluti dírdlega. Nú megum vér fyrir Jesú dauda fullvissir vera um vora fridþægíngu. Forgéfins hefir Gud víst ecki gjørt þvílíka rádstøfun, forgéfins kunni vor Jesús ecki ad deyja svo sérlegum og óvenjulegum daud-daga; forgéfins er þad ecki ad spádómarnir um Jesú dauda eru svo ítarlega uppfylltir; nú erum vér fulltrúa, já! lifum og deyjum vissir um þad, ad vér fyrir vors Borgunarmanns dauda erum fríkeyptir frá øllu straffi; en því dýrmætari og ómetanlegri á þessvegna hans daudi ad vera oss; og því skyldum vér nú syndga svo mótþróanlega á móti vorum Gudi, ad vilja gjøra ad eingu

med

med ydrunarleysi Jesú dauda, er hann í vorn stad leid! einnegiñ má vor daudi oss ogsvo dýrmætur vera; sá sami vísdómur, sem áqvardadi allt, hvad vidbar vid Jesú dauda, mun og þannig haga øllum atvikum vid vora burtfør frá heimi þessum, sem oss best hentar, hann hefir áqvardad vorn dauda-dag, og nidurradad øllu fyrifram þannig, ad oss, sem léttbærust verda mætti vor sídasta stund. Máské vér deyjum á vorúm blómstrandi aldri; máské og komnir á efri aldur, þad skal engrar áhyggju auka oss. Tímiñ, á hvørjum þú, gódi Gud! hefir áqvardad oss ad deyja, er víst hinn hæfilegasti; stadurinn jafnvel, hvar vér deyja skulum, er af þér fyrisjedur, hvørt heldur vér deyjum á førnum vegi, í voru húsi, á medal vorra vina edur ovina, í voru fødurlandi, edur á framandi stødum, þad er oss allt hid sama; vér kunnum ad deyja rólegir og hólpnir á hvørjum hellst stad, sem áqvardadur er oss ad dauda-stad, þá vér einúngis deyjum, sem rétt-kristnir; en kannské þad gjøri oss qvída, ad vér vitum ei sjúkdóm þann edur daud-daga, sem enda á vort líf; en. því skyldum vér fyrir þá skuld bera áhyggju? vors lífs Herra hefir áqvardad

oll

oll atvik dauda vors eptir sinni alvísu gædsku; þad skédur ad hans rádi, hvørt heldur vér deyjum brádum dauda, edur eptir lángvarandi sjúkdóm, hvørt heldur med hægri tilsinníngu edur med stórri pínu; einnegiñ fyrir því, sem fljóta má af dauda vorum, hefir Gud borid þá vísustu umsorgun. Nú þegar hefir hann ætlad lítinn hvíldar-stad andvana líkama vorum, nú þegar hefir hañ huggun geymda vinum vorum, er harma munu vora burtfør; hvørsu ánægdir megum vér þá ei vera med þína rádstøfun, alvísi Gud! hvørsu rólegir og gladir kunnum vér þá ecki úr heiminum útgánga! þér, vor Lausnari! þøckum vér alla vora lífs luckn, og vora sídustu rósemi! vertú oss nádugur á þessum vorum sídustu lífs-tímum, sakir þíns saklausa, fridþægjandi dauda; miskuna þig yfir oss, o! Jesú!

X. Føstu-Hugvekja.

Jesú hugprúda forsvar fyrir Kaíphas's rétti. Matth. 26. Jóh. 18.

Í þessari Jesú adferd sjáum vér þann ávinníng, sem góð samvitska og hjartans sakleysi géfur, sérdeilis á neydariñar tíd.

tíd. Sú fyrsta hugleiding, sem hjá oss vakna má vid sjón þessa ens áklagada, er óneitanlega þessi: hvørsu æruverdugt er hid lídanda sakleysi! Jesús stód hér frami fyri þeim yppurstu Prestum, Skriftlærdum og Oldúngum fólksins; þetta samqvæmi var ad ytra áliti mjøg æruverd samkunda, en eptir innvortis sinnislagi þeirra, samansafn skinhelgra hræsnara, svikara og mañhatara; hañ vissi hvørs hañ hafdi ad óttast af þessara manna skinhelgu vondsku. Pared Kaiphas, frumqvødull þessa blód-ráds, var þess forstjóri; hann, sem laungu ádur hafdi svarid Jesú dauda í hjarta sínu; þessi madur setti nú upp þad dómara yfirbragd, sem réttlæti elskar, og til ad sýna, ad hañ fordast vildi allt hefndar-girnis skin, spurdi Jesúm um hans kénníngu, og þann fjølda lýds, er hann fengid hafdi, sem tilheyrendur. Jesús, sem þeckti síns dómara dula tilgáng, sá grant þessa spursmáls-undirferli, og svaradi því spursmálinu med þeirri einurd, sem eingiñ, nema sá saklausi, hafa kañ, og med þvílíkri speki, sem einúngis mátti stad hafa hjá honum. Um sitt gjørvalla framferdi mátti hann skjóta til vitnis alþýdu róms, og þeirra manna, er hann heyrt

høfdu;

höfdu; á medal þeirra jafnvel, sem fella vildu nú yfir hann dauda-dóm, vóru nockrir þeir, sem sjónar-vitni verid höfdu ad framferdi hans. Hann hafdi kénnt opinberlega, og eckért í leyndum talad þad, sem ecki var samhljóda hans opinberu kénníngu, því hvörr sá, sem íllt hefir adhafst, dregur sig hellst í hlé, en hinn, sem gott gjördi, lætur sig sjá fyrir almenníngs augum, og gjörir sín verk opinberlega. Vér viljum leida oss þad í huga, ad vér værum þeir, sem mæta skyldu fyrir veraldlegum dómara, eda hitt, sem er svo miklu meira verdt, fyrir Guds dómstóli, hvar vér forsvara ættum framferdi vort. Mundum vér þá svo óskélfdir, sem Jesús, framborid géta forsvar á móti þeim sakargiftum, sem þar mættu á oss berast? æ! hvad lítid höfum vér opinberlega gott gjört, en því fleira íllt í leyndum adhafst! hvörsu margir mættu ecki med áklaganir oss á móti framkoma, sem vér hneixlad höfum med framferdi voru, styggt í ordum og kjærleikslaust vidhöndlad. Þad mátti nú géfa Lausnara vorum ysrid stóra hugsvölun, ad hann gat med stærstu hjartans rósemi skodad allar síns umlidna lífsathafnir, og engrar einustu var ordid, er ecki stofnadi

adi til eblíugar heimsins velferdar. Hvørsu grant, sem hann prófadi líf sitt, fann hann sig allt hafa rétt gjørt fyrir Guds og manna augum, því hann var sér einkis brests né breiskleika medvitandi, þessvegna gat hann mætt fyrir augsýn sinna dómara med svo frímódugu sinni. Audsjed er þad héraf, hvørsu mikils verd gód samvitska er, og hvørsu sá, hvørjum samvitskan um eckért brixlar, hafi litla orsøk til ad láta sér hugfalla vid þad íllgjarnasta baktal, enginn nema sá rádvandi rétt-kristni, fær sýndann svo stórann hugmód vid áfelli rángra dóma. Honum liggur þad í hægu rúmi, þó hann færdur verdi fyrir manna-dóma, hvørt honum hrósast af einum, edur hann lastast af hinum; því, hvørt hann mætir æru edur vanæru, íllu edur gódu umtali, huggar hann sig þarvid ad sig muni rétt ské af Gudi, og ad heimsins almennilegi dóms-dagur muni sakleysid í ljós leida. Hér í heimi er ecki fullkomins réttlætis ad vænta, en þegar sá saklausasti á medal allra mannanna barna, hlaut ad mæta, sem sakamadur fyrir ógudlegra rádi, ætti oss þá vid þad ad bregda, sem af engri fullkominni dygd høfum ad hrósa oss, þó

vér

vér síđa mættum kjærleikslausa dóma og íllgjarnt baktal? nei! vid þvílíku megum vér búast ávallt í heimi þessum, en án þess vér látum þess slags dóma hræda oss, skal sú vera vor sífeld ástundan ad vardveita góda samvitsku fyrir Gudi, og þá mun sá þánki géfa oss hugar-mód: Dróttinn er sá, sem dæmir mig; hvílík lucka er þad ecki, med sanni ad géta sagt: einkis erum vér oss þess medvitandi, er ollad géti oss fordæmíngar á dómsins-degi. Vér erum oss ecki þess medvitandi, ad vér af ásettu rádi foraktad høfum vorn Lausnara, misbrúkad hans fridþægíngu né lítils virdt hans Evangelíum. Vér erum oss þess ecki medvitandi, ad vér viljandi høfum nockurn forsmád né óluckulegann gjørt. Þad er vor hrósun, sem er vitni vorrar samvitsku, ad vér høfum framgengid í heiminum í einfaldleika, og Guds grandvarlegleika, 2 Cor. 1. En med øllu þessu, erum vér þó ecki réttlátir fyrir Gudi; þitt auga, o! þú alsjáandi Gud! sem skodar grant vors hjarta huldustu fylsni, sjer þess óteljandi bresti, og gétur í ljós leidt þær syndir í fari voru, sem vér þecktum ecki sjálfir. Vér fengjum því ecki stadist fyrir þínum domi, ef ad vor Jesús tæki ecki vorn

 mál-

málſtad, og gjørdi ſitt réttlæti vor vegna hjá þér gyldandi. Fyrir hans ſakir vertú oſs, o! vor Gud! nádugur í þínum dómi, og þegar vort hjarta áklagar oſs fyrir þér, þá láttú oſs fríkénnda verda, vegna þeſs blóds, ſem hann einnig úthellt hefir fyrir vorar ſyndir.

XI. Føſtu-Hugvekja.

Péturs hugleyſi Jóh. 18.

Ef ad vér hefdum átt ad dæma eptir þeim hugmód, ſem Pétur ſýndi, þegar Jeſús var til fánga tekiñ, og eptir þeim heityrdum, ſem hann ádur géfid hafdi, mættum vér þenkt hafa, ad hans ſtødug-lyndi og trúmennſka varid hefdi því meir, ſem háſkinn vóx, er Jeſús var ſtaddur í; en hvad ſnegglega hefir hann nú fengid ſinnaſkipti! nú, þá þeſs var ad vænta, ad hann ſýndi hetju-mód, verdur hañ hug-laus; hann minniſt ad ſønnu heityrdis ſíns, ſnýr til baka af flóttanum, og fylgir Jeſú eptir, en ecki nema álengdar, því hañ qvídir ſømu hættu, ſem hans Meiſtari er ſtaddur í. Otti fyrir mønnum ſýnir ſig í øllum hans athøfnum og tali, hañ ſam-lagar ſig hopnum, ſvo hann því ſídur þeckt-

þeckkur yrdi. Þad ſýniſt ad ſønnu vera ofurhugi, ſem dreif hann til ad fylgja Jeſú bundnum eptir inní Kénnimanna-høfdíngjans ſtofu, en þad var ofdirfſka, því laſtverdari, ſem hún var meiru hugleyſi blønduð. Þad var ofdirfd, ad vega ſér í þad hættu-ſtríd, ad rannarlauſu, hvar hann mátti vita ſér óſigur búinn; þad var ofſlæti, ad ſýna á ſér útvortis hugdirfſku, en búa í hjartanu yfir megnum ótta. Hvørſu mjøg megum vér því ei vaka yfir hjarta voru, og leitaſt vid ad ſigra þann ángiſtarſama ótta, ſem oſs ſvo tídt yfirfellur, og ollir því ad vér hindruſtum frá ad fordaſt þad vonda, en ydka gott? ollir því á tídum ótti fyrir mønnum, ad vér gjørunſt Jeſú Evangelió ótrúir og forſomum ſkyldu vora af qvída fyrir álaſi edur athlátri manna? er þad ecki ótti fyrir yfirfallandi eymdum, ſem dregur hjarta vort frá því trauſti, er vér áttum á Gudi ad hafa? er þad ecki ótti fyrir daudanum, ſem gjørir oſs hann ſvo ſkélfilegañ, ad oſs þegar hverſur hugur ef vér hugſum til hans? er þad ecki þræls-ótti fyrir Gudi, ſem fær oſs ſvo ákaflega ſkélfda vid ſérhvørn hans ſtrøffunar-dóm, og nidurſlær oſs til jardar vid ſérhvørja hættu? er þad

ecki ótti fyrir helvíti, sem aptrar oss að sønnu að fremja stór-glæpi, en upphvetur oss, þó ecki til ydni og góð-verka? opt høfum vér kannské leitast við að dempa þennann ótta, stríða á móti honum, eða að øllu fá hañ niðurþryckt ann; en hvørsu ávaxtarlausir urðu ecki allir vorir viðburðir! þessi ótti yfirféll oss jafnóðt aptur, þó vér meintum oss hafa hann sigrað. Æ! oss auma! hvørr vill fría oss frá þessum ótta? þú, vor Jesús! fær það gjört! tilgángur komu þinnar í heiminn, og þinnar pínu, fullvissar oss um það, að vér finna munum hjá þér rósemi fyrir sálu vora. Þegar samvitskan gjørir oss skélfða fyrir hegníngu Guðs, hvørsu rólegir megum vér þá ecki verða, þegar vér trúum á vorn Frelsara, fyrir hvørs blóð syndir vorar eru afmáðar? þá fær allt, sem þángað til var oss skélfilegt, annað útlit; vort mæðusama líf, verður oss vegur til fullkomnunar; þær háskasemdir, sem umkríngja oss, meðal til vorrar trúarstyrkíngar; vor dauða-dagur verður vor lausnar-dagur, og rotnan líkama vors, tilreiðsla undir þá eptirkomandi forklárun; þegar vér þannig virðum fyrir oss þetta, sem oss var svo óttalegt, hverfur allt það, sem áður

ur ógnadi oss; veki vor vanmáttur og eymdir ótta í hjarta voru, styrkjum vér oss í trúnni á Jesú náð. Vilji qvídi fyrir missir þessa heims forgengilegu muna, gjöra oss órólega, styrkjum vér oss í von ósýnilegra gæda, sem oss geymd eru á himnum, um hvör Jesú pína, gefur oss fullkomnustu vissu; ecki ad sídur er oss þad naudsynlegt, til egin vareygdar, stödugt ad bera forsjálann ótta, og fyrirfram búast vid mótlæti, sem oss máské mæta kunni. Hefdi Pétur fyrirfram betur íhugad hugleysi sitt og þá hættu, sem hann stofnadi sér í, mundi hann traudlega hafa látid sigrast vid fyrsta freistínga áfall; flestar mótlætíngar, sem mæta oss, verda því tilfinnanlegastar og skadvænastar, ad þær adkoma óvörum. Oss er því harla naudsynlegt ad venjast vid, ad setja oss fyrir sjónir midt í vorum lystisemdum og velgengni þau mædu tilfelli, sem kynnu ad mæta oss, og segja til sjálfra vor: nú lifi eg ánægdur, og fyrir allri áhyggju frír; en hvörsu brádum getur ecki sá tími adkomid, sem uppfylli sálu mína ángri og órósemi? nú er eg hughraustur og hefi djarfann hug til mótstödu hvörju hellst freistínga-áfalli; en hvörsu snarlega kañ

ecki þad hættu tilfelli adbera, sem gjori mig duglausann? nú elska eg Jesúm og hans kross; en hvørsu fljótt má ecki heimsins umgengni leida mig afvega, til ad verda hans kross-óvinur? nú hefi eg vidqvæmt hjarta; en hvørsu audveldlega má þad ei ské, ad því lengur, sem eg þjóna syndinni, því hard-gédjadri verdi eg, og tilfinníngarlausari? nú er eg heill heilsu; en hvørsu snart kann ecki hættu-sjúkdómur ad leida mig fram ad dandans dyrum? ad øllu leiti fáum vér aldrei vorn ótta sigradann, á medan vér búum í heimi þessum. Alla tíma erum vér óvinum og háskasemdum umkríngdir, sem halda mega oss síhræddum, um sjálfa oss. Kom þú oss því veikum til hjálpar, Drottinn vor Frelsari! med þínum almáttuga krapti, vertú vort ljós, vor sáluhjálp og vor lífskraptur, ad enginn ótti megi fá oss svo skélfda, ad vort hjarta dragist frá þér! vardveittú oss fyrir øllum freistíngum, sem oss kynnu ad skada, og lát oss þjóna þér alla vora lífdaga án þrældóms-ótta.

XII. Føstu-Hugvekja.

Jesú þolinmædi vid hans óvina álygar. Matth. 26.

Svo

Svo opt, sem Jesús vor Lausnari geng-ur fram á stríds-vøllinn, sjáum vér hann koma þadan krýndann heidri og æru, jafnvel þá, vinnur hann dýrann sig-ur, þegar hann sýnist sigradur. Hans blód-þyrstu óvinir høfdu med snidugásta undirferli búid øll brøgd, er þeir meintu ad fá hann fángadann med. Bríxlyrdi høfdu þeir uppþenkt, af hvørjum þeir væntu sér ávinníngs. Fjølda falskra votta, fengu þeir framleidt, hvørra vitnis-burdur verka mætti blód-dóminn, er gánga skyldi yfir Jesú. En hvar vóru í þad sinn vitni hans sakleysis, og gódgjørdasama kjærleika? hvar vóru þeir, er reynt høfdu sjálfir hans undrunar-verdu hjálp? því framkomu þeir nú ecki, né hrøktu med eg-in dæmum Jesú fjandmanna vitnisburd? nú var þó tími til, ad fjøldi aumra, sem reynt høfdu Jesú medaumkunarsømu hjálp, hefdu med þacklætis-tárum og sønn-um vitnisburdi leidt Jesú sakleysi í ljós, því komu þeir ecki og søgdu med edla hug-prýdi: þessi Jesus, sem svo ílla er medfar-inn hefir ecki verdskuldad hvad þér vid hann gjørid! mér hefir hann ad bæn minni gésid heilsuna aptur; mér hefir hann gésid mitt andvana barn aptur lifandi; mig hefir

 hann

hann med einu almættis ordi frá líkþrá hreinsad; fyrir hans hjálp vard eg, sem var málllaus, talandi, daufur heyrandi, halltur rétt gángandi; mér hefir hañ fyrirgéfid mín stóru afbrot! mundi ecki þessi samhljóda þacklætis vitnisburdur hafa mátt frelsa hann saklausa Jésúm, eda þacklát kjærleikans rødd halltra, blindra, daufra, spitelskra og svo margra fleiri annnra hærra kuña ad láta, eñ mañvondskunnar ljúgandi áklogun? o! enginn af ollum þessum lætur sig nú sjá, enginñ þeirra vogar ad forsvara sinn velgjørara, hann þarf ei heldur þessa forsvars vid. Hans sakleysi sigradi án allrar añarar hjálpar; jafnvel óvinir hans sjálfir hlutu ad hjálpa til sigursins. Var þad ecki sigur fyrir þann saklausa Jesúm, ad svo mikid ómak, sem óvinir hans gjørdu sér fyrir ad uppljóstra um hañ, alls-slags lognu lasti, sem þeir uppspunnid fengu, ad engum vitnum, er þeir ad því framleiddu, samanbar? var þad ecki sigur, ad Jesús þagdi til allra lýgifullra sakargifta? sakleysi hans þurfti enga afsøkun, þad var hvørjum audsætt. Vér glødjum oss, o! Jesú! vid þitt sakleysi; ef ad vér máttum vænta oss ad álítast réttlátir fyrir Guds dómi, hlautstú

sak-

saklaus ad finnast fyrir Gudi og monn-
um. Þitt forþénandi réttlæti er vor hugg-
un, þegar vort hjarta fordæmir oss, og
vor samvitska vitnar ígégn oss. Æ!
hvørsu óluckuslegir mundum vér ordid
hafa, þegar vér á sídan mætta skyldum fyr-
ir þínum dómi, ef allar vorar drýgdu synd-
ir, og øll tár saklausra, sem vér hofum á-
reitt, hrópadi hefnd yfir oss; æ! hvørs
ættum vér þá, ad sjálfs verdugleikum
vænta, nema fordæmíngar? en lofadur
sértú nú eilíflega, o! Jesú! fyrir þitt sak-
leysi, fyrir þess sakir megum vér nú vona
ad úrskurdast saklausir í dóminum. Lof-
adur sértú einnegínn fyrir þessa þína pínu,
sem þú med svo rólegum hetju-mód þolad
hefir undir hádúngum þinā óvina. Hvørn-
ig fáum vér þína þolinmædi nógsamlega
undrad! eckért féck bifad þína rólegu sálu,
sem styrktist af þínu sakleysi. Ecki jafn-
vel sú miskunarlausasta medferd, féck þig
sviptann rósømu stoduglyndi; þú þegir,
svarar engu, þetta er allt þitt forsvar, øll
þín hefnd! þessa dygd viljum vér af þér
læra, vor Medalgángari! einkis viljum
vér virda vanvirdu þá, sem oss mætir ó-
forþént. Vér viljum læra ad þegja, þvi
máské vort tal leidi oss til nýrra synda.

Vér viljum med hógværu umburdar-lyndi, hughreystast gégn vorra óvina á-ráfum. Fordæmi ofs ecki vort hjarta, höfum vér djørfúng ad mæta øllum vor-um baktølurum og offóknar-mønnum. Vér viljum því, med adstod gudlegrar nádar, svo framgánga, ad heimsins gjør-vøll falsvitni gégn ofs, verdi til skamar; og þó ad vort sakleysi ætti hér offókn ad lída, kémur þó sá dagur, þegar þad skal vinna sigur á øllum hatursfullum ákløg-unum.

XIII. Føstu-Hugvekja.

Medhøndlan Jesú fyrir andlegum rétti. Marc. 14.

Þetta var nú sá tími, þá Jesús vard hinn fyrirlitnasti allra, þegar hañ þola hlaut þvílíka vanvirdu, ad sérhvørr snéri sér frá honum, og enginn virdti hann vidlits. Hann leitadi ad huggara, er sig aumka vildi í pínu sinni, en þar var engiñ, sem bæri medaumkun med honum, engiñ, sem huggadi hann. Ó! þú, vanvirdti og sár-píndi Jesús! hvílík undur, ad til þín skyldi enginn líta medaumkunarsømu sorgar-auga! ad minnsta kosti vildum vér ecki horst hafa tilfinníngarlausir á þína pínu.

þínu. Voru hjarta blædir, ef vér virdum fyrir oss þínar píslir. Eru þad ecki vorar syndir, sem gjordu þér þvílíka mædu og erfidi? var þad ecki vor vanvirda, sem þú barst? æ! lát vor augu fest vera á þessari sorgar-sjón, og þegar vér skodum þig í þinni vanvirdu, láttú oss þenkja til sjálfra vor, berja oss á brjóst, og gráta vorar syndir; hvörsu grimdar-fulla vondsku máttir þú ei útstanda, vor Jesú! allt sameinadi sig til ad auka þínar qvalir. Sá villu-flockur ógudlegra manna, dirfist ad höndla óheyrilega vid þig; því hvad er grimdarfull misþirming og medhöndlan, sé þad ecki ad hrækja saklausum í andlit, ad slá hann med knefum, ad gjöra hann ad spotti og adhlátri? og þetta gjördu þessir vonskufullu þrælar vid þig, þú saklausasti og besti medal mannanna sona! þeir hrækja í þína ásjónu; þar hafa þá enn stadid máské storknadir blód-dropar, máské qvölin, þú leidst í Gras-gardinum hafi enn á þínu andliti verid þeckjanlega afmálud. Ad minnsta kosti, var audsjen í andliti þínu hin vinsamlegasta hógværd, hinn hreinskilnasti mann-kjærleiki og djúpasta sorg; allt þetta féck ecki minnstu verkan gjört á þeirra hardsvírudu hjörtum. Þeir slá

þig med knefum, þeir slá þig, sem engri manneskju nockurntíma amadir; þig, sem eckért hafdir adhafst, er ynni til straffs; þig, sem aldrei hegdadir þér ødruvísi, enn sem manna velgjørari, og þó er enn ecki íllska þeirra þar med sødd; þeir hæda þitt heilaga embætti; smánarleguſtu hádúng gjørdu þeir þér med því ad byrgja þitt andlit, og krøfdu, ad þú, sem Spámadur, opinbera skyldir, hvørr sá verid hefdi, sem á þér æfdi mann-vondsku sína. En hvørninn hefdi farid, ef ad þú opnad hefdir þinn munn, og bodid ad þessir gudleysíngjar, samstundis medtaka skyldu forþént laun? en - - - þú leidst þessa vondsku med óútsegjanlegri þolinmædi. Frívilјugur bándstú þína áſjónu fram undir hrákana, og þinn hrygg undir høggin. Æ! hvad gjørdi þig þá svo fúsann til ad gángast undir þvílíkar qvalir? hvad annad enn kjærleiki til syndaranna; og sakleysi þíns hjarta, styrkti þig undir øllum þessum píslum. Þú hafdir fyrir augum þá blessun, er spottyrdin, sem þú þoldir, afreka áttu mañkyninu; þú vissir ad engin vanvirda, hvørsu stór, sem hún var, gat nidrad sakleysi þínu. Þú þecktir dírd þá, sem þér var geymd ad píslum þínum útstodnum, þess-

þess vegna þoldir þú krossinn og aktadir ecki vanvirduna. Þessi hádúng var einúngiñ af Guds ásettu rádi yfir þér áqvørdud, af engri hendíngu var þad, ad þessar sømu, og engrar adrar píslir mættu þér. Vér setjum oss fyrir sjónir, ad þú vid þessa vondsku medferd hafir lída mátt fyrir syndir þær, sem drýgjast á móti kristilegri trú; þú leidst þína spádóma ad hádi hafda, nú finnum vér þad ecki undrunarverdt, ad svo margir spottarar med frekum hádyrdum vanvirda þitt ord; med þessari þinni pínu hefir þú frelsad þá frá straffinu, sem yfir þá hefdi átt ad koma, midt í því, ad þeir svo ílla vanbrúkudu þitt ord; burtryckist þeir ecki í skyndíngu í þinni reidi, fái þeir enn þá tíma til ad snúa sér til þín, er þad þiñi fridþægjandi pínu ad þacka, þessari, sem þú lída máttir, undir óvina þinna hádúngum. Framkomi hér blódþyrstir, hardgédja og grimdarfullir miskunarleysíngjar, og sjái vorn pínda Lausnara; alla þá hardýdgi, sem þeir vid þá aumu í frammi høfdu, þau høgg, sem þeir saklausu lída máttu af þeim, alla þá brædi, sem þeir vid minnstu yfirsjón létu falla yfir hinn meinlausa, fyrir allt þetta hefir hér hinn saklausasti hlotid ad lída.

Þeg-

Þegar þér, hardgédja manneskjur! vægdarlaust medhöndlid hinn saklausa, vid hvört eitt tárid, sem þér pressid út af hans augum, vid hvört mein, sem þér gjörid hönum, vid hvört eitt spottyrdi, þér hædid hann med, rennid þaunkunum til Jesúm og hugleidid: ad þér í ydar saklausu brædrum hafid fordum misþirmt ydar Lausnara, og fáid þér vid þessa hugleidíngu enn þá afram haldid í hardhúdgi og miskunarleysi? lát oss aldrei gleyma, o! vor Frelsari! þeirri vanvirdu, er þú lída máttir! þánkinn um hana aptri oss frá því ad syndga, og gefi oss hugar-mód til ad lída þær hádúngar þolinmódlega, sem oss kunna ad höndum bera. Ecki skal þad undra oss, þó vér þola megum hádyrdi fyrir vidurkénníngu þíns lærdóms, þó vér mætum megnum forakti af heiminum fyrir þad, ad vér eptirfylgjum þér; þó ad vér í heimsins augum haldnir verdum fáráddlíngar, sem ecki þecki heiminn, og kunni ecki eptir aldar-mód ad lifa; viljum vér una því þolinmódir, og hvörki med valdi né brögdum láta oss draga frá þér. Þegar endirinn kémur, mun þad þó loksins sjást, hvört sá hædandi edur hinn hæddi, hvört Kristi krossélskari, edur hans óvinur vard luckulegri.

XIV.

XIV. Föstu-Hugvekja.

Péturs fall. Marc. 14.

Nú kom þad fram, sem Jesús hafdi fyrisagt Pétri um fall hans. Af hans dæmi má siá, hvar sá lendir, sem stofnar sér vísvitandi í hættu, og vogar sér úti freistingar þær, sem hann er ofveikur til ad yfirvinna. Ef dæma skyldi um Pétur eptir hans karlmennsku-heityrdum fyrifram, hefdi því traudlega mátt trúa, ad bersýnileg daudans hætta hefdi hrædt hann; en hér þarf lángtum minna til ad taka úr honum allan dug. Siáum! þessi læri-sveinn, sem ádur var svo hugadur, hann, sem einn vildi berjast vid heilann flock af alvopnudu strídsfólki, hann fær nú ei stadist tillit einnar ambáttar og nockurra þénara; fyrir þessum audvirdilegu persónum, verdur hann svo skélkadur eins og hann ætti af þeim ad takast til fánga og líflátast. Og, hefdi hans afneitun ecki skéd nema einusinni, mátti honum hafa sýnst nockurt vorkunnar-mál; en hann afneitar Jesú hvad eptir annad, þar hann þó hafdi tíma til umþenkíngar yfir sjón sinni, frá því ambáttin kastadi ordum á hann í fyrsta sinni. En, hann géck af ásettu úti nýja freistínga-

hættu,

hættu, og þá hann fyrst med lausum ordum afneitad hafdi Meistara sínum, gjördi hann þad skömmu seinna med eidi og formælíngum. Med medlídunarsömum kjærleika og vidurkénníngu vors eigin veikleika, íhugum vér þetta Jesú lærisveins fall, í hvílíkt fordjörfunar afgrunn féll ecki Pétur hér, hann, sem ádur hafdi sýnt sig svo mörgum ödrum fremri ad hugprýdi og frómlyndi? þad var ecki ad undra þó Júdas gjördi sig sekan í þeirri synd, sem hann drýgdi, hann hafdi ætíd haft íllann mann ad geyma, aldrei elskad sinn Meistara af einlægu hjarta, og aldrei þad adhafst, sem hann mátti æru hafa af; en, ad Pétur, sem elskadi sinn Meistara med svo einlægum og heitum kjærleika, hann, sem hafdi svo nægrök um Jesú guddóm, og vid sérhvört tækifæri sýnt hafdi sig ofurhuga, ad þessi Pétur skyldi vid svo litla reynslu huglaus verda og falla, þad er undrunarverdt. Hvar er nú þessa lærisveins mikla hugprýdi? hvar hans laungun ad bera sannleikanum vitni? á þeim stad, hvar hann afneitadi Jesú, átti hann ad aflegg-ja óræcann vitnisburd um Jesú sakleysi; hér hefdi Pétur átt ad leitast vid ad sannfæra Jesú óvini um ránglæti þeirra, straffa

þeirra

þetrra blódgirni, ad minnsta kosti vekjá nockra medlídun hjá þeim vid hinn saklausa Jesúm; en á þessum háskasama stad, hvar hann var staddur, gætti hann engrar þess-arar kjærleiks-skyldu, hann ígrundadi hvørki Jesú óvina hardhøgi, né hans sak-leysi, því sídur skyldu sína ad vidurkénna hann opinberlega; hann hugsadi einúngis til sjálfs síns, og hvørnig hann fá mætti lífi sínu borgid, þad var honum dýrmæt-ara enn Jesú líf, og hans nafns vidurkénn-ing. Sá píslar-daudi, sem hann qvída mátti, ef hann játadi sig Jesú lærisvein, ógnadi honum svo mjøg, ad hann héldt þad best úr-rædid strax ad afneita Jesú. Þessa Péturs afneitun fékk nú Jesús ad heyra þá, er honum mátti falla sem þýngst, midt í því hann var dæmdur til dauda af ráng-látum dómurum, midt í því hann þola hlaut grimdarfyllstu medferd í þræla-høndum, midt í øllu þessu bar Péturs af-neitan til, og hvad mátti nú ecki auka á qvalir þær hann leid, ad þessi einhvørr hans trausti lærisveinn skyldi afneita honum, og ecki vilja kannast vid hann. O! Jesú! hvørsu mikil hefir í þad sinn verid þín sál-ar-qvøl! ecki vóru þad litlar píslir, sem þú leidst af miskunarlausri medferd þrælanna,

sem hæddu þig, hræktu þér í ásjónu og slóu þig, en hvørsu miklu stærri qvalar má þó ei hafa ollad þér afneitan þíns egiñ lærisveins, sem í stad þess ad hughreysta þig í þinni miklu qvøl, særdi þitt hjarta svo tilfinnanlegu sári; en þetta útheimtist og til ens fulla mælirs þinna písla, sem þér var af Fødurnum áqvardadur; þú áttir ad pínast bædi fyrir þinna óvina misgjørdir, og þinna vina yfirsjónir; sá veiki eins og sá sterki, spottarinn eins og meinsærismadurinn, sá óstødugllyndi eins og hiñ ótrúi, áttu allir ad finna fridþægíngu í þiñi pínu. Hvørsu huggunar-ríkt er þetta ecki fyrir oss, sem engu stødugllyndari erum eñ Pétur; hans Afneitunar-saga, er orðrétt afmálun vors egin hjarta; hans fall má vera oss til þeirrar varúdar, aldrei ad stóla á vora eginn krapta, og aldrei af ótta fyrir mønnum, ad verda Frelsara vorum ótrúir. Þessarar varúdar þurfum vér því heldur vid, sem sá heimur er hættulegri, í hvørjum vér lifum, þar afvegaleidslur og tálsnørur á allar sídur umkríngja oss. Pær, sem jafnvel gjøra mættu hid stødugasta hjarta óstødugt. Hvørnig megum vér nockurntíma treysta egin vitsmunum vorum, rádvendni edur setníngi? lítilvægt til-

tilfelli, sem vér ecki fengum fyrirsjed, ellegar, sem oss virdtist einkisverdt, kær tídum í einn gjört vorn einlægasta áſetníng ávartarlauſann. Hvörſu opt hafa ecki leidast látid til óstödugleika, ákøfustu Evangelii vidurkénnarar, og gudhrædslunnar einlæguſtu elſkarar hneigst til ad víkja frá réttum vegi, jafnvel fyrir léttvæguſtu tilefni, svosem fyrir lítilfjörlegt ſmjadur, gladlegt ſpaug, máſké fyrir óttaſakir ad misþóknast þeim, hvörra vinſeingi þeim reid á nöckru; máſké fyrir luckuþeirra og metorda ſkuld á komandi tídum; máſké af eintómri gédlempni þeirri, ad haga ſér eptir annara þeinkingar-hætti, eda þúſund ödrum tilefnum, ſem í ſjálfu ſér adgætt, eru nær því einkisverd, og þegar vér ſkeikum í fyrſtunni, megum vér þegar qvída brádn falli. Þad fyrſta afvik á laſtanna veg öllir því, ad vér fáum ei umflúid ad villaſt lengra; ad minnſta koſti vill torveldara veita, ad ſnúa aptur, þegar madur einuſinni hefir vogad ſér á laſtanna afveg. Til ad ná þeckjanlegum framförum í gudhrædſlu, útheimtist margra ára æfíng, en til ad falla í ſtóra misgjörnínga og ſyndir, nægja fáir dagar, jafnvel nockrir tímar, hvörſu ſem hjartad

er vandad. Hvørsu lítid megnum vér vesælar mannsképnur, ef vér einir skulum fyrir oss ráda? hvørsu snøgglega verdum vér ecki sigradir, ef vér í trausti á eginn kroptum vorum vogum oss útí strídid? mundi þurfa til vid oss bál edur aftøkustadi, eda pínu-becki edur grimmdar-medhøndlun ad vér sporudum: ecki þecki eg Jesúm? minna þarf tilefnid: ecki nema ad oss sé smjadrad, svo afneitum vér Jesú. Hvørsu margar tillockanir til þvílíkra synda, géfur ecki tímanna vantrú? má ecki af mørgum heyra hádyrdi á móti trúnni? kannské vér þola megum med forakti til vor sagt: þessi er einnig einn af þeim, sem trúa á Jesúm af Nazareth; vér kunnum kannské ad haldast þvílíkir, sem ecki þeckja réttann lifnadar-máta, sem nuiltis-sjúkir eda mann-óvinir; ef vér ecki tøkum hlutdeild í almanna lystisemdum, þá er þad og vid øll þvílík tilefni og tækifæri, ad vér vaka megum yfir hjarta voru, ad þad láti ei sigrast af þvílíkum freistíngum. O! Herra Jesú! þegar vér staddir erum í þeirri hættu frá þér ad lockast, virdstú þá ad missknna þig yfir oss. Réttú oss þína hægri hønd, þegar vér ætlum ad søckva nidur í eymdanna afgrunn; láttú þad aldrei ské,

ad vér lockumst frá þér, géfdu oss náð til ad leita hælis hjá þér í óluckunni, en ad gleyma þér aldrei í luckunni! æ! ad vér mættum reynast þér trúir til dandans; það mun verda vor hrósun á þínum tilkomu-degi.

XV. Föstu-Hugvekja.

Jesú gædska vid Pétur fallinn. Lúc. 22.

Varla hafdi Jesús sjed sinn elskada lærisvein af freistíngunni sigradañ og fallinn, fyrrenn hann med flýtir fékk honum á fætur hjálpad, og útryckt úr vodanum, sem hann var staddur í; ódar enn hann féll, vard hann aptur á fætur reistur; svo ótrúann, sem Pétur sýndi sig nú Meistara sínum, svo ástúdlegann sýndi Jesús sig þó honum. Og hvörr fær nóglega ígrundad stærd þessa Jesú kjærleika; hvörr gétur áunægjanlega skilid, hvörsu mikid ad innibindi þessi ord: Jesús leit til Péturs? þessi qvaldi madur átti nú ad strída vid svo margs-slags eymdir, ad ecki máttu undur þykja, þó hann einúngis þenkt hefdi um sjálfann sig, og um þær píslir, hann leid. Sínu andliti, vanvirdtu med hrákum og höggum, augunum þrútnum af tárum, snéri hann nú frá öllu og til

til þess, sem nú jók honum mesta qvøl. Máské Jesús hafi nú stadid bundinn vid stólpa, og lidid, án þess ad géta hrært sig, alla þá vanvirdu, sem honum var gjørd; engin medhøndlan, hvørsu grimmileg, sem hún var, féck honum vikid frá rósemi sinnar sálar, en þegar hann heyrdi, ad hans eginn lærisveinn formæidi sér med mørgum eidum, þá snéri hann sér vid til þessa manns, sem gaf honum lángtum tilfinnanlegri sløg, enn hin vóru, sem hann þola mátti af grimmum þrælum; hann leit til hans, til þessa ótrúa, hrædda vinar, sem ecki einúngis hafdi gleymt honum og vanvirdt hann, heldur þad, sem enn nú var þýngra, afneitad honum; hann leit til hans, þó ecki med því reidi tilliti, sem grimm-hjartadur hegnari lítur til fángans, ecki med þeim grimdar-augum, sem hinn, er órétt leid, lítur til síns mótparts, ecki med því stollta tilliti, sem hinn voldugi lítur til hins vesæla, sem hann þykist styggdur af; ecki þeim hefndar-augum, sem drepa vildu þann óvin, er sekan hafdi gjørt sig í nockrum misgjørníngi, þvílíkt tillit gat ecki stad haft hjá honum, hvørs heiløgustu augu sýndu einúngis hreinasta mann-kjærleika. Þad tillit hann gjørdi

til

til síns fallna læríſveins, var það augna-tillit, sem sýndi sáruſtu ſorg og viðqvæmaſta kjærleika; hefði Jeſús gétað talað, en máſké hann hafi nú verið ſvo meðfarinn, máſké ſvo ørmagna, að hañ hafi ecki, vegna pínuñar, fengið orðum uppkomið, en hefði hann gétað talað, með hvílíkum harmi og viðqvæmri áſtúð, mundi hann ecki ávarpað hafa ſinn læríſvein, minnt hann á ſín heityrði, géfið honum til kyña ſína hjartaſorg? þó var augnanna mál enn nú eptirtakanlegra fyrir Pétur; Jeſús þurfti ecki nema að líta til Péturs, til að ſegja honum þarmeð allt, hvað jafnvel ecki hin kroptugaſta orðſnild mundi hafa ſagt gétað; hvað ſá Pétur þegar hans augu mættu Jeſú augna-tilliti? al-blóðugt nábleikt andlit, augu af hvørjum tárin útfoſſuðu; og hvað ſagði þeſſi ſjón honum? Pétur! ſvo grimmilega er mér misþirmt, og þú, þú vilt líka auka mína pínu; ſjáðu! hvørſu mínir óvinir hafa útleikið mig; eg þoli høgg og háðúngar, og þú vilt einnin auka þær, hvørſu djúpt, o! Pétur! hvørſu djúpt ertú fallinn! Jeſús leit til Péturs; þannig lítur máſké trúfaſtur faðir til ſonar ſíns, ſem fyrrum var hans yndi, og væntanleg elli-ſtoð, en er nú afvegaleiddur

ur ordinn ad gudleysíngi, nú, þegar daudinn nálægir sig hinum aldrada fødur, lætur hann sinn forkapada son kalla, ad banasæng sinni; daudans ángist hefir svipt hann málinu, svo hann gétur engu ordi uppkomid; en hann lítur til sonar síns, og þetta sídasta tillit af þess deyjanda fødurs hálf-broſtnu augum, á ad sýna syninum hans sár-heita kjærleika og brennandi áhyggju um hans velferd; en þessi afmálun er allt of sljó til ad íminda sér þá vidqvæmni, er sýndi sig í Jesú augna tilliti til Péturs. Med ómotstandanlegri mañgædsku horfdi hann á hann, og svo aumkunarlega, sem ásjána hans var útleikin, svo var þo audþeckjanleg í hans gjørvøllu andlits-falli hin stærsta hógværd, vinsemd og ma.múdlegleiki; og o! Pétur! í hvílíkann eymda afgruñ hefdi ecki sálá þín nidursockid, hefdi ecki Jesú vidqvæmatillit nú hjálpad þér? hvørsu nálægur varstú ecki þeim háska, sífeldt lengra ad framgánga á lastañavegi, alltíd ad verda kaldsinnadri vid Meistara þinn, og forherdtari í hjartanu á móti sannleikans verkun? máské þú blindadur á lastanna vegi, hefdir svo lengi áfram haldid, þar til þín samvitska lokstins uppvaknad hefdi med pínandi

andi orvhlnun; hvílíkur óútmálanlegur kjærleiki! Jesús lítur til þín, nú þegar svo stort vidliggur; hans augna tillit átti ad minna þig á heit-yrdi þín; hans augna-tillit átti ad uppfylla hjarta þitt blygdun og hugar-ángri, vekja þig af þínum svefni, varna þér framhalds í syndinni, vera þín huggun í þinni einsemi, og sannfæra þig um þíns Meistara vidvarandi kjærleika; allt þetta vildi Jesús med sínu tilliti til Péturs hafa áunnid, og lofud veri hans nád, ad hann ecki bar forgéfins umhyggju fyrir þessa fortapada syndara frelsi; en þín nád hefir einneginn, eilífi Miskunari! gjört sig dírdlega á oss; ertú ecki sá, sem leiddir oss til baka frá fordjørfunarinnar afvegum á dygdanna veg, o! vor Gud? fyrir laungu værum vér í vorum syndum til grunna gengnir, edur vort hjarta for-herdt ordid móti øllum gódum hræríng-um, hefdir þú ecki virdt oss þinnar um-hyggju. Med hvílíkri trúfesti fylgdir þú oss ecki eptir? med hvílíkri gædsku uppleit-adir þú oss ecki? med hvílíkri makt útryckt-ir þú oss ei úr hættunni, þegar vér gengum á skadlegum afvegum? hvad ástúdlega leit-adir þú ecki ad oss, þegar vér med hræsni afneitudum þér, ad vor sála ecki skyldi tap-

ast? o! vor Herra og vor Gud! taktú aldrei þína náð frá oss! líttú medlídandi auga til vor, þegar vér med ordum, gjordum edur hugrenníngum afneitum þér, svo ad vér ecki deyjum, sem þíns kross-óvinir! líttú til vor med vidqvæmri miskunandi medaumkun, þegar freistíngarnar vilja fella oss, ad vér fá megum hugar-mód og styrkleika; líttú til vor, þegar vér hugganarlausir ætlum ad falla í örvhlnun vid endurminníngu vorra synda, svo ad vér finna megum rósemi vorum sálum. Æ! líttú til vor, þá loksins ad því kémur, ad vér liggja hljótum hjálparlausir, veikir og gledi fyrrtir á vorri bana-sæng, svo ad vér þá finna mættum endurnæríngu í vorri daudans-ángist!

XVI. Föstu-Hugvekja.

Péturs ydran. Lúc. 22.

Hvílíkann krapt hafdi þess sár-qvalda Jesú augna tillit. Hér syndi Jesús sig í fjötrunum, sem Herra þann, er allra manna hjörtu hefdi í sínu valdi. Hvörsu máttfarin og ávaxtarlaus eru ecki tídum vor ástúdlegustu og medlídunarsömustu augna-tillit, hvörsu sjaldan luckast gódum födur, ad fá sitt tapada barn leidt frá

villu-

villu-vegi, med því hrærandi augna-máli eda ødrum medølum þeim, sem ástsemi hans óskadi ad fá honum snúid med. Ødruvísi var Jesú tillit til síns fallna vinar. Þetta augna-tillit þreyngdi sér inní Péturs sál, og sýndi honum í einu bædi stærd hans synda, og þann háska, er hann hafdi varpad sér í. Þetta augna-tillit vakti hann af svefninum, sem hann var fallinn í, og leiddi í einu til hugleidíngar misgjørníngs síns. Pétur fékk ecki stadist Jesú tillit, med flýtir géck hann út af Biskups-stofunni, sem honum var ordin svo fárlegur stadur, hann gaf sig nú úr þeim syndara solli, sem leidt hafdi hjarta hans frá sínum Meistara; einvera var nú ad sønnu sorgleg fyrir hann, en þar hjá nytsamleg. Í einrúmi gat hann íhugad stærd síns misgjøríngs, og stærd Jesú nádar, þar gat hann ransakad med gaumgæfni, hvørsu hans hjarta var ásigkomid, er leidt var afvega af þeirri hrædslu, sem yfirféll hann; þar gat hann íhugad hvørsu smámsamann hann leiddist afvega, þar til hann loksins féll. Enginn efi er á því, ad vér mundum lángtum lengra komnir á gudrækninnar vegi, ef vér þannig fylgt hefdum Péturs dæmi. Svo lengi, sem

vér

vér fáum ecki slitid oss frá gjálífis solli og gledskap, í hvorju hjarta vort mist hefir sakleysid; svo lengi, sem vér leitum oss ánægju í ydduglegum vellystíngum, lystisemdum og óhæverfsku samtali, sem nidurdrepid hafdi híngad til hjá oss sérhvørn gudrækuis þánka; svo lengi, sem vér ecki umflýjum þá stadi, sem bjóda oss tækifæri til þeirrá synda, sem vér erum hneigdir til, edur kunnum leidast til ad drýgja, svo lengi verdur ad engu sérhvørr gódur ásetníngur, sem ver tøkum oss fyrir hendur. Byrjadu því, kristinn madur! med þeirrar ædstu nádar adstod, ad yfirgéfa, sem fyrst, þessa vegi. Settú þér fyrir sjónir, med hvorsu medlídunarsömu auga Jesús muni til þín líta, er þú svo tídum afneitar honum, med ósidsamri késkni, og margsslags sáfengilegum lystisemdum; hugleidtú, hvort þú mundir vilja hafa þañ ad sjónar-vitni þíns ósidsama framferdis, hvorjum þú ert skuldbundiñ ad veita stóran heidur, nú er Gud, þinn Jesús og Englarnir ætíd ósýnilegir vottar ad þínum syndsamlegum athøfnum, og vildir þú þá drýgja syndir þær í svo heidvirdra vitna nærveru, sem gjøra þig ad vidbjod í þeirra augum? æ! umflýdu þær lystisemdir, sem

þsinjog iñtaka þitt hjarta; flýdu þá stadi, hvar Gud og Jesús kann ecki nálægur ad vera med sinni nád. Gjørdu þér ómak, fyrir Guds anda krapt, ad sundurslíta þau fjøtur og hlecki, sem halda þér faungudum í lastanna valdi. Leitadu einveru þeirrar, sem þér var híngad til svo gledisnaud, því lengur, sem þú venur þig til einveru, því ábatasamara er þad þinn egin hjarta; þú lærir þarmed þá kunst ánægdur ad vera fyrir utan háreystis-gledi-soll, og ánægdur einmana, án afvegaleidandi vina-félags; þá muntú fyrst fá þeckt þíns egin hjarta rétta ásigkomulag, sem þér var dulid á medan þú lifdir í gjálífum heimsins solli. Pétur huldi sitt høfud af blygdun og ángri yfir drýgdum misgjørdum, er hañ géck út frá þessum synda-solli. Nú var honum horfid sjálfbyrgíngs-oftraustid á sínum eginn kroptum, sem hann stóladt uppá ádur, þegar hann vogadi ad segja til Jesúm: Herra! eg er reidubúiñ ad gánga í fángelsi, og í daudann sjálfann med þér; nú héldt hann ad hvørr einn, sem fengi sig augum litid, mundi géfa sér brixlyrdi fyrir veikleika sinn og óstøduglyndi, sérhvørr rádvandur mundi nú kasta á sig forakti. Æ! hvad mikid vantar oss á, ad vera þañig

ig sinnadir; máské vér sèum svo lángt komn-
ir á lastanna vegi, ad vér drýgt gétum stór-
syndir blygdunarlaust fyrir utan allt áng-
ur og trega. Máské vér jafnvel ecki rodn-
um framar vid, þó vér tølum hádyrdi,
klám, baktal edur lýgi, edur heyrum því-
líkt skammarlegt tal af ødrum. Máské
vér leitum vorrar æru í því ad vera hèr
sinnadir, sèm fordjárfadur almenníngur,
og þó vér sèum enn ecki ordnir svo blygd-
unarlausir í lastanna æfíngu, megum vér
þó vidurkénna oss stór-syndara ámóti Gudi.
Ad sønnu leidumst vér til blygdunar yfir
brestum vorum, þegar samvitskan, edur
trúr vinur, minnir oss á þau, en því eru
þau oss þá svo kjær og ástfólgin? o! Gud!
þú þeckir vora vanart, andmýktu vor
hjørtu, og haldtu oss vid þig stødugum!
Pétri, sem híngad til syndist hugsunar-
laus um þann sálar-voda, hann steypti sèr
í, og tilfinníngarlaus vid qvalir þær, sem
Jesús leid, brá svo vid Jesú tillit, ad hann
ecki einúngis géck út úr þessum þræla-hópi,
heldur grét beisklega; þetta var sú fyrsta
hægd, sèm hans særda hjarta gat fengid;
en þad var og hin fyrsta verkun þéss gud-
dóms kraptar, er samfara var Jesú augna-
tilliti. Hjarta Péturs var enn ecki for-
herdt

herdt ordid, á móti samvitskunnar brixlyrdum, hann fann stærd syndar siñar, sem vlli honum óbolandi sálar-óróseni, en fañ léttir í ad úthella bitru tára-flódi; ecki sídur høfum vér vrsøk til ad gráta biturlega vor afbrot. Gud vardveiti oss frá því tilstandi, ad verda tilfinníngarlausir, þegar vér yfirvegum fjølda og stærd vorra synda! hann vardveiti oss frá, ad gledjast nockurntíma af því, ad oss luckast ad syndga! hvørr, sem ecki finnur efni til ad ángrast yfir sínum syndum, hann fær ei heldur gladst af því ad vita sig til nádar tekinn. Gledja má þad oss, ad vér erum enn ecki svo forherdtir. Hugleidíng synda vorra og þeirra písla, sem Jesús fyrir þær leid, vekur nú, þá vér virdum þetta fyrir oss, í hjarta voru trega, og pressar oss tár af augum, en hvørsu skjótt eru ei þessi tár þornud og med þeim horfin sú einlægasta ydran, og hinn besti ásetníngur? varanlegri var sú verkun, er Péturs ydrunartár høfdu, valla munu þau þornad hafa ad fullu, hans lif var þadan af siféld ydran. Hafi hans kjærleiki til Jesúm veikur verid, þegar hann afneitadi honum, hvørsu sterkur, hvørsu ákafur og brennandi var hann þá ecki sídan, þegar Jesús

spurdi hann: Símon! elskar þú mig? já, Herra! sagdi hann, þú veitst alla hlúti, þú veitst ad eg elska þig. Í þetta sinn afneitadi hann Jesú fyrir hans óvina áugsýn, en hvörsu hugdjarfur medkénndi hañ þá ecki Jesúm sídan, ecki fyrir litlum hópi, heldur fyrir mørgum þúsundum hans mótstandara? þó ad hañ flýdi nú frá dómstóli hinna ránglátu, med hvílíkri gledi, lét hann sig ecki sídan færa frá einum dómstóli til annars, frá einu landi til annars, og til skiptis leida fyrir Gydínga og Rómverja rétt? þó ad hann hafi nú verid of hugdeigur til ad útgéfa lífid fyrir Jesúm, med hvílíkri gledi gaf hann sig ecki sídan í daudann fyrir hans nafn, og mundi þúsundsinnum hafa gengid med honum í daudann? o! ad vor ydran, vórt ángur og tár, hefdu eins varanlega verkun! o! ad vér, sem híngad til høfum Jesúm svo lítils aktad, mættum hér eptir elska hann því heitara, og verda honum því fastar áhángandi! en hvad megna þessar vorar óskir? Jesú! þiñ almáttugi kraptur beygi vorn vilja til þessa góda ásetníngs og styrki oss til ad framqvæma hann! þú, sem ecki útskúfadir þínum Pétri, þegar hañ grátandi leitadi nádar, medaumkunarsami,

náð-

nádar-ríki Lausnari! láttú oss og finna þitt andlit, þegar vort hjarta úthellir tárum og kløgunum fyrir þér! styrktú oss í þeim ásetníngi, ad offra þér oss, og eins og vér híngad til verid høfum heimsins eign, syndarinnar þénarar og offur vorra lystínga, svo láttú oss héreptir vera þína eign, þína þénara og þitt offur, og verda þad um alla eilífd!

XVII. Føstu-Hugvekja.

Guddómur þess lídanda Jesú. Lúc. 22.

Því framar, sem vér sannfærumst þar um, ad sá píndi Jesús sé hinn sanni eilífi Gud, því betur styrkist vor trú, um Jesú mátt og nád til ad fá oss hólpna gjørt. Jesús sætti því hentugu tækifæri vid hvørt hann fengi géfid sínum óvinum vitni um hvørr hann væri. Híngad til hafdi hann þagad til allra spurnínga, sem honum vøru gjørdar, hann þoldi án møglunar alla misþirmíngu, sem vid hann var í frammi høfd, en þegar til þess kom, ad hann vitna skyldi um sitt medalgángara-embætti, og sinn guddóm, þá taladi hann med allri djørfúng og alvørugéfni, hann gaf sínum óvinum klárlega til kynna, ad

almættis hans og hátignar opinberan, skyldi innan skamms byrja, þá nefnilega, er heilagur Andi yrdi sýnilega úthelltur, og hans reidi-dómur yfir Jerúsalem framkjæmi. Og hvad mátti sanna Jesú guddóm framar enn uppfylling þessa spádóms, sem skédi ad sáum vikum lidnum, og þegar sá fyrisagdi hegníngar-tími kom yfir Jerúsalem, vóru eñ þá margir þeirra lifandi og nálægir, sem nú heyrdu hans ord. Vér finnum ecki einúngis þessa, heldur miklu fleiri óræka røksemdir Jesú guddóms, jafnvel í hans djúpustu nidurlægíngu. Fyrifram vissi hañ hvørr sig mundi for-ráda; hann fyrisagdi tímañ, nær Pétur mundi afneita sér; med einu ordi varpadi hann óvinum sínum til jardar; hañ gjordi krapta-verk í sama bili og hann var til fánga tekinn; hann féck med einu augna-tilliti fallinn Pétur vakiñ til umvendunar; hann sañadi af krossinum, ad þad stód í hans valdi, ad taka syndarana til nádar, og þegar hann var nidurstíginn á lægstu nidurlægíngar-trøppu, og leid daudann, hvørsu dírdlega vard hann þá ecki, svosem Sonur Guds auglýstur? sólin formyrkvast, jørdin skélfur, grafirnar opna sig, og allt verdur samfara, til ad opin-

opinbera þessa deyjandi hátign. Hvörsu kroptugar hugganir finnum vér ecki í öllu þessu? vér sjáum ad guddómurinn styrkt hefir þá lídandi manndómlegu náttúru Jesú, svo ad hún fengi stadist, og borid písl-ir þær, er Frelsarinn hlaut ad lída mann-kyninu til forlíkunar. Vér sjáum nú ad vors Lausnara píslir, hafa omælilega stort gyldi, og nú fær fyrst Jesú pína og daudi í vorum augum sitt fulla verd, nú er þad audsjed, hvörsu þad, sem Jesús leid, óendanlega yfirgengur þad, allir hans píslar-vottar sídan lída máttu; mundi vor Jesús, einúngis fyrir þá skuld, útstadid hafa svo margfaldar píslir, og svo smán-arlegann dauda, ad vér í honum hafa mættum dæmi fyrir oss til eptirbreytíng-ar í vorum þjáníngum og vorum dauda? skyldi hann einúngis hafa þess vegna lid-id, þá fáum vér ecki skilid, hvörs vegna Guds Sonur var eginlega þar til valinn; og hvar til mátti þetta dygdanna ypp-arsta-munstur nota oss, ef vér ecki ásamt fengid hefdum krapta til ad líkjast því? nei! vér erum þarum sannfærdir, ad Jesú pína, er af óendanlega ædra verdi; vér sjáum í vors lídanda Jesú persónu, ecki einúngis trúarinnar píslar-vott, heldur og hennar

høfund og hetju, og í hvørju fótmálí, sem hann framgengur á sínum píslar-vegi, ecki einúngis munstur, heldur og svo offur fyrir syndugt mannkyn. Pad má í einu ordi segja, ad vér finnum sameinad í Jesú Píníngar-históríu, vorrar trúar- og sida-lærdóm, í Jesú persónu vorn Frelsara, og í vorum Frelsara vorn Gud. Jesú daudi, hvílíkur daudi, og fyrir oss! ad vera Gud og verda madur, til þess ad géta lidid óendaulega mikid, verda sá foraktanlegasti og lítilmótlegasti á medal mañaña; sveitast blódugum sveita í Gethsemane í strídi vid daudañ; hrópa á krossinum: Gud miñ! Gud minn! hvarfyrir hefir þú yfirgéfid mig? og deyja fyrir þverbrotnar mannsképnur, fyrir upphlaups-menn, fyrir oss, hvílíkur daudi er þetta! þannig dó enginn Stephanus, enginn Jacob, enginn Paulus. Yfirvegum vér Jesú Píníngar-históríu med rétta hugarfari, er þad ómøgulegt, ad vér fáum hana lesid, edur um hana þenkt, án þess ad vekjast til undrunar, medlídunar, trúar, kjærleika, þacklætis og eptirbreytíngar. Med hvørju brennandi kjærleika ættum vér ecki ad elska vorn Lausnara, sem svipti sig þeirri hátign og søgnudi, er hann hafdi hjá sínum fødur, til

til ad fá oss fríada frá þeim eymdum, sem syndin steypti oss í! hvørnig kann þacklæti vort, ad verda nógu brennandi, þegar vér yfirvegum þá óendanlegu sælu, sem vér egum vorum Medalgángara ad þacka. Æ! vort óþackláta hjarta, sem eñ nú elskar oflítid þann, sem oss elskad hefir inn til daudans! hrær þú, o Jesú! med þíns anda krapti vort kalda hjarta, ad í því upptendrast mætti brennandi elska til þín af þínum guddómlega kjærleiks eldi; haldtú oss stødugum í trúnni á þér æfinlega, þú, sem med þínum dauda hefir afrekad oss óendanlega sælu!

XVIII. Føstu-Hugvekja.

Tilgángur Guds, ad afhenda Jesúm í Heidíngjanna hendur. Jóh. 18.

Jesú Kristí Píníngar-historía, er partur af søgu um guddómsins huldu stjórnun, ellegar hún, má mikku framar heita: saman-søfnun undrunarverdustu adburda, sem nockurntíma hafa á jørduñi vidborid. Jafnvel þó Guds heilagleiki leyfdi ecki ad hann med nockru móti styrkti mannanna vondsku til síns Sonar lífláts, er hitt þó óneitanlegt, ad vér í sérhvørjum

jum parti Jesú þínu, sáum ad sjá augljós-
ust rök um guddómlega forsjón. Þad var
Guds forsjónar-verk ad framqvæma þad,
sem hann hafdi ályktad yfir Jesú, einúngis
med því ad lída og leyfa athøfnum manna
frjá sinn gáng, og sameina undrunarlega
adskiljanleg tilfelli, sem sýnduzt ské af ein-
tómri hendíngu. Þad var verkun Guds
forsjonar, ad leida fláræđi Gydínganna,
sem afhendti Jesúm í Heidíngjanna hend-
ur, ad þeim tilgángi, sem útkrafdist til
framqvæmdar þessu mikla forlíkunar-
verki. Í þessu efni høndludu Gydíngar
eptir rádi síns spillta hjarta. Þeir vildu
med Jesú afhendíngu til Heidíngja, velta
fólksins fjandskap uppá Rómverja, og olla
honum þvílíks dauda-straffs, sem gjøra
mátti hann ad vidbjód í alls Gydínga-
lýds augum. Þessi voudi ásétníngur luck-
adist þeim, en þad, sem héraf flaut, var
komid undir stjornun ædra vísdóms, þeir
hugsudu íllt, en Gud hugsadi þad til eus
goda. Án þess ad skérda í nockru hans
heilagleika, var Guds fyrirfram ákvard-
ada rád, ad Jesús afhendast skyldi í Heid-
íngja hendur. Hefdi Jesús dáid undir
Gydínga-lýds høndum, þá hefdi fregnin
um dauda hans, ecki svo audveldlega út-

bor-

borist til hinna heidnu landa, heldur hvílst einúngis innan takmarka Gydíngalands. Rómaborg og Grickland hefdi þá traudlega fengid hérum nockrar fregnir. En þá Jesús var af døgum rádiñ af hvørutveggjum sameiginlega, Gydíngum og Rómverjum, hlaut fregnin um hans dauda, því kunnari og útbreiddari ad verda, jafnvel á medal þeirra þjóda, sem í engu sambandi stodu vid Gydínga. Fregnin um krossfestann kraptaverka-gjørara, opnadi þegar veginn fyrir Evangelíum, fyrreñ Postularnir gátu komnir verid til hiña heidnu landa. Margir, sem heyrdu þennanu atburd, urdu þar vid leiddir til gódra þánka um Jesúm, ad minnsta kosti hrœrdir til medaumkunar vid hañ, og nú kuñu Jesú vitni, þá þeir bodudu vorn krossfestann Frelsara, ad skír-skota hér til, svo sem þess efnis, er bædi Gydíngum og Heidíngjum mætti alkunnugt vera. Þeir gátu nú bodad Jesúm hiñ krossfesta, hvørutveggju þjódiñi, sem þeirra Frelsara, þared hvørutveggju þessara lýda høfdu hjálpast ad Jesú lífláti. Hefdi Jesús dáid undir Gydínganna høndum, þá hefdi hann ecki getad lidid krossins dauda, sem einúngis var dauda-straff á medal Rómverja. En Jesús

ús átti eginlega eptir Guds ágvardada rádi ad líða þetta líflát, í hvørju sameinud var yfrið stór háðúng hinum allrabitrustu qvølum. Ad sönu hefdi hans daudi mátt forlíka, þó hann hefdi verid háls-høggvinn, sem Jóhannes Skírari, ellegar grýttur eins og Stephanus, en hvørsu gátu þá fyrirmindanirnar uppfyllst, sem Jesús sjálfur þýddi uppá sinn daud-daga? hvørsu gat Davíds spádómur þá rætst, þar hann svo mørgum hundrud árum ádur spád hafdi: ad Heidíngjarnir mundu setja sig upp á móti Messías, og samansafnast í hópatali, ad menn mundu ígégnumstínga hans hendur og fætur, og kasta hlutkésti um klædi hans. Ps. 2. og 22. Einúngis af þeirri orsøk var þad naudsynlegt, ad Jesús lidi krossins dauda, og dæi því undir Heidíngja høndum; en vid nágvæmari eptirþánka lærum vér ad þeckja enn þá annann tilgáng Guds, því hann lét Jesúm þenna daud-daga líða. Frelsarans daudi átti ad vera þvílíkur, ad hann deyjandi, væri sem háðúng og athlátur fyrir allra augum; þad átti ad vera þvílíkur daud-dagi, hvarvid hann úthellti sínu blódi, hvarvid hann yrdi bølvan fyrir oss, hvarvid enginn hans lima mætti sundur-brjótast, og hvarvid hann í

tali

tali sínu, og gjørvallri adferd, gæti med-
deilt dýrmætustu lærdóma og øbluguſtu
hugganir. Allt þetta gat audveldaſt ſkéd
vid krossins dauda. Í djúpustu audmýkt
tilbidjum vér, o! alvíſi Gud! þitt ráð, sem
í sérhvörju atviki vors Jesú pínu, sannfær-
ir oss kröptuglega þar um, ad þinn vís-
dómur hefir sigur unnid yfir øllum þeirra
ógudlegu rádslögunum, og framqvæmt
hid mikla verk, fyrir hvört heimurinn skyldi
frelsast. Hvörsu dýrmæt má ecki sála vor
vera í þínum augum, þar þú svo mikid
gjort hefir henni til frelsis? en þú hefir med
því, einnig sýnt mikilleik þinnar speki og
gædsku; þessa gædsku þína vill ecki heim-
urinn þeckja, þitt alvísa ráð er honum
heimska, og Jesú kross hneixli. Í vorum
augum eru þínar rádsályktanir, tilbeidslu-
verdasti vísdómur; Jesú kross er oss verd-
ugust vidurkénning, vor æra og vor trú;
þo ad heimurinn rádslagi á móti þér og
þínum smurda, mun hann þó, án sinnar
vitundar, já! jafnvel á móti vilja sínum,
neydast til ad framqvæma þitt ráð; mikli
Gud! hvörsu huggunar-ríkur er ecki þessi
sannleiki fyrir oss, í þessa lífs umbreyt-
ingum! eckért gétur oss í heiminum mætt,
nema hvad þinn alvísi hefir frá eilífd fyrir-

 sjed;

sjed; þegar vér trúum á Jesúm og elskum hann, þá mun allt, jafnvel hid íllgjarnasta vélrædi, sem menn høfdu á móti oss uppspunnid, hljóta ad þéna oss til besta, hann mun og reynast nógu máttugur til framqvæmdar sínu ályktada rádi med oss, hvada hindranir, sem mæta kunna; þad baktal, sem óvinir vorir vilja fella oss med, mun upphefja oss; hád-yrdi þau, med hvørjum þeir spotta oss, munu falla til baka á sjálfa þá; órósemin, hvørrar þeir vilja oss olla, mun efla vora lucku, og þó ad þeir svipti oss lífinu, mun þó daudinn opna oss inngaungu í betra líf. Þess høfum vér einúngis ad gæta, ad hjarta vort sé sinnad, sem Jesús var sinnadur, í øllum þeim þjáníngum, sem oss mæta. Sífeldt hljótum vér ad vardveita sama trúnadar-traust, vera svo undirgéfnir og hlýdnir Gudi, sem vor Jesús var, og varast ad olla oss samvitsku áklögunar, þá gétum vér óskélfdir mætt øllu, hvørju hellst, sem ad høndum ber, þá megum vér vera þess fulltrúa, ad allar ráds álýktanir vors Guds, munu loksins endast med nád og vegsemd, því séum vér honum trúir, heldur hañ í vora hægri hønd, leidir oss eptir sínu rádi, og medtekur oss loksins til æru.

XIX.

XIX. Føstu-Hugvekja.

Jesú sakleysi sannad af hans óvina sakar-giftum. Lúc. 23.

Híngad til høfdu Jesú óvinir framfært þær sakar-giftir honum á móti, sem í einfaldra augum máttu bera nockurt sannleiks skin; en, þegar þeir fengu þad nú reynt, hvørsu gagnlaus þeim vard þvílík vidleitni, blygdudust þeir ecki vid ad uppdikta opinbera lýgi, Jesú til áfellis. Þeir dirfdust ad ljúga uppá Jesúm þvílíkum sakar-giftum, sem øllum var audsætt ad ósannar vóru, því hvør lýgi var ótrúanlegri en sú, ad hann skyldi hafa fráfnúid fólkinu, og viljad æsa upphlaup, hann, sem einkis leitadi framar, en stilla til fridar og rósemi, og slúdi úr høndum alþýdunnar, þá fólkid vildi hafa gjort hann ad Kóngi? á medal þeirra mørgu á hvørjum hann sýnt hafdi sín dásemdar-verk, hafa efalaust nockrir verid svo þacklátlega sinnadir, ad þeir viljugir hefdu umbunad honum þegna velgjørnínga med hvørju hellst í þeirra valdi stód, en vér finnum þess hvørgi røk, ad hann bád hafi edur þyggja viljad minnstu umbun edur ávinníng fyrir sín mildirîku kjærleiks-verk. Aldrei leit-

leitadi hann med þeim egin fordildar edur ábata, hann vildi heldur lifa í forakti og fátækt, enn sýna minsta egingirnis skin, í gódgjørdum sínum. A hvada røkum byggdud þér þá, tilgjørnu Gydíngar! ad Jesús hefdi uppæst lýdinn? hvar hafdi hann nockurntíma þá kénníngu framfært, sem gæfi hid allra minnsta skin til þessarar sakargiftar? af hvørjum hans lífs atkefnum fæst þad í gátu leidt, ad hans fyrirtæki væri þvílíkt? optar enn eitt sinn hafnadi hann þeim voldum, sem alþýdan vildi hefja hañ til; hefdi honum verid añtum, ad fá sér flock alþýdu til fylgis, var þad audunnid, því fólkid, sem eins undradi hans kénníngu og krapta-verk, var honum yfrid fylgisamt, og hvørsu fúslega mundu ecki þeir sjúku, fátæku og fyrirlitnu hafa tekid hans málstad, og styrkt hans fyrirtæki, hefdu þeir þess varir ordid, ad hann vildi gjøra uppreisn nockra í landinu? eda því var nú lýdur þessi annars svo nýjúnga- og upphlaups-gjarn, svo afskiptalaus, þá foríngi þeirra var til fánga tekinn? andsætt er því sérhvørjum hvørsu átillulaus þessi uppljóstur var. Ei ad sídur svo blygdunarlaus og tilgjørn, sem þessi sakar-gift var, bættu þeir annari

lýgi-

lýgilegri vid: Jesús hefir, segja þeir, bañad fólkinu ad betala Keisaranum skatt. Sá er eginlegleiki hins forherdta og forblindada, ad hann lokfins nær þeim framförum í løstum, ad eckért fær framar minnstu verkun hjá honum gjört; þartil útkrafdist þvílík mannvondska, sem hjá Jesú fjandmoñum var nóg fyrir, ad kuña án blygdunar, án hugar-hrellíngar, já, án tilfinníngar, hlada eiñi ódygd ofaná adra. Í fyrstunni, þá menn villast á lastaña veg, gjørir samvitskunnar áklagan þá stundum vrólega; en, sem þeir taka ad æfast í løstunum, þagnar samvitskan, og drýgja þeir þá hvørn glæpinn ødrum stærri, án minnstu hjartans blygdunar; þañig var nú Jesú óvinum varid, þeir upplugu þessari sakargift á móti honum, sem ecki hafdi minnsta sannleiks-skin, því ecki nema fyrir tveimur døgum hafdi Jesús géfid Pharísæanna og Heródis þénurum gagnstædann úrskurd því, sem þeir nú frambáru. Uppá spurnínguna: hvørt rétt væri ad géfa Keisaranum skatt, hafdi hañ svarad þeim: géfid Keisaranum hvad Keisarans er, og þad Gudi, sem Guds er, og þó dirfdust þeir nú ad frambera þad, sem gagnstædt var Jesú ordum, og gjøra þennann lýgi-áburd

ad

ad lífláts-sök. En í hvílíkri birtu skín hér ecki vors Frelsara guddómlega sakleysi! svo vanvirdandi og vondskufull, sem hans óvina lastmæli vóru, er þó eckért þeirra, sem nidri hans heilaga líferni; þeir hefdu víst ecki þagad um hinn minnsta brest, sem fleckad hefdi hans líf, nú þá þeir leitudu alls þess, er honum mætti ad áfelli verda, heldur fagnandi valid til sérhvørja jafnvel ogætnis yfirsjón, sem í Jesú fari hefdi verid finnanleg, og fært honum til áfellis; en Jesú hreina og flecklausa líferni neyddi þá til ad grípa til lýginnar, og grunda á lognum lastmælum hans fordæmíngu; þvílíkañ ypparsta Prest skyldum vér hafa, sem væri heilagur, saklaus, ófleckadur og frá skilinn syndurunum, ef ad vér fríast ættum frá vorri skuld. Medalgángariñ sá, sem géck í borgun fyrir oss, mátti ecki fleckadur vera af nockurri synd, ef ad vér standast skyldum fyrir Guds dómi. O! hvørsu gledjum vér oss vid þitt sakleysi, vor lídandi Medalgángari! í eilífa ørvæntnun hefdum vér ordid ad falla, ef vér hefdum ecki þá huggun, þegar samvitskan áklagar oss, ad þú ert saklaus fundinn fyrir Gudi og mønnum.

XX.

XX. Føstu-Hugvekja.

Svikarans Júdasar óluckulegu æfilok. Matth. 27.

Þar stód sá óluckulegi Júdas, adfrañ kominn þeim afgrunns-hyl, sem girndaña afvegaleidandi villa, hafdi fært hann rétt ad, án þess hann gætti sín. Þar stód hann, sviptur allri hugar-rosemi, hann sá afgrunnsins botnlausa djúp undir fótum sér, géck nockur fótmál til baka aptur, nálægdi sig honum á ný, og nidurvarpadi sér lokſins í hann fullur ørvæntíngar. Já! ørvæntíngar-fullur! ó! hvørr fær skilid? hvørr gétur í húg sér leidt fulla meiníngu þessa hryllilega ords? hvørr fær útmálad allar þær ógnanir, sem í því ordi liggja fólgnar, án þess sjálfur ad hafa reynt ørvæntíngarinnar pýslir? og hvørr fær þessar pýslir reynt, án þess ad gánga til grunna undir þeirra tilfinníngu, eins og þessi blindadi syndari? í hvílíka óluckuu steypir syndin! þad er hinn fyrsti lærdómur, sem þessa ørvhlnada dæmi géfur oss. Þegar Júda kom fyrst í hug, sá gudlausi gjørníngur, er hann sídan drýgdi, þá blindadi hans dárlega hjarta hann svo, ad hann féck ecki sjed þá óluckú, sem fljóta mundi

mundi af hans synd, hann leit ecki lengra, enn til hinna vesælu nota, sem hann vænti sér af því, ad eignast fáeina peninga; hañ leiddi sér þá ecki í þánka, þá samvitskū ángist, sem uppfylla mundi hjarta hans, þegar hann framqvæmt hefdi misgjörníng siñ, ecki heldur kom honum í hug stærd syndar sinnar, þá hann fyrir skammarlegs áviñíngs-sakir, vildi gjörast svikari Meistara síns, og mordíngi síns velgjörara, og mátti þannig útslétta alla þacklætis,- trú-skapar- og rádvendnis-tilfiñíngu úr hjarta sínu. Þannig gengur þad hinum druckna, honum kémur þad ecki til hugar, í hvílíkañ háska, hann í sínu dryckjuskapar-ædi steypir sér vid hvørt fótmálid, sem hañ framgengur; hann hrædist ecki þann afgrunn, sem hann fetar ad, hann aktar ad engu vareygdar advaranir; en hvílík ángist má hann ecki yfirfalla, þá hann aptur raknadur úr rotinu, verdur þess var, hvørsu stór sú hætta var, sem hann hafdi steypt sér í, þegar hann sjer þá vanvirdu, sem á hann er fallin, og eymd þá, sem hañ er kominn í, án þess neinn fái hjálpad honum. Í þvílíku ásigkomulagi var Júdas staddur, þá samvitskan vaknadi og endadt ædi hans óstýrilágtu girnda. Nú setur hann

hann sér fyrir sjónir misgjörníng sinn svo vidbjódslegann, sem hann raunar var, hvörr einn þánki, sem hann reñir til sjálfs síns fyllir hann blygdunar, ángistar og nagandi órósemi. Nú vidurkénnir hann þá skammarlegu orsök, sem táldró hann til þessa svikrædis, þá lítilsverdu þrjáthgi sylfur-peninga, fyrir hvorja hann seldi Meistara sinn, og nú, þá hann sjer Jesúm til dauda dæmdann, þenkir hann til sinnar fordæmíngar, er hañ vænta má, á þeim mikla dóms degi, fyrir Engla og manna augsýn. Í þvílíkri þánkanna ángistarsamri óróesemi, virdist honum, sem hann þegar sjái þann af sér for-rádna Jesúm í sinni dírd, sem dómara sinn, rétt eins og hann heyrdi nú þegar þá þrumu-rödd, sem vísadi honum til hins eilífa elds; eins og hann þegar staddur væri á medal stallbrædra sinna í þeim stad, hvar allar píslir umkríngja hina fordæmdu. Til ad svipta sig þessum pínandi þaunkum, og til ad stytta ángist sína, til hvörs grípur þá þessi blindadi? hañ tekur fyrir sig verk, sem snýr hans hugar-ímindun til reynslu þess, er hann ímindadi sér, og gjörir qvöl hans óendanlega, hann gengur burt og hengir sjálfann sig. Svo ofbodslegur má þeirr-

ar manneſkju daudi verda, hvørrar líf var ſvo vidbjódslegt! en til þeſs krefſt ecki þvílík vondſka og forherdíng, ſem hjá Júda var, ad deyja í ørvǿlnun. Sérhvør ſynd, ſvo lítils jafnvel, ſem hun er ecktud, fær oſs leidda ad þeim ógnarlega afgrunni, í hvørn ſvikarinn Júdas er fallinn. Sú ſynd, ſem oſs virdiſt ſvoſem lítilfjørlegt ſand-korn, ámedan ſamvitſkan liggur í dái, kann þegar hún lokſins vaknar, ad þryckja oſs, ſem bjarg, og tortýna oſs undir ſínum þúnga. Nú er þad máſké í vorum augum léttvæg ſøk, ad misþirma hinum ſaklauſa, ad draga eckjur og fødurlauſa med ránglæti á tálar, ad ſetja til ſídu þá ſkyldu, er vér audſýna egum foreldrum og yfirbodurum, en munum vér og ſvo þannig dæma, þegar daudinn er ad oſs kominn? já! ſvorum vér, komi hann til mín, þá hann koma vill! ſetji mín ſamvitſka mér fyrir ſjónir ſtærd og fjølda minna ſynda, eg ſkal þó ecki, ſem Júdas, falla í ørvǿlnun. Med ſannri ydrun og ángri vil eg ſætta mig vid Gud, og þarmed gjøra mína ſamvitſku rólega. En, ſyndari! þú, ſem leitaſt vid ad hughreyſta þig med þeſſari huggun, þú gætir þeſs máſké ecki, hvørſu ángurfullt, og nidurbeygt

hins

hins ørvÿlnada Júdæ hjarta var, hvørnig hann leitadi allra þeirra medala, sem hann vænti nockrar hægdar af, sínu ángistar-fulla hjarta, hann var víst ecki svo rólegur, sem margur hvørr syndari er, eptir drÿgdann misgjorníng; hann fann til hins allra stærsta vidbjods fyrir sjálfum sér, og sínu vondsku verki; blygdun, ángist og hatur til syndar sinnar, vár hjá honum samfara þúngsinni og hjartans sárri hrygd. Hann þeckti misgjorníng sinn, og skammadist sín ecki ad vidurkénna hann fyrir þeim, er vidurkénníng þessi mátti vera hin ógédfeldasta. Hann géck til hiña ÿppurstu Presta, og snaradi blodpeníngunum fyrir fætur þeim, hann leitadi huggunar hjá þeim, og meinti ad fiña nockra hægd hjarta sínu, þá hañ med þessu moti fríadi sig frá nockru af þeirri byrdi, er á honum lá; en allt þetta gat ecki læknad hans særdu samvitsku, eckért linad þá qvøl, sem endurminníng hans vondsku olli honum, eckért frelsad hann frá sinni ørvÿlnun. Reyndu sjálfur, o! syndari! ad finna rósemi í bitru hugar-ángri og trega, þá sál þín er særd og slegin. Uthelltú táraflódi; láttú blygdun og vanvirdu beygja þig til jardar, hvad ávinnur þú med því?

þad ser svo fjærri, ad hjarta þitt fái vid þad minnstu rósemi, ad þad miklu framar má bresta þarvid undir sinni egin qvøl. Leitadu þér þá hægdar hjá þeim, er verid høfdu lagsmeñ þínir í þínum drýgda misgjørníngi; o! þeir, sem svo grimmir vóru sjálfum sér, kunna ecki vid þig ad vera medlídunarsamir; þeir, sem sjálfir enga rósemi hafa, géta heldur enga rósemi veitt; þó ad þú fyrir þeim úthellir bitru tára-flódi, mundu þeir og svo máské svara þér: sjádu þar fyrir! o! vei þér! þegar þú ert eínúngis kominn uppá þitt egid rád! vei þér! þegar þín egin vernd á ad frelsa þig frá fordjørfuninni! hér er ecki nema einn vegur eptir, sem fái þér hjálpad frá þinni ólucku. Láttú þitt ángur-pínda hjarta, leita rósemi hjá þeim, sem úthellt hefir sínu blódi fyrir allar þínar syndir. Hefdi Júdas med ángist og trega yfir sinni synd, nálægt sig Jesú, hvørt mundi hañ, med miñi hjarta-gædsku hafa á móti honum tekid, eñ á móti Pétri, sem afsór hañ? o! Júda! því skundadir þú ecki til hans, sem þú hafdir med þínum misgjørníngi á móti brotid, heldur enn ad gánga til hinna grimmu skálka? fyrir honum skyldir þú úthellt hafa tárum, en ei þeim, er þig høfdu táldregid; hann

hann hefdi víst afþurkad þín tár. Fyrir hann áttir þú ad nidurleggja þad ydrunar-offur, sem þínir óvinir forsmádu, æ! Hann hefdi tekid á móti því med gledi; honum áttir þú ad vidurkénna þinn misgjørníng, hann hefdi fyrirgéfid þér allar þínar syndir, og hughreyst þitt ángistar-fulla hjarta med síñi endurlausnar-huggun. O! ad þessi huggun væri æ lifandi í vorri sálu, þegar vér enga rósemi fundid gétum, en vér med hjartans ángri minnumst vorra misgjørda! lát oss þá, o! Jesú! ecki ad eins sjá stærd vorra synda, heldur ásamt stærd þinnar miskunar, sem hylji þær, þegar umþenkíng Guds réttlætis og heilagleika uppfyllir vort hjarta skélfandi blygdun, láttú þá íhugun þinnar miskunar aptur hughreysta þad. Ogni oss tilhugsan þeirrar fordæmíngar, sem vér med vorum syndum høfum verdskuldad, láttú þá oss í hug koma, þad fullgylda lausnargjald, med hvørju vér erum fridkeyptir frá eilífri fordjørfun!

XXI. Føstu-Hugvekja.

Jesú játníng fyrir Pilató. Jóh. 18.

Til eblíngar trúar vorrar og rósemi, er harla naudsynlegt ad þeckja þig, vor

 píndi

píndi Frelsari! ad vera Konúng, af hvørjum vér med rétti vænta megum alls þess, sem útkrefst til vorrar lucku og frelsis. Pínir egin lærisveinar hefdu kannské traudlega þeckt þig, undir þeirri stóru vanvirdu, sem þú lída hlautst, þegar á þér var engin mind eda fegurd, þú varst sá foraktanlegasti og fyrirlitnasti, fullur pínu og kránkleika, svo foraktadur, ad menn huldu sitt andlit fyrir þér, sem fyrir þræl. Því var øll þørf, ad þú gjørdir játníngu um þína kónglegu hátign; og þó ad þessi játning væri fyrir Pílató ávaxtarlaus, er hún þad þo ecki fyrir oss. Oss er þad nærsta mikils-verdt, ad vér vitum: ad Jesús er Kóngur, hann er hinn fyrirheitni Messías og heimsins Frelsari. Nú hverfa allar sannsýnilegar mótsagnir, sem vér híngad til sýndunst fundid hafa, þá vér leitudum hans kónglegu hátignar. Oskiljanlegt var oss þad, hvørnig Jesús kynni Kóngur vera, og þó svo foraktadur, svo skammarlega misþirmdur, og svo djúpt nidurlæckadur; þad var oss ógrípanlegt, ad Jesús, sem Kongur, kynni hafa svo fáa þegna, og svo fáa af hinum ríku og mektugu, sem heita mættu þegnar hans; ad Jesú skyldi gefin øll makt á himni og á jordu, en ad jard-

jardarinnar Furstar deildu þó heimsins löndum og ríkjum á milli sín. Ad vera Kóngur og vera þó svo foraktadur, sýnist ad vera sjálfu sér mótsegjandi; en nú upplýsist þetta myrkur; hann er Kóngur, en hans ríki er ecki af þessum heimi, hans ríki er sannleikans-ríki; vel sé oss, ad Jesú ríki er ecki jardneskt; nú høfum vér hugfróa, þó vér finnum hvorki vini, lucku né metord í heiminum, heldur eymd, forakt og fátækt; nú skal þad ecki villa oss, þó vér fáum ecki allt þad, sem vér óskum oss, og væntum hér í lífi. Jesú ríki er ecki af þessum heimi, þessu ríki er ødruvísi háttad enn jardarinnar Kóngs-ríkjum; vér þurfum ecki vid stórrar penínga-summu; vér þurfum ecki ad offra blódi voru né audlegd, til ad fá oss stad keyptann í þessu Kóngs-ríki; vér þurfum ecki ad eydileggja oss sjálfa, til ad auka veldi vors Kóngs; ecki þurfum vér ad óttast fyrir missir audæfa þeirra, sem vor Kóngur hefir oss í hendur fengid. Jesú ríki er ecki af þessum heimi: jardnesk ríki eru undirkøstud vidvarandi biltíngum, þeirra makt og prýdi varir skamma stund, en þetta ríki mun útbreida sín takmørk lángtum vídar, heldur enn tídin á-qvardar jardneskra ríkja varanlegleika;

þegar allir Trónar og Herradœmi uppbrennast, þegar Kóngar verda lítilœckadir og gjørdir jafnir ølmusú-mønnum, þegar enginn á neitt þad, sem hann megi yfirdrottna, þá byrjar fyrst vort ríki, þá munum vér upphefjast til œdstu tignar og ega alla hluti. Jesú ríki er ecki af þessum heimi. Þér dramblátu jardnesku Kóngar! stœrid ydur ecki, þá Jesú-ríkis vinir standa fyrir ydrum dómstóli, þá vor Kóngur sjálfur má verda af ydur fordœmdur; hvørsu snøgglega munud þér ecki sviptir øllum ydar gérsemum, allri makt, øllum heims virdíngum, hvørsu brádum munud þér ecki standa frammi fyrir þeim fordœmda Jesú, og vér munum upphefjast vid hans hlid, þegar þér verdid fordœmdir til eilífrar hádúngar. Jesú ríki er ecki af þessum heimi. Látum Kónga og kappa leita sér vegsemdar med inntøku landa og ríkja; látum þá audmýkja hina hofmódugu, og útbreida ógnanir og fordjørfun í kríngum sig; vor Kóngur er allra mañа velgjørari, hans hrósun er ad gjøra vel, og ad gjøra øll jardarinnar lønd luckuleg; í hans ríki er óhult rósemi. Jesú ríki er ecki af þessum heimi. Þessi jørd med øllu hennar ríkidœmi og sýnilegu lucku, er ofá-

fátæk til ad umbuna einum Jesú undirsáta; hvader allt þad, sem hún gétur géfid oss, á móti því, sem vér væntum oss í hinum heimi. Um þetta géfur vor trú oss óræka fullvissu; en því högum vér oss þá ecki samsvarandi þessari trú? sé Jesú ríki, hvörs undirsátar vér erum, ecki af þessum heimi, því er þá vort hjarta enn svo fast bundid vid þessa jörd? því gjöra þá litilvægar þjáníngar oss módlausa? því hræðunst vér þá, sem í helslá líkamann en kunna ecki ad deyda sálina? því keppunst vér med svo stórri laungun eptir ríkdómi þeim, sem heimurinn máské býdur oss? því skélfunst vér þá svo mjög fyrir daudanum, dóminum og eilífdinni? mundum vér þannig adfara, værum vér þarum fulltrúa, ad Jesú ríki ecki væri af þessum heimi? hvorju egum vér, hvorju gétum vér til þessa svarad, án þess sjálfir ad blygdast? vér erum ecki áqvardadir fyrir þenna heim; vér vitum, ad hinn komandi heimur er sá, til hvörs vér egum ad gjöra oss hæfa, hvorn vér elska egum, og meta öllu framar; en vort stundlega síñada hjarta, sviptir trú vora krapti þeim, er hún sýna á; á þessu augnabliki fáum vér fundid, hvörsu ysrid veikt vort hjarta er; vér sjáum med

hvílíkri djorfúng þú, o! Jesú! gjordir játníngu þína fyrir Pílati dómstóli, þó ad þú víssir, ad þessi játníng mundi olla þér nýrrar misþirmíngar; þá vér viljum heita þíns ríkis undirsátar, erum vér einnegiñ skuldbundnir ad vidurkénna þig fyrir moñum. Vér egum ætíd og allstadar ad vidurkéña þig, til hvörs nafns vér skírdir erum, þig, sem géfid hefir oss sjálfann þig til egindóms, og í hvörs ríki vér lifum. En hvad veika finnum vér oss ecki til æfíngar þessarar skyldu, ef vér yrdum krafdir til, ad strída fyrir Jesú ríki, ef einn dómari edur vantrúadur vildi spyrja oss, hvörn í sinn stad: ertú einn af þess krossfesta Jesú undirsátum? mundum vér þá djorfúng hafa til ad svara: já! eg er hans þegn; eg er til þess fæddur og endurleystur, ad eg skuli bera vitni sannleikanum. Qvída megum vér því, ef svo ástædi, ad vér mundum fyrr ollu afneita, enn missa fyrir þá skulld lucku vora, metord edur líf; vér mundum álíta Kóngsins nád, hinna vísu samþycki, ellegar ábata-von nægilega umbun fyrir missir sálu vorrar. En þó ad vér fengjum nú þetta skadlausa endurgjald um stundar-sakir, hvad mun þó þá af oss verda, þegar oll heimsins ríki og þeirra

dírd

dírd sýnast á dauda-stundunni eins og eintómt dupt fyrir vorum augum? hvad fær þad notad oss, þó allar heimsins lystisemdir, fyrir hvørra sakir vér afneitudum Jesú, uppfylldu huga vorn, vér yrdum þó brádlega leidir á þeim, og findum hvørsu léttvægar þær eru. O! Jesú! svo dárlega megum vér aldrei breyta, ad meta heiminn meir en himininn, veri þad oss øllum hlutum dýrmætara, ad vera undirsátar þíns ríkis, og hafa þess vegna þá glødu von, ad inngánga í þitt dírdar-ríki, sem þú hefir oss afrekad.

XXII. Føstu-Hugvekja.

Þad Jesús leid vid Heródis hof. Lúc. 23.

Med sama stødugllyndi og hjartans rósemi finnum vér Jesúm allstadar, samur er hann, hvørt sem hann hæddur er af Heróde og hans hof-fólki í Kóngshøllinni, ellegar hann er á allañ hátt þjakadur af miskunarlausum þrælum í Biskups-stofunni og Pílatí Dómhúsi, vid ollu þessu tekur hann med þøgn og þolinmædi. Þad var ecki lítil vanvirda fyrir hann, ad þola hádyrdi og grimma medferd af jardneskum Kóngi, hvørs skylda þad var ad

taka

taka sakleysid í forsvar; en þessi medhöndlan skérdti ad engu Kóngs-tign hans, því hans ríki var ecki af þessum heimi. Jardarinnar Kóngar mega samankoma ámóti Drottins smurda, sá alvaldi gjörir þeirra ráð ad engu. Þessara Jardar-guda hátign og veldi standur tídum á svo völtum fæti, ad þess grundvelli er kollvelt fyrr enn menn vænta þess. En Jesú ríki hefir engann enda og þess takmörk skulu grundvallast vid hinar ytstu heims-álfur. Enga skérdíngu gat því Jesú guddómlega Kóngs-tign lidid af háduglegri vidhöndlun Heródis, sem völd sín hafdi þegid af Rómverja náð; ad engu gat hann mínkad veldi hans yfir endimörkum jardarinnar, sem hann frá eilífd hafdi ad arfleifd fengid. Ecki ad sídur mátti þad þo vera Lausnara vorum nærsta sárt, ad vera hafdur til háduglegs athláturs af þeim gudlausa Heróde og hans vildarmönnum. Þessi sællífi Kóngur hafdi fyrir laungu girnst ad sjá Jesúm, og forvitni hans gjördi hann enn nú laungunarsamari eptir ad komast í náqvæmari kunníngskap vid hann. Hann vard nærsta gladur vid tækifærid ad sjá þennann svo nafntogada og undrada Spámann; og þegar hañ sá

hann og fann þad ecki hjá honum, sem mettadi forvitni hans, þá blygdadist hañ ecki ad afhenda þann saklausa bundinn, sem hann engann rétt hafdi yfir, til síns hof-fólks hædni og adhláturs. Herodis adferd minnir oss á margra manna adferd, sem vidurkénna Jesúm af hégómlegum tilgángi, ellegar láta hjá sér sjá vantrúar-blandna forvitni, undir lofsverdrar fródleiks laungunar skini, ellegar, sem ofdjarflega vilja dæma um Guds almættis gjörnínga. Heródes, og hans líkar, veri oss til vidvørunar, hvørsu audveldlega vér af forvitni edur léttúd, leidast kunnum til ad forakta Jesúm og falla þarvid í skadvæna vantrú; en munum vér þá halda þessari varúd sífeldt stødugri í hjarta voru? því er midur! vor egin sorgleg reynsla sannar þad, sem er þvert á móti. Eckért finnum vér óstødugra enn vort egid hjarta. Á einum tímanum unntum vér af øllu hjarta gudhrædslunnar sannleika, en hvørsu lengi varadi þad? skømmu sídar var þetta goda hugarfar horfid, og vér vórum tilfinníngarlausir og kaldgédja ordnir vid gudhrædslu og allt þad gott er. Þad gétur skéd, ad þeir, sem nú hæda Gud, og hans heiløgu trú med frekri léttúd og

gud-

gudleysi, hafi í fyrstu efast um Evangelii sannleika, gésid sig til ad grubla hér í ofsrekt, framar af forvitni og drambsemi enn af kjærleika til sannleikans, og smámsaman inntók léttúd og oflæti svo sálu þeirra, ad þeir mottu nú sinn eginn hugþótta meir enn klárar røksemdir um sannleikann. Þessir skirrast ecki lengur vid, ad brúka Guds ord jafnvel til skammarlegrar skémtunar. Gud vardveiti oss frá þvílíkri léttúd og fásinnu, og varni oss þeim vegum, er þar til leida, hann styrki oss veika til ad vaka svo trúlega yfir oss, ad vér géfum oss aldrei siálfir tilefni til svo háskasamlegrar villu. En hvørsu nágvæma varúd hljótum vér ecki hér til ad brúka, svo ad vér leidumst ei af heimsins drottnandi lifnadar-máta til ad forakta vorn Lausnara og hans Evángélium. Því midur! ecki einúngis í Kónganna høllum og í hinna voldugu slotum, heldur jafnvel og í hinna ædri hýbýlum mundum vér finna, ef leitad væri, allt of marga, sem haga sér vid Jesú lærdóm vidlíka og Heródes hér med sínu hof-folki vid Jesúm; og hvørsu varúdarsamlega megum vér þá ecki framgánga, ef vantrúin á ecki einnig ad festa rætur í hjarta voru. O! Drottinn!

inn! vardveittú hjarta vort frá afvegalockunum hinna vondu, og styrktú oss til ad vidurkénna þig, óskélfdir fyrir heiminum med følskvalausu hjarta, svo ad vér þurfum ecki á sídan blygdun ad mæta, þá vér framleidast skulum fyrir þinn dóm.

XXIII. Føstu-Hugvekja.

Jesú umbþti vid Barabbam. Jóh. 18.

Sjálfum himninum má ógna þad, ad Israel drýgir nú tvofalda synd; hañ frelsar mordíngjann Barabbam, frá daudanum, en útgéfur hinn saklausa Jesúm í daudann. Hans líf, sem úthellt hafdi manna-blódi, frelsast, en hinn, sem hafdi frelsad svo margra líf frá daudanum, aflífast. Þeir lída, ad saka-madurinn lifi, en svipta hinn saklausa lífinu. Varla er møgulegt ad ímynda sér, hvørsu vidbjódsleg þessi gudlausa adferd var. Alltíd er þad gudleysi, ad leyfa og lída þad, ad hinn saklausi áreitist og mæti órétti; alltíd er þad himinhrópandi synd, ad þeir, sem vera áttu sakleysisins vernd og forsvar, gjørist þess áklagarar. En þegar mannvondskan er svo lángt komin, ad løg og réttsýni fóttrodast, til þess ad fá skad-

skadad hinn saklausa, og ad heldur skal unna löstunum enn forsvara dygdina, þad yfirgengur alla mann-vondsku, en þannig höndludu þó Gydíngar vid hinn saklausa Jesúm. Þeir vóru jafnvel ecki ánægdir med þad, ad framselja hann undir allsslags misþirmíngu og gjörast hans ofsóknar-menn og áklagendur; þeirra gudleysi géck enn þá lengra; þegar til þess kom ad annadhvört skyldi gylda, ad ráda af dögum einn mordíngja, edur þess mannlega kyns velgjörara, ad rydja af veginum Barabbas edur Jesú: hvad gjördu þeir þá? þeir gjördu þad, sem helvíti vildi hafa gjört til ad efla lastanna framgáng, en tálma dygdinni, þeir frikénndu mordíngjann, en afhendtu hann saklausa í daudann. Hvörr fær nú útmálad edur í hug sér leidt, hvad Jesús hefir lída mátt undir þessari medferd? honum er samjafnad vid mordíngja, og endalokin sýndu þad, ad menn héldu hann hvörjum mordíngja verri. Þad var ecki eintómis útvortis vanvirda, sem mátti pína hann, hinn sárasti þánka hans mátti sá vera, ad hans fólk, hans egindóms-fólk útskúfadi honum, og vildi hann ecki, sem sálu-hjálpara. Þrjú ár hafdi hann allri áhyggju og ómaki var-

id til ad leita fortapadra sauda af húsi Israels, hann hafdi eydt kroptum sínum í strangu erfidi fyrir þeirra velferd. Oll hans kraptaverk, hans lærdómar og framferdi hans, mátti sannfæra þá um hans ædri áqvördun, ad minnsta kosti um sakleysi hans, en nú sýndi þad sig, ad hann hafdi forgéfins erfidad, og forgéfins leitast vid ad frelsa þeirra sálir. Med hvörsu miklum og óteljandi velgjörníngum, hafdi hann ecki gjort sér fólk sitt skuldbundid, og þetta áttu nú ad vera launin fyrir hans velgjordir og ómak, fyrir hans nætur-vökur, hans mædusömu reisur, og allt þad erfidi, sem hann hafdi uppátekid sér til hjálpar aumum; mátti þad ecki sárt særa sálu hans ad sjá, ad lýdur þessi, fyrir hvörn hann hafdi útgéfid sig, var svo gleyminn allz þess góda, er hann hafdi gjort honum, ad allir, svo ad segja, sem med einum munni óskudu dauda hans? Ei ad sídur, bar hann þó van-virdu þessa med ósigrandi þolinmædi, hann hugsadi ecki svo mjög til órettar þess, er óvinir hans gjordu honum, sem til síns fodurs vilja, eptir hvörjum hann reiknast átti á medal íllgjorda-manna. Hann hugsadi til gjörvalls mann-kyns, hvörju þessi hans pína verda átti til for-

líkunar, því þegar Jesús var útskúfaður af sínu egin fólki, bar hann þá skuld, sem á oss átti að hvíla, svo að vér þurfum nú ecki qvíða útskúfun frá Guði. En vér fáum ecki skilist við þenna sorglega part Jesúþínu, án þess að taka af honum lærdóm fyrir vort egið hjarta. Af því, sem fram við Jesúm kom, er oss auðsætt almennings ostoðuglyndi. Fólk þetta, sem fám døgum áður hrópaði: hósíaña! til Jesúm, sem képptist þá við að sýna honum vegsemd og heiður, hrópar nú fjøllmunum hærra krossfestíngu yfir honum. Hvørsu skyldum vér þá treysta miega alþýðu lofi? hvørninn megum vér þá vænta støðugrar hylli? í dag erum vér með lofi til himina hafðir, en á morgun með lastmælum eins niðurlæckaðir. Og hvørsu rólegur má ei hvorr af oss vera, þegar vér erum oss sakleysis meðvitandi? hvørsu ánægðir gétum vér ei verið, við sérhvørja mótsogn, við sérhvør háðyrði, við alls-slags vondsku og hreckja brøgð, þegar vort egið hjarta géfur oss það vitni, að vér framgengið høfum með ráðvendni fyri Guði og mønnum? látum því svo vera, að vér álitnir værum fyrir afhrak og hreinsun veraldar, og útskúfaðir úr sambúðum manna,

nægj

nægi þad oss þó, ad hafa gódrar samvitsku hrósun og vegsemd hjá Gudi, og vér þeckjum fyrir utan þenna heim óhultann tilflugts-stad, hvört vér flúid gétum, og þari lifad eilífri rósemi. Þegar vér géfum gætur ad heimsins drottnandi áliti, finnum vér þad ecki undrunar-verdt, ad Gydíngar voldu svo dárlega ámilli Jesúm og Barabba. Heimsins börn þenkja enn vidlíkt; enn þá er synd og fíblska meira metin enn Jesús; lífid og daudinn, ljósid og myrkrid, frelsi og þrældómur, dygdir og lestir, eru mönnum af Gudi til vals fyrirlagdir, en hvörninn velja menn þá almennt? burt med samvitsku, verdur opt svarid, géf oss góts og peníuga! burt med Guds barna frelsi, géf oss syndarinnar hlecki! burt med Jesúm, géf oss virdíngar og vellyst! burt med himininn, géf oss heiminn! en hvörnig höfum vér þá sjálfir valid? æ! svo lengi, sem vér elskudum heim þenna og holdlegar girndir, var oss þad þægara ad frida vorar tilhnegíngar, enn ad taka uppá oss Krísti kross; skammvinn nautn vorra lystínga var oss lángtum kjærari, enn tilfinníng Jesú kjærleika; heimsins vísdómur var oss lángtum mikilvægari, enn Jesú kross-

vísdómur, æ! hvørsu aumir hefdum vér ecki verid, ef vér hefdum alltaf verid sjálfrádir í þessu vali? þá vér ecki útveljum vorn Jesúm, útveljum vér vora egin ólucku; þegar hann burtvíkur frá oss, víkur undir eins burt frá oss øll nád og blessan. J hvørsu óútmálanlega ánaud og eymd féll ecki fólk þetta, sem med þvílíkum mótþróa hafdi útskúfad Jesú? þeir vildu hafa bølvunina, og hún kom yfir þá og børn þeirra. Allt frá því augna-bliki, er þeir út-talad høfdu þau skélfilegu ord, veik Jesús frá þeim med nád sinni, og í hans stad komu hirdarar til þessa forherdta fólks, sem leiddu þad á villu-stigu, mord-íngjar, sem eydiløgdu þad, og táldragarar, sem flýttu þess undirgángi. O! Jesú! lengur viljum vér ecki haga oss svo óvinsamlega ígégn þér, né vorri egin velferd. Vort val er fast ágvardad: burt med heiminn, hans syndir og lystisemdir, vér viljum eignast Jesúm og himininn; vér viljum sáluhólpnir verda.

XXIV. Føstu-Hugvekja.

Gydinga skélfilega ósk yfir sjálfa sig. Matth. 27.

Aldrei hefir nockur ósk gjørd verid med þvílíkri drambsemi, samdrætti og ákéfd,

ákéfd, sem þessi Gydínganna, er krafdi Jesú blód yfir sig og børn sín; ecki var hún framfœrd af brádrœdi, í reidunn grimdarhuga, heldur af illgirnis hatri og vondsku. Þetta blíndada fólk mátti þeckja Jesú persónu og sinnislag, þad var sjónar-vottur ad Jesú flecklausa líferni. Opt hafdi þad heyrt þá guddómlegu lærdóma, sem hañ framflutt hafdi, og sied þau krapta-verk, er hann hafdi gjørt. Pílatus vardi øllu ómaki til optar enn eitt sinn, ad fá Jesúm fríadann, en þeirra hefndar-gjørnu og blód-þyrstu hjørtu urdu ecki fridstillt, þeir hrópudu því ákafar: krossfestú! krossfestú hann! og þegar hinn heidni dómari sagdi sig síkn-saka af þess réttláta blódi, hrópudu þeir: hans blód komi yfir oss, og yfir børn vor! þetta blód kom og yfir þá, og yfir børn þeirra. Þessi óttalega bølvan, svo stór hún ordid gat, féll yfir þeirra høfud. Sá gjørvalli lýdur, sem samankominn var í Jerúsalem til Páska hátídarinnar, drýgdi þessa himinhrópandi synd, og Guds hefnd féll yfir hann, á annari Páska hátíd, þá allir Gydíngar vóru samansafnadir í Jerúsalem, svo ad enginn þeirra féck umflúid Rómverjanna sverd; þeirra misgjørníngur var, ad þeir útskúf-

udu þeim sanna Messía, og sídan vard þad uppsprettan og tilefnid til allra þeirra eptirfylgjandi þreyngínga ad þeir hvurfu aptur ad þeim, er falsklega gáfu sig út fyrir ad vera Messías. Med Jesú lífláti vildu þeir hafa hindrad, ad Rómverjar kjæmu, og tækju frá þeim lönd og lýdi; og þetta sama, er þeir hindra vildu, kom yfir þá; Rómverjar komu og gjørdu þá ad þrælum. En vid þetta beid þó ecki gudleg hefnd, heldur fylgir hún þeim sídan um vídar heims-álfur, og nú eptir ad þeir þegar meir enn seytján hundrud ár, hafa landflótta farid, eru þeir í sérhvorrar þjódar augum, sem vidvarandi og audsjáanlegt minnis-teikn guddómlegrar hefndar. Gat nockur røksemd uppá Jesú guddóm og saklevsi klárari verid og órækari, enn þessarar bølvunar óskar uppfyllíng á mordíngjum hans? hvørr fær adra álydtun hér af dregid enn þessa: engin þjód hefir nockurntíma frá heims byrjun þvílíku straffi sætt, sem þessi þjód, sé þad satt, ad þjóda-straff fljóti af þeirra syndum, þá mun þessi þjód hafa drýgt svo vidbjódslegann misgjørníng, hvørs líka engin þjód ønnur hefir drýgt, og hvørt glæpa-verk fáum vér stærra tilnefnt enn Jesú blóds-úthellíngu. Þetta blód,

blód, hvørs skuld þá offœkir, hefir saklaust blód verid en einkis saka-manns, Guds Sonar blód, en ecki almennilegrar manneskju. Hvørsu óransakanlega sjáum vér ecki hér í vegi guddómlegrar forsjónar! vegna krossins hneixlis og marg-slags lítilfjørlegra atvika vid hans nidurlægíngu, létu spekíngar heimsins, þeir háu og voldugu, sér halda frá því, ad taka trúna; en þessi fordómur á móti kristinndóminum, var honum nær því til ávinníngs; þá menn sáu Jesú mordíngja heimsókta med svo markverdu og óvenjulegu straffi, tóku menn til ad vidurkénna þess krossfesta Jesú verdugleika, og hans píſla óendanlegu forþénustu. En hvílíkann vidbjod má ecki Gydínga ólucka hjá oss vekja vid þvílíkum glœpum, sem leida reidi Guds bædi yfir einstakar persónur, og gjørvøll lønd og lýdi? hafi sú þjód, sem Gudi var kjærust á jørdunni, Guds útvalda fólk misst rétt til Guds nádar og verndar vegna synda sinna, hvada fullvissu høfum vér þá um þad, ad oss ecki hitta muni sá sami dómur, ef vér foroktum og vanbrúkum hans nádar-veitíngar? kann ecki Guds ríki, hvørs vér gjørum oss óverduga, frá oss ad takast, og géfast því folki, sem færir

betri ávøxt? æ! enginn af oss afnelti sán-
num Drottni, sem hann hefir endurkeypt;
enginn af oss hafi hans krossfestíngu
edur lærdóma ad hádi. Hafi Gyd-
íngar mætt svo ógnarlegum hefndum,
hvørsu miklu hardara straffi nunu, þá
þeir kristnu qvída mega, þá þeir, hvert á
móti sínni þeckíngu, troda Guds Son
undir fótunum, og halda testamentisins
blód almennilegt, fyrir hvørt þeir eru helg-
adir? þú, vor guddómlegi Medalgáng-
ari! vertú oss blessadur: þú skalt eilíflega
vera vor hrósun, vor gledi og huggun;
eckért er hjá oss ad finna nema vanmátt,
óverdugleika og ørbirgd, en nú høfum vér
þad, af hvørju vér megum hrósa oss, þad,
ad vér erum endurleystir med Guds Son-
ar blódi; komi þetta blód yfir oss til betr-
unar oss og miskunar, til styrkleika og
huggunar, og þó allrahelst þegar vér
framkomum fyrir þinn dómstól! o! Jesú!
lát þá þíns blóds minníngu endurnæra
oss, og þá trú ad vér fyrir þad séum útvald-
ir til hins eilífa lífsins!

XXV. Føstu-Hugvekja.

Jesú húdstroka. Matth. 27.

Vært

Væri það mögulegt, að Englar úthellt gætu sorgar- og medaumkunar-tárum, mátti það hafa skéð, þegar Syni Guds, þeim saklausasta allra mannanna barna, var svo grimdarlega misþirmt af gudlausustu skálkum. Hvílíkt skodunar-spil! við hvörs sjón himininn sjálfur klæddi sig sorgar-klædi, og ecki nema helvíti sjálft kunni sigri að hrósa, o! hvílíkt skodunar-spil! syndarar! komid híngad og skodid sár þau, benja-garda og blód-undir, sem hylja þann helgasta líkama, skodid hann, hans húdfletta blóduga líkama! sem er sundurkraminn fyrir ydar misgjörda-sakir, og ef þér hafid nockra mannlega tilfinníngu, þá berjid ydur á brjóst og grátid! grátid yfir ydur og ydar syndum! fáid þér talid hans sár, eda þá blód-dropa, sem af þeim útdundu? hvört eitt sárid, hvörr einn blód-dropinn vitnar ydur á móti og fordæma ydur, fyrir ydar misgjörda sakir. Hér ættud þér að standa í ydar saklausa Jesú stad; hér ættud þér að bera alla þá vanvirdu, alla þá bölvun og allt það straff, sem á honum lá, blæda átti ydur og deyja áttud þér í ydar egin blódi. En hér stendur hañ, þessi ydar synda borgunar-madur; hans gódgjördasömu hend-

ur eru hér fjøtradar vid háduglegann húd-strok-u-stólpa, sem svo opt ádur litast hafdi saka-manna-blódi; hér, þar sem hinir verstu mordíngjar og ræníngjar lidid høfdu sína misgjørnínga hegníngu, hlýtur hinn allra saklausasti ad lída syndaranna vondsku. Med miskunarlausri grimd ríka þeir klædin af honum, sem var sú einasta eignhans á jørdunni. Grimmir stríds-þrælar, sem vanir vóru ad sjá manna-blód útrenna, og heyra hørmuleg vein, án allrar medaumkunar, flengja med ogurlegri grimd svipunum á hans nakta líkama. Sérhvørt slag, opnar nýjar og nýjar blód-uppsprettur; og þær fléttudu svipu-reimar, grafa med hvøssum endum djúpar rákir bædi á hans baki og brjósti, svo ad eckért er framar heilbrygdt á øllum hans líkama, í hvørjum nú mátti telja hvørt beinid. Allir þér, sem hér framhjá gángid, skodid þó og sjáid, hvørt nockurt qvalrædi er, sem hans qvalrædi! æ! þegar þér sjáid hans húdflettа særda líkama, svo sjáid þér ecki nema máské minsta partinn hans písla. Hvørsu mun ecki hans hjarta skolfid hafa og titrad vid sérhvørt svipu-slagid? hvad margar sárar andvarpanir mun hann ecki í brjósti sínu hlotid hafa ad seckja, þá hann eckért

ord

ǫrd taladi medan á þessari miskunarlausu medferd stod? og hann gat þagad, sérhvert sárid, sérhvørr blód-dropinn taladi nógu hátt, og andlits útlitid bar vitni um þá óbærilegu sorg, sem iñtekid hafdi hans sálu. Einneginn undir þessum sløgum var hann offur fyrir vorar og alls heimsins syndir. Med þessum lausnar-peníngum urdum vér fríkeyptir. Sárin, hvørjum hañ særdist, vóru afmálun vorra synda. Svo ófrída, svo vidbjódslega hafdi syndin gjørt oss, þvílík sløg høfdum vér af Guds réttlæti verdskuldad. Eilífar þackir séu þér fyrir þad, vor ástúdlegi Frelsari! ad þú hefir keypt oss svo dýru verdi. Eilífar þackir, ad þú svo nádarsamlega vildir taka á þig refsínguna, er oss átti ad mæta! en komid nær, o! syndarar! og komist vid í hjørtum, ad þér hafid ablad hinum heilaga og réttláta, þvílíkrar mædu og erfidis med ydar syndum! þér sælkérar! sem fleckid ydur med øllum holdsins saurugleika, gétid þér til þess hugsad, hvørsu ydar Jesú helgasta líkama er misþirmt, og þó haldid áfram ad þjóna ydar girndum, og láta ofdátt ad ydar líkama, og nidurvarpid ydur sjálfum þar med í saurindanna vidurstygd? þér miskunarlausu

lausu mañ-óvinir! sem plágid ydar bræd-
ur, med grimmum typtunum án minnstu
medaumkunar, þér, sem érud svo miskun-
arlausir ad hlæja, þegar eckért annad enn
andvarpanir og klaganir heyrast um kríng
ydur? fáid þér af ydur ad vera sakleysisins
bødlar, þá þér virdid fyrir ydur, þañ sak-
lausa og pínda Jesúm? syndarar! þér, sem
án tilfinníngar drýgid eitt íllvirkid eptir
annad, látid ydur þó í hug koma sløg þau,
er ydar Jesús hlaut ad þola ydar vegna.
Viljid þér drýgja syndir med ánægju, fyrst
þær hafa ollad hinum allra-saklausasta
svo qvalafullrar hádúngar? viljid þér
fagna í ydar vitstola gledi, þá þann hlýt-
ur ad nidurbeygjast undir sínum píslum?
æ! hans blóduga mind, hans húdstrýkti
líkami, hans ételjandi undir og benjar
mega sífeldt vera ydur fyrir augum;
máské hans saklausu tár og píslir muni fá
hrært ydar tilfinníngarlausu hjørtu. Og
hvad kynni annars hræra ydur, ef þessi
píslar-mind fær ecki vakid hugar-ángur í
ydar hjarta? ef þér skélsist ecki vid ad sjá
þann qvalda Jesúm; þá fær sjálft helvíti
ecki skélft ydur, þó þess botnlausa afgrunn
opnadist fyrir ydar augum! nei! svo til-
finníngar-lausir erum vér eñ þá ecki, nú þá
vér

vér skodum vors Jesú píslir svo lángt frá álengdar, fáum vér vart tára bundist þegar vér á hann litum. Æ! hvørsu hefdi ecki hjarta vort komist vid, hvílíku tára-flódi hefdum vér ecki úthellt, ef vér hefdum sjónar-vottar verid ad þessum Jesú píslum, æ! ad þessi tár, fengju þañig hrært hjarta vort, ad vér alvarlega høtudum þær syndir, sem hafa ollad honum þvílíkra qvala! æ! ad vér gætum sífeldt í umgengni med heiminum, midt í gledinnar háreysti þenkt til Jesú pínu med sannri tilfinníngu, sem í einrúmi, hvørsu audveldlega fengjum vér oss þá ei geymda fyrir þeim afbrotum, sem olla vildu oss samvitsku-nøgunar. Hvørsu miklu ógirnilegri mundi ecki syndin oss, ef vér íhugudum alltíd hennar eptir-kost, og þá ángist, sem hún ollir hjarta voru eptir á, þá mundi einneginn þessi Jesú pínu partur verda oss til mikillar nytsemi og huggunar, vér findum þá vora lækníngu í hans píslum, vora hreinsun í hans blódi, og vort frelsi í hans straffi! máské þad þóknist Drottni einnig ad typta oss, og þá, þegar oss virdist þad ósfiljanlegt, hvørsu hans typtanir géti verid kénni-teikn hans kjærleika, þá oss sýnist þad undarlegt ad hann fái sitt hirt-

íng-

íngar-hrís í hendur þeim, sem misþirma oss miskunarlaust, þá viljum vér til þín þenkja, vor qvaldi Frelsari! þú varst þíns födurs elskulegur sonur, og þó hirti hann þig svo þúnglega; því skyldum vér nú mögla yfir því, þó vor fadir legdi uppá oss nockrar þjáníngar? og látum nú svo vera, ad menn misþirmdu oss í grimd sinni, þau högg, sem vér lída megum af vondsku þeirra, eru náqvæmlega áqvordud, þeir géta ei lengra farid enn Gud leyfir þeim. Fyrir Jesú sakir, munu allar vorar þjáníngar verda oss ad blessun. Á þessu äugnabliki kémur oss í hug vor dauda-stund; margir deyjandi verda af sjúkdóms-sins plágum svo afmindadir, ad á þeim sjest ecki mannleg mind, og hvad mun þá af oss verda, þegar ad því kémur, ad vér og svo loksins leggjast skulum í vora bana-sæng, kannské vor líkami verdi á þeim tíma af sárum sundur-flakandi, vidlíkur sjonum Jesú særda líkama; en vér munum þó betur staddir þá, enn Jesús í qvöl sinni, kannské vér egum þó vini, sem aumki oss, sem leitist vid ad hughreysta og endurnæra oss. Óvinir vorir jafnvel, munu þá gleyma hatri sínu, þegar þeir sjá hvad vér tökum út, og syrgjandi aumka oss, og

þó

þó ad þessi hugsvølun verdi ecki vort hlutfall, munntú þó, ó! vor Jesú! vegna þinnar pínu hafa oss í minni. Trúarinnar sjón á sárum þínum mun styrkja oss, og endurnæra vort módfallna hjarta med himneskri huggun. Vonin um vora komandi forklárun, æ! hvørsu mun hún ecki gledja oss, jafnvel þó vor aumi líkami leggist í grøfina, þvíad líka sem þú ert nú upphafinn yfir allar þjáníngar og misþirmíngu, svo munum vér einnig eitt sinn komast þángad, hvar engin ólucka mun framar ná til vors forklárada líkama, þar munum vér eilíflega prísa þinn kjærleika fyrir þad, ad þú varst særdur og píndur fyrir vorar sakir.

XXVI. Føstu-Hugvekja.

Strídsmannanna hædnis medferd vid Jesúm. Matth. 27.

Hví lengra, sem vér áfram lesum Jesú Píníngar-historíu, því meiri písla verdum vér varir, því nær vér komum hans dauda, því óbærilegri verdur hans qvøl. Meir enn átta tímar vóru þegar lidnir, á hvørjum hann leid allt hvad heita máttu óbærilegar qvalir, án þess ad hann njóta fengi eins augnabliks værdar, edur

safna

safna sér nýjum kroptum, yfirféllu hann nýjar vísslir. Af hoggunum og húdstrokunni var nú allur hans líkami sárum og benjum hladinn, allir limir hans vóru sundur-kramdir, og eckért var heilbrygdt meir á hans líkama, og þó finnur helvíti enn þá upp nýjar qvalir honum til píntíngar. Hingad til hafdi ásjána hans ad mestu leiti frí verid fyrir misþirmíngu, þó hún enn væri litud blódsveita, frá Grasgardinum og vanvirdt med hrákunum: Nú á einnig sú helga ásjána hans, ad blódgast. Þeir settu krans af þyrnum um hofud hans, og til ad þrýckja þessum hvóssu þyrni-broddum djúpt inni, ennid, tóku þeir reyr-stafinn, er þeir hofdu fengid honum í hendina í stad veldis-spíru, og slou hans þyrnum krýnda hofud med honum; þar hjá beygja þeir med hædnis-virdíngu kné fyrir honum. Þeir nálgast hann, hrækja honum í andlit og géfa honum pústra. Hvort sýnist oss nú undrunarverdara, þessara þræla dæmalausa grimd, ellegar sú þolinmædi, med hvorri Jesús lídur þessa miskunar-lausu medferd, þad stód í valdi hans ad drepa skálka þessa samstundis, og gjora hendur þeirra máttvana, en hann þolir þeirra miskunarlausu med-

ferd med hógværd; þá hann píndur var og sleginn, lýkur hañ ecki upp sínum muñi, svo sem lamb, sem leidt er til slátrunar-becksins, og svo sem saudur, er þegir undir þess hönd, sem klippir hann, og ecki upplætur sinn munn. Hvørs hjarta mundi ecki af reidi upptendrast hafa, ef hann mæta ætti þvílíkri hádúngar misþirmíngu saklaus? Ef vér álykta vildum af vorri adferd, þegar vér mætum smá mótgjørdum til hiña, sem lángtum eru stærri, sjáum vér hvørsu lítid stødugllyndi vér mundum hafa gétad sýnt; æ! ad vér mættum þó læra þad af þér, vor Jesú! ad vera þolinmódir og hógværir! þó ad vort ástand væri þad mæduſamasta, sem verda mætti, þá kynnu þó þrautir vorar og þjáníngar ecki ad metast meir á móti qvøl þinni, enn sem vatns-dropi einn á móti sjáfar-hafinu. Sú synd, sem oss ángrar, særdi þig lángtum framar; sú eymd, sem á oss liggur, lá á þér miklu þýngri. J vorum eymdum høfum vér þó ad minnsta kosti þá hugar-hægd, ad vinir vorir hafa medaumkun med eymdum vorum, en þú, o! Jesú! hafdir engañ, sem med þér bæri medaumkun. J vorum eymdum høfum vér þó þá huggun, ad þær

 muni

muni eitt sinn enda taka, en þad, sem gjørdi þína pínu bitrasta, mátti þad vera ad þú fyrirsást þær mótsagnir og misþirmíngar, sem þú mundir sífeldt þolá mega af syndurunum, því þad sama, sem þeir fordum gjørdu vid persónu þína, þad sama gjøra þeir enn þá í dag vid þitt Evangelíum; en vér, sem tilbidjum þig, vor pínadi Jesú! vér viljum af þeim qvølum, sem þú þoldir, draga oss huggunarríkt not, sem styrki oss í þolinmædi. Þín pína skal gjøra oss hæfa til ad lída, med því meira stoduglyndi; því skyldum vér æskja oss ad bada í rósum, fyrst þú gángá hlaust þyrnilagdann veg? þegar vér lídá megum undirokun, órétt, ofund og ofsóknir óforskuldad, því skyldum vér møglandi yfir því klaga, þared þú, hinn saklausasti! hlautst ad lída allt þetta lángtum frekar? þó vér verdum ránglega baktaladir og megum forakti mæta, því skyldi oss vid þad bregda, þegar vér hugleidum þína forsmán og þinna písla stærd, og hvorr mætti vænta sér ad lifa mædufrí, þar líf þins allrabesta var fullt pínu og þjáníngar? vér erum þessa himneska Kóngs þegnar, mundi þad heita mega tilhlýdilegt ad vér væntum oss edur nædum meiri gledi

og

og virdíngum enn hann féck nád? en þad er ecki nema ad nockru leiti, sem vér enn nú virdt høfum fyrir oss þessar Jesú píslir. En skodum Jesúm nú einnig lídandi þessar qvalir, sem mannanna Medalgángara; ecki er þad líklegt, ad Jesús skyldi eindilega hafa hlotid ad lída þessar og engar adrar píslir, einúngis til þess, ad géfa oss dæmi, hvørsu vér skyldum haga oss í samslags naudum, þar til útkrafdist ecki sérdeilislega þvílík forsmánar-full medferd, þared fæstir verda fyrir þeim qvølum, sem Jesús nú leid. Tilgángur þessara sérlegu písla var lángtum aññar ædri. Vér blygdunst ecki vid, ad játa þad þvert á móti vorra tída þenkíngar-hætti, ad vér í Jesú þyrnikrýníngu, og allri þeirri grimdar medferd, sem hann lída hlaut, finnum røk fyrir því, ad hañ þar med hefir fullnægju gjørt fyrir sérlegar stór-syndir. Allra Kónga Kóngur krýnist med þyrnum: mundu ecki þarmed á honum straffadar vera syndir þær, sem straff-fríar álítast, undir vernd jardneskrar kórónu? persónur, sem forsjónin hefir af duptinu framdregid, og tignad jardneskri kórónu og veldis-spíru, misbrúka ecki sjaldan makt sína og metord. Grimd, óréttur, tyrannaskapur og blóds-

 úk-

úthellíng, eru syndir þær, sem óhegndar látast optast á þeim, sem vegna veldis síns fríir eru fyrir tiltali øllu. Hér straffar hinn alvaldi á sínum kónglega Syni, allra hinna stóru syndir, og hans þyrnikrýníngar pína forlíkar fyrir ránglætíngar þær, sem af þeim strafflaust drýgjast. Og, þá vér virdum Endurlausnarann fyrir oss undir þyrni-kórónunni, og undir sinna ó-vina margføldu vanvirdu, þenkjum vér til hiña dramblátu og ærugjrugu; hvørsu margføld medøl brúka þeir ecki, til ad hefjast í metord og virdíngar? hvad spara þeir, til ad metta sína drambsemi? þeir troda í duptid lítilmagnann til ad fá þess audveldar upphrokad sjálfum sér; þeir gjøra adra ad forakti, til ad koma sér sjálfum fram; þeir spilla hins munadar-lausa rétti, til ad fá sinn eginn aukid. Þegar Jesús stód nú krýndur háduglegri þyrnikórónu forlíkadi hann fyrir þess slags og þvílíkar syndir. O! þú, vor foraktadi Konúngur! lof og dírd sé þér um alla eilífd, fyrir þessa þína qvøl. Sjá! vér leggjum vort hofmóduga hjarta fyrir þínar fætur. Um þær hádúngar, sem þú leidst, viljum vér þenkja svo opt, sem drambsemi og stærilæti hreyfir sér í hjarta voru.

voru. Þessi þín hádúng, o! Jesú! sé oss dýrmætari enn allt hvad heimuriñ heldur fyrir heidur og vegsemd. Látum heimsins børn képpast eptir jardneskri kórónu, eptir forgengilegum metordum, hrósi og smjadri, vér viljum ecki képpast eptir ødru enn þeirri vegsemd, sem þú hefir afrekad oss med þinni vanvirdu.

XXVII. Føstu-Hugvekja.

Sú aumkunarverda sjón á Jesú útleiddum af Pilató. Jóh. 19.

Sjáid þér manneskjuna, þér syndarar! horfid á hann, sem útleidist, og látid hans forsmán gánga ydur til hjarta, máské þer hafid nú ásett ydur ad hæda Gud med nýjum misgjørníngum? fyrr enn þér framqvæmid ydar ásetníng, þá lítid til ydar pínda Jesú, og sjáid hvørnig ydar syndir hafa svo skammarlega útleikid hann; ef ad sjón þessi hrærir alls ecki hjørtu ydar, hvad skyldi þá géta hrært ydur? ecki daudans sjón, ecki grøfin, ecki dómurinn, jafnvel ecki sjálf eilífdin. Látid ydur þad nægja, ad þér híngad til hafid verid tilfinníngarlausir. Marga hluti þá, hefir Gud ydur fyrir augu leidt, sem

vekja máttu ydur af dofinskap. Tídum hafid þér sied hans dóma á jørdunni. Svo margann sakamann, sem med syndum sínum hefir varpad sér í þá stærstu forðjørfun, hefir sá alvaldi sett ydur fyrir sjónir, sem minnis-teikn hans hegníngar; Svo marga deyjandi hafid þér kannské sied í daudans ángist og svita, undir dómsins ógnunum, og vid allar þessar svo ógnarlegu sjónir, vorud þér tilfinníngarlausir; látid þó hins pínda Jesú skodun hafa nockra verkun í ydar hjørtum. Æ! viljid þér ennú leitast vid ad metta ydar ærugirnd og drambsemi; horfid á Jesúm hvørsu hann er audmjúktur fyrir ydar drambsemis sakir! þér viljid leita heimsins gledi, og syndarinnar vidvarandi lystisemda; æ! sjáid manninn! hann kunni ad hafa gledi, en hann tók sér frívilluglega uppá allar píslir, til ad betala fyrir ydar gálausu lystisemdir; viljid þér halda áfram ad elska heimsins góts med mátalausum kjærleika? sjáid manninn! hvørnig hefir ydar stærilæti rænt hann øllum klædum. Hvørr gétur litid hans fátækt og alla eymd hans, án þess ad fordæma sína ágirni, sitt státs og sællífi. Sjáid! ef þér vita viljid hvílíkar sképnur þér erud af

nátt-

náttúrunni til, og hvílík vidurstygd í ydar sálu byggir, sjáid þann píada Jesúm! hvorjir erud þér? vidlíka sinnadir og Pílatus, stríds-þrælarnir og Gydíngarnir, sem píndu Jesúm, og fundu sína lystíngu í qvølum hans; þér hafid somu vondu girndir, sem hina drifu til þess gudleysis, svo grimdarlega ad misþirma Guds Syni, þér hafid somu ómiskunsemi til ad bera, sem þessir stríds-þrælar, þegar þér gétid verid tilfinníngarlausir vid allar þær þreyngíngar, sem þér ollid hinum saklausa, þá þér med helvítis frekju gétid hlegid, þegar sá misþirmdi saklausi grætur; þá þér fáid af ydur ad æfa allann grimmleika til ad metta ydar hofmód, ydar hefndargirni, ydar vellyst, þá mundud þér víst høndlad hafa rétt eins og þessir miskunarlausu, ef ydar Frelsari hefdi birtst ydur á ný í þjóns mind. Hvorr sá, sem hata kann, pína og ofsækja hinn saklausa, hann mundi ei skirrast vid ad hata, pína og ofsækja Jesúm sjálfann. Syndarar! æ! ad þér þó renna vildud þaunkunum til sjálfra ydar! þá þér sjáid þann píuda Jesúm ydur þannig fyrir augum afmáladann í hans pýlum. Æ! ad þér þo mættud vidurkénna þá stóru fordjørf-

 un,

un, sem syndin hefir ollad hinni mannlegu náttúru. Skodid! og sjáid! hvílíkrar qvalar og hjarta sorgar þad ollad hefir ydar guddómlega Borgunar-manni, ad þér hafid syndgad. Allar píslir hans afmála ydur þad straff, sem ydar syndir hafa verdskuldad. Hans pína setur ydur fyrir sjónir þá pínu, sem á sídan eilíflega skal qvelja ydur, ef þér haldid áfram í því, ad akta lítils fridþægíngu hans. Æ! hvørsu útskúfadar, óluckulegar mañsképnur munud þér ei á sídan verda, ef þér vilјid ecki taka Jesú stóru hádúng ydur til hjarta. Sjáid manninn! þannig hrópum vér til ydar, syndarar! hvørra samvitska er uppvøknud, þér, sem rétt lifandi finnid stærd ydar eymda; nú vidurkénnid þér ydur ad vera í því auma ástandi, sem gjørir ydur ad vidurstygd fyrir Gudi. Híngad til héldud þér ydur luckulega, þá þér áfram héldud í ydar syndum; en nú, þøck sé Jesú nád fyrir þad! nú hafid þér lært ad þeckja, hvørsu syndin hefir ydur vanskapad. Nú vidurkénnid þér stærd ydar fordjørfunar, og þá vanvirdu, sem syndin hefir varpad ydur í. Hvílík mañeskja em eg, segir nú hvørr ydar, hvørsu djupt em eg ecki fallinn, hvørsu afskap-

leg-

leganñ hafa mínar misgjørdir ei gjört mig? hvørsu em eg ecki ordinn ad afhraki fyrir Gudi, Englum hans og øllum rádvøndum? hvørnig má eg mínum augum upplypta, eg vesæl, útskúfud og fortøpud mañeskja! o! þú efasama hjarta, sem nærri ert vid ørvyhlnun! líttú til hans, fyrir hvørs sakir allt mannkyn er til nádar tekid! í þvílíkt forsmánar-, eymda- og písl**a**djúp hlaut hinn saklausasti allra manna, ad nidursøckvast til ad fá þér upprykt úr hádúngarinnar afgruñi. Á honum sjerdu þad, hvad þú áttir ad vera, hvad þú hafdir verdskuldad. Þú áttir eilíflega ad vera vidbjódur Guds, og allra hans útvaldra, eilíflega útskúfast frá honum; en nú ertú af þessum pínda Jesú fridþægd vid Gud, og mátt nú hafa þá stóru von, loksins ad ødlast dírdariñar kórónu fyrir hans þoldu forsmánar sakir. Sjáid manninn! horfid á hann, þér Gud elskandi sálir! og látid ydur vekja vid hans písla-sjón, til ad elska hann enn nú innilegar, hann, sem af elsku til ydar, er svo djúpt nidurlæckadur, og svo grímmilega medhøndladur; hvad mundud þér gjøra ef þér ættud vin, sem í ydar stad tæki uppá sig alls-slags mædu og píslir? mundi ecki hjarta ydar upptendrast af

enum innilegasta kjærleika til hans aptur á móti? og um hvad erud þér þá skyldugir þessum ydar besta, ydar allratrúfastasta ástvin, sem meira hefir gjørt fyrir ydar sakir, enn þér vænta máttud af hinum allrabesta vin ydar á jørdunni? hvad segir ydur hans húdfletti alblódugi líkami, hans blódrísa andlit, hans marda margpínda hjarta? æ! allt krefur kjærleika af ydur, og þér fáid ei án hardhdgi neitad honum þessa offurs. Þó ad hann krefdi, ad þér þola skyldud alla heimsins forsmán og vanvirdu, þó ad þér þola ættud hans vegna høgg og sløg og hvørskyns grimdar medferd, já! þó ad þér bera mættud nockurn hluta ypsla hans, hvørt kynnud þér ad segja ydur undan þeirri skyldu? allt hvad þér jafnvel þolad gætud, væri svo sem eckért ad reikna á móti því, sem ydar Frelsari lída mátti; samt krefur hann ecki svo órdugt, edur svo blódugt offur af ydur! allt hvad hann af ydur heimtir, er: ad þér elskid hann, og óumbreytanlega séud honum trúir sakir hans pínu. Takid nú fyrir ydur nýjann ásetníng, ad vaka yfir þessari skyldu ydvarri, heitid nú Frelsara ydar, ad prísa hann af allri sálu, og aldrei láta ydur úr minni lída, hvad hann med

sinni

sinni pínu hefir ydur áfrekad. Sjáid manninn! skodid þér hann og, mótlættu kristnu! vér gjørum oss í grun, ad margir þeir ed lesa þessar hugvekjur edur heyra, muni hvílkir vera, sem vegna sjúkdóms, fátæktar edur annara mótdrægra luckutilfella vera kunni vesælir og aumkunarverdir. Hvad fáum vér annad sagt ydur til hugggunar í hørmum ydar enn þetta: Sjáid manninn Jesúm! ecki viljum vér gjøra lítid úr ydar neyd, vér viljum trúa ad þér séud plágadir og píndir, en jafnvel þó neyd ydar væri nú lángtum stærri, ydar sjúkdóms-pína lángtum tilfinnanlegri, enn hún í raun og veru er, meinid þér ydar mæda jafnist vid Jesú pínu? séud þér foraktadir, er þó þad forakt lítid ad reikna á móti því, sem Jesús þoldi; séud þér fullir sára og kauna, egid þér þó máské vin, sem bindi um kaun ydar, og smyrji ydar sár; þér liggid máské í kørinni og lítid út eins og pýslar-mind, en þér finnid þó máské eitthvørt medlídandi hjarta, sem huggar ydur, og leitast vid, ad lina ydar qvøl. Þér erud þó ad minnsta kosti ecki hæddir í ydar þjáníngum, þér finnid þó máské lítinn stad, á hvørjum þér fáid hvílt ydur. Enga þessa endurnæríngu hafdi Jesús í sinni

miklu pínu, og hafid þér þó ecki med ydar misgjørdum verdskuldad hvad þér lídid? en Jesús hlaut saklaus ad þola allar sínar qvalir. Æ! styrkid ydur, þér máttvana sundurknosudu sálir! vid skodun Jesú kjærleika, safnid ydar særda hjarta huggun og endurnæríngu af qvølum hans. Takid viljugir á móti þeim beiska kaleik, sem ydar Fadir réttir ad ydur, og lærid af ydar pínda Jesú þá ment, og svo ad vera ánægdir í mótlætinu. Sjáid manninn! þannig megum vér til ydar hrópa, sem daudans forbodi svipt hefir nær því allri manns líkíngu. Innan lángrar stundar edur skammrar munum vér einnegin svo staddir, ad sérhvørr, sem sjer oss, má segja: sjáid manninn! hvørsu bleikur og máttfarinn hann er og litverptur ordinn! sjáid hans uppbrútnu augu! hans umbreytta andlit, þessa ná-køldu limi, æ! hvørsu illa útlítandi mannsképna! o! ad þá mætti sjónin af þeim pínda Jesú upplífga oss, og af hans pínu fljóta huggun inní hjarta vort. Þó er enn ecki med þessum sídustu sjúkdóms atvikum lokid øllu því óvirdulega, sem vid oss mun frankoma. Þá vér nidurgrafnir erum í jørdina, hvørsu vidbjódslegt mun þá ecki ad sjá vorn hálf-

og

og al-rotnada líkama. Hvorr einn hiña lifendu, sem sjer á þessar leifar vorar, sjer vor for-rotnúdu bein, má segja: sjáid mañinn! en hvílíkt gledi-efni fyrir oss midt í þessara jardnesku eymda skodun, ad renna þaunkunum til hins komanda dags, þá vor mannlega náttúra mun forklárast; þá munu allir Englar, allir útvaldir segja: sjáid manninn! hvørsu mikill og dírdlegur og sæll er hann nú, eptir útstadnar lífsins eymdir!

XXVIII. Føstu-Hugvekja.

Jesú útgánga úr Borginni. Jóh. 19.

Jerúsalem! bifast ecki þínir múrar, þegar sá útgengur um þeirra port, sem blessun færdi inn fyrir þá og sáluhjálp? vesæli stadur! hvad mun verda af þínum høllum, þínum helgidómum, þínum herbergjum, þá sá er nú útleiddur, sem þú átt ad þacka, ad þú enn þá varst ecki ordinn ad øsku-hrúgu? þér fátæku, veiku og voludu! til hvørra gétid þér nú flúid, þá ydar læknir, ydar naudhjálpari er frá ydur tekinn? hvørr á nú ad prédika fyrir ydur, syndarar! náð og sáluhjálp, fyrst sá víkur frá ydur, sem eyddi øllu lífi í þessari velgjørdasømu ydju? vei þér, Jerúsalem! vei þínum

um børnum! vei þínum høllum! æ! hug-
leiðir þú ecki hvað til þíns friðar heyrir?
þinn velgjörari gengur út af þínum port-
um, en hann mun ecki koma svo blóðugur,
svo foraktaður til þín aptur, sem hann
géck nú út. Hann mun ecki koma með svo
mikilli blessun og náð, sem í fyrra sinni,
er hann géck útaf þínum portum, þegar
hañ kémur í annað sinn, o! skélfstú þá fyr-
ir þínum høllum, helgidómum og børn-
um þínum, þá mun bølvanin vera við
hans vinstri og fordjørfunin við hans
hægri hlið. Lengi muntú ecki gledja þig
í þinn freka grimdar-æði, gráta muntú,
formæla sjálfri þér og deyja undir for-
mælíngunni. Jerúsalem! þú skalt vera
oss til viðvørunar, að vér aldrei með synd
og vondsku, sviptum oss, ó! Jesú! þinni
nálægð og náð; hvað mun af oss verda, ef
að þín náð viki frá oss, og þú tækir þinn
anda í burtu? æ! allir heims fjársjóðir,
øll gleði lífs þessa og vegsemd, fengju ecki
bætt oss þann missir, því þá vér ecki høf-
um þig að vin, hvað má himininn, hvað
má þá jørðin nota oss? hvað fær oss end-
urnært, þegar sál vor og líkami vanmegn-
ast? hvað fær gjørt oss skaðlausa, ef vér
sviptir verðum øllum þeim dýrmætu gæð-
um

ũm, ſem þín náð heitir oſs? já þeſſi umſkipti viljum vér náqvæmar hugleiða. A medan vér heilbrygðir erum, og allt gengur að óſkum, øktum vér ecki nálægð þína ſvo mikils, ſem vér ættum; en ſá tími kémur, þá vér munum allt miſſa og megum alls án vera, nema einúngis huggunar af þinni forþénuſtu. Æ! hvørſu ĩnilega mun oſs þá eptir þér lánga? med hvílíkri ángiſt munum vér þá leita þinnar náðar? æ! ef að vér þá leitudum hennar forgéfins, o! Jeſú! hvad veſælir og ólúckulegir værum vér þá! en ſnúum þaunkum vorum aptur til Jeſú. Þeſſi útgánga hans var hin ſídaſta í hans niðurlægingar-ſtandi; hvørſu marga ørduga gaungu háfði hañ ecki uppá ſig tekið medan hann umgéckſt hér á jørdunni? hvad margar mæduſamar reiſur høfdu ecki þreytt hann, á medan hann í þrjátýgi ár lifdi ſem madur hér í heimi? þeſſi gánga hans var þó ſannarlega hin allra ørdugaſta; hann var øldúngis ørmagna ordiñ af ſvo mørgum útſtødnum píſlum, og vegurinn er hann nú gánga hlaut, lá þángað, hvar hann útſtanda átti hinn ſkammarlegaſta og qvalrædis meſta daud-daga. Þvílík gánga til daudans liggur og eitt

ſinn

ſinn fyrir oſs. Eptir marga mæduſama vegu, ſem vér høfum í heiminum farid, er einn gángurinn ſeinaſt eptir, ſem næſta ørdugur er holdi voru. Vér hljótum ad gánga til rotnunar-ſtadarins, og hvad enn er ørdugra, fram fyrir domſtól Guds. Æ! ad vér mættum þá útgánga af heiminum med ſvo róſømu og fridſtilltu hjarta, ſem Jeſús géck út af Jerúſalem. Fyrir þinnar forþénuſtu ſakir, o! Jeſú! væntum vér þeſs. Trúin á þig mun á þeſſum vorum ſídaſta vegi ſtyrkja oſs, ſvo vér ecki undirgaungum. Med þínum gángi til daudans hefir þú øllum þeim léttir afrekad, ſem eins og þú, ígégnum daudans dal gánga hljóta; vér viljum gledja oſs vid þinn dauda-gáng, Frelſari vor! þú barſt í fyrſtuñi ſjálfur þinn kroſs, hvørſu óbærilega qvøl mun ecki byrdi ſú gjørt hafa þínu blódnga baki! máſké einhvørr kroſs leggiſt ogſvo oſs á herdar, þá vér kalladir verdum til ad gánga daudans veg; því nær vér komum daudanum, því þýngri byrdi fáum vér máſké ad bera; en enginn kroſs mun nú fá oſs til jardar varpad, enginn ſú byrdi á oſs leggjaſt, ſem vér vanmegnuſtum undir, því þú, vor Frelſari! hefir fundid til daudans gjørvalla byrdar-

þúnga,

þúnga, til þess ad létta undir vora síðustu byrdi. Þock sé þér ogsvo fyrir þessa røksemd, sem þú hefir gefid oss uppá þinn kjærleika. Loksins, þá vér erum adkomnir dauda, mun vor sála, endurnærd vid tilhugsun þíns dauda, prísa þig á voru sídasta augnabliki, fyrir þennann þinn gáng úti daudann!

XXIX. Føstu-Hugvekja.

Jesú léttir i hans dauda-gángi. Matth. 27.

Mikid vegarins til Golgatha hafdi nú Jesús þegar farid, en hinn lengsti og ørdugasti partur var þó eptir; vanmegni líkamsa hans jókst þá svo mjøg, ad honum lá vid ad hníga nidur undir krossins þúngu byrdi; hans óvinir tóku þá kross-tréd af herdum honum, ecki af medaumkun, heldur af ótta, ad hann deyjá kynni á veginum, og løgdu þad uppá einn framandi, sem kom af akri. Svo lítilvægt, sem atvik þetta sýnist, er þad þó yfrid huggunar-rikt fyrir oss. Svo veit Gud alltíd ad meddeila børnum sínum, ef ecki fullkomna fríun, þá þó ad minnsta kosti léttir í mædu þeirra; hañ vegur med nærgætni þá byrdi, sem hann leggur oss á herdar eptir mætti vorum edur van-

mætti, og þegar ad því er rétt komid, ad vér magnþrota verdum undir byrdinni, gétur hann látid þúsund tilfelli adbera, sem vér álítum af hendíngu einni ské, og med þeim géfur hann oss tídum rauna léttir. Af hendíngu sýndist þad ské, ad þessi Símon rétt í því sama kom til stadarins, og Jesús byrjadi ferd sína til Golgatha, en þad skédi þó eptir Guds vísustu rádstøfun. Þessi madur var ú sendur, ad veita Jesú þennañ léttir, og hin miñstu tilfelli máttu sameina sig til þessa tilgángs. Hvørr veit, hvørn vin Gud muni til vor leida, sem endurnæri oss undir vorum þjáníngum? hvørr veit, hvørr útsendast muni til ad hjálpa hinum munadarlausa í sinni eymd, edur oss í vorum sjúkdómi? hvørr veit hvørsu litid, já! jafnvel einkisverdt tilfelli sá Almáttugi láta kañ adbera til vors frelsis? máské jafnvel óvinir vorir verdi oss hjálplegir þá oss áliggur, og hljóti ad studla sér óvitandi til lucku vorrar; þad er ad minnsta kosti víst, ad jafnvel þó vor neyd, sýnist vera svo stór, ad vér undir heñi nidurbeygjumst til jardar, mun hún þó ecki ad øllu leiti yfirbuga oss. Drottinn, sem er mikill í rádum og mektugur í athøfnum mun vita ad styrkja

oss

oſs uppá margfaldann máta. Símon, ſem var þeſs virdtur, ad bera kroſſiñ eptir Jeſú, var fadir tveggja ſona, ſem ſídan tóku kriſtni, og urdu, ad menn meina, Evangelii kénnendur. Þad er ei ólíklegt ad Símon þeſſi hafi vid þetta tækifæri, fengid hina fyrſtu þeckingu á Jeſú perſónu og guddómi hans, og nú med ſama verid hjá honum lagdur hinn fyrſti grundvøllur til móttøku kriſtnibodſins; þannig fær ſá almáttugi ſnúid tilfellum, ſem oſs í fyrſtunni virdaſt ógédfeld til vors ſanna beſta. Hvørſu naudugur mun ecki Símon hafa ordid, til þeſſa ørduga og ſmánarlega erfidis ad bera eptir einum kroſſiñ, ſem var til dauda dæmdur, en hvad opt mun hañ ſídan á eptir hafa príſad gædſku Guds vega, þá hann hugleiddi, ad þetta ørduga erfidi hafdi leidt hann til þeckingar Kriſts og hans lærdóms ſañleika. Vér einneginn munum tækifæri hafa til vidlíkrar egin reynſlu í þrautum vorum; þegar Gudi þóknaſt, ad útbýta oſs mótlætíngum, þá finaſt oſs þær jafnan í fyrſtu yfrid þúngar, en því lengur, ſem vér berum þær, því betur fáum vér lært ad þeckja hvørſu nytſamlegar þær eru fyrir vora ſønnu velferd; ørbyrgd ſú, ſem vér lída

megum, mun gjøra oss nádarinnar rík-dóma ómetanlegri. Vid sjúkdóminn leid-unst vér til ad þenkja um sálar vorrar ó-daudlega frelsi. Þad forakt, sem vér kannské lída megum af heiminum, fær oss upphvatta til ad leita heidurs hjá Gudi. Missir þess, sem var oss hid kjærasta í heiminum, upphvetur oss til ad keppast því alvarlegar eptir vinfengi Guds; í einu ordi: øll tilfelli, sem mæta oss, mega þéna til eblíngar velferdar vorrar, ef vér færum oss þau vel í nyt. Vér fáum þar-vid krøptugustu upphvatníngu ad prísa vors Guds vísu og nádugu forsjón, jafn-vel og fyrir vorar mótlætíngar, og med viljugu hjarta ad taka á móti krossins ka-leik af hans hendi. En hvílíkann mis-mun er ecki ad fiña í þessum kríngumstæd-um á milli Jesú og Símons af Cyrene! bádir bera þeir krossinn, en hvørr á sinn hátt. Vor Frelsari tók hann viljugur med gledu hjarta sér á herdar, hann lét sig ecki neyda til þess; Símon géckst und-ir hann naudugur. Vid þessa ólíku ad-ferd setst oss fyrir sjónir annara krossber-ara adferd. Hinir sannkristnu bera sinn kross med gledi, heimsins børn med ólyst. Sérhvørr sá, sem med óviljugu, møglandi hjarta

hjarta ber krossins byrdi og stynur undir hans þúnga óánægdur med eymdir sínar; hann er enn nú lángt frá ad eptirfylgja Jesú; í stad þess, ad krossinn ætti ad vera þvílíkum mañeskjum til eblíngar og framgángs á þeirra sáluhjálpar-vegi, er hann þeim miklu framar til hindrunar. Þar finnst þó eckért óhultara medal til ad sameinast sínum Lausnara, og til ad ødlast eilífa sáluhjálp, enn ad taka fríviljuglega krossiñ á sig og bera hann med þolinmædi. Vér viljum, vor dýrmætasti Lausnari! ogsvo undir mótlætinu verda þér líkir. Leggdu þá byrdi oss á herdar, sem oss er ætlud, vér viljum ecki skora oss undan ad bera hana. Vér høfum þau heit-yrdi í skírn vorri inngengid, er vér fyrst teknir vórum í þína þjónustu, ad strída med karlmennsku undir þínu merki, á móti syndiñi, satan og heiminum, og, sem eidsvarnir strídsmenn, vera þér trúir til endalyktar. En hvørsu laklega høfum vér híngad til haldid þennann eid? í stad þess ad æfa oss í sjálfs-afneitun, og kristindómsins léttu skyldum, høfum vér valid oss girndanna lystisemdir. Í stad þess, ad láta oss lynda mótlætíngar þær, sem þín hønd lagdi á oss, høfum vér møglad á móti þér, og

hrundid frá oss hønd þinni þá hún typtadi oss. I stad þess, ad krossfesta vorar tilhneigíngar, høfum vér med stærstu laungun leitast vid ad metta þær; þannig høfum vér, því midur! hagad oss. En o vor Gud! þú, sem best þeckir vøndsku vora og veikleika, styrktú oss í stríðinu, hjálpadu oss ad verda þér þócknanlegir, og géfdu oss nád til ad bera allt þad, er þú sendir oss, med viljugu hjarta. Drag oss med þínum kjærleika æ meir og meir frá heiminum til þín. Því skyldum vér vilja skora oss undan øllum eymdum, þar vor Jesús hefir lída mátt bitrustu qvalir? vor fyrri synda-vegur var einnig mørgum þyrnum lagdur, því skyldum vér þá vilja skora oss undan nockrum eymdum á gudhrædslunar vegi? Jesús vill þó ecki láta ólaunada hina minnstu byrdi, sem vér berum hans vegna; fyrir vora litlu mædu á blessun af hans krossi ad koma yfir oss og børn vor, og þó oss brygdist þessi umbun hér í lífi, mun þó eilífdin endurgjalda oss allt, sem vér hér missa megum, afneita edur útstanda. Vorar þreyngíngar, sem eru stuttar og léttar, afreka oss eilífa, og yfir allann máta dírdlega vegsemd. Þángad viljum vér snúa augum vorum, gledja oss

oſs í ándanum vid þann komandi føgnud, og med þolinmædi taka vorn kroſs uppá oſs, þá mun lokſins kroſſins vegur leida oſs til himinſins.

XXX. Føſtu-Hugvekja.

Fjallid Golgatha. Marc. 15.

Sérhvør atvik vid Jeſú pínu eru merkileg þeim, er ſér til nota vill hugleida Jeſú fridþægjandi dauda. J róſemi viljum vér nú þenkja um þann ſtad, á hvørjum vor Endurlauſnari þoldi þá ſídustu pínu, og hér munum vér einnegiñn varir verda margra Guds vísdóms og gædſku leyndardóma. Jeſús mátti lída þenna dauda utan Jerúſalems múra. Eptir fyrſta áliti var vid Jeſúm hérmed ecki annad gjørt, enn hvad almenn ſidvenja var hjá fleſtum þjódum, ad láta ſakamenn aftaka utan borgar. En þad gat ſkéd, ad Jeſús lidi daudañ, eins og Zacharías, í forgardi muſteriſins. Hann kynni hafa verid aftekinn í einhvørju ſamkundu-húſi, ellegar í Biſkups-høllinni, ſvo ad allt upphlaup af alþýdunni hindrad yrdi, og máſké vér meinum, ad þad hefdi heidurlegra verid fyrir Jeſú perſónu heilagleika, ad hann endad hefdi líf ſitt í Muſterinu,

enn á einhvorjum ødrum nafnkénndum stad í Jerúsalem; ad Gud hefdi vegsamad síns Sonar dauda, ef hann áqvardad hefdi líflát hans í Gydínga-lands høfudstad og í því allrahelgasta Musterisins, en Guds þánkar eru héri ecki eins og vorir þánkar. Eptir Postulans Páls ávísun áttu þær fórnir, sem vóru framborнar á altarid í forgardinum, á einum stóra fridþægíngar-degi, ad brennast til øsku utan herbúdanna. Med því átti ad géfast til kynna, ad Jesús, sem fyrirmyndadur varmed Gydínganna fórnfæríngum, skyldi útskúfast úr mańa-sambúdum, þetta skédi þá hann var krossfestur utan Jerúsalems porta. Hérmed verdur oss einnig til kynna géfid, ad nú vóru allar fórnfæríngar í Musterinu á enda, og ad Gud þadanaf hefdi enga þóknun á nockru offri, þá hann móttekid hafdi offri síns Sonar. Med því ad hann géck útaf portinu, til ad lída daudann, verdum vér á þad minntir, ad velgjørníngar hans dauda, nádu ecki einúngis til Jerúsalems barna, heldur einneginn til alls heimsins. Því erum vér skuldbundnir til ad gánga med honum út fyrir herbúdirnar og bera hans vanvirdu. Nú á þad Levítiska løgmál ecki leng-

lengur ad skuldbind'a oss, nú hlýtur sú ad vera vor sérlegasta umhyggja, hvornig vér gétum ordid hlut-takandi þess offurs, sem Jesús frambar. Nú má oss eckért frá því halda, ad þola þær þjáníngar, sem oss mæta kunna, er vér eptirfylgjum Jesú. Hér høfum vér engann blífanlegañ sama-stad, heldur leitum hins komanda, hvar allir þeir vidtøku fá, sem Kristó hafa eptir-fylgt. Jesús hlaut ad deyja á Golgatha: fjall þetta er ad øllu leiti merkilegt, þad var partur af Móría-fjalli, á hvørju Ísaak átti ad offrast; þad var hid foraktan-legasta pláts vegna þess, þad var brúkad til aftøkustadar sakamanna. Af Guds vísa rádi var þad sjáanlega áqvardad, ad Jesús deyja skyldi á þessum opna og al-menna stad; þvíad á því reid øllu framar, ad menn nædu um þad órækri fullvissu, ad Jesús virkilega dáid hefdi; en hvad margfaldar efasemdir hefdu ecki vera mátt um Jesú dauda, ef ad hann dáid hefdi á heimuglegum stad? vér viljum nú taka til dæmis: ad Jesús hefdi verid í hel sleginn í Musterinu, ellegar á einum stad, hvar hans vinir edur óvinir hefdu einir verid sjónar-vitni ad dauda hans, hvornig vard þá hinum vantrúgda móti mælt?

hvørninu veiktrúadur styrkjast? Þad hefdi segja mátt, ad Jesú vinir hefdu fengid adra til, ad bera út dauda hans, en hann hefdi aldrei fullkomlega dáid. Máské ad Jesús hefdi einúngis fallid í ómeginn, er menn héldu, ad hann daudur væri. Jesú óvinir hefdu þá tækifæri fundid til ad álíta dauda hans, sem eitthvørt snoturt vélrædi, og upprisu hans, sem ósannindi. Allar þessar vantúarinnar mótsagnir, verda vid þad ad engu, ad Jesús dó á opinberum aftöku-stad, og øll efunar-mál um dauda hans mega harvid burthverfa. Gydínga-fólk sjálft sá hann útleiddann; þeir sáu, ad sá madur, sem qvøldinu fyrir var til fánga tekinn, var sjálfur hinn sami, sem á krossinum héck; þeir sáu hvørnig hans kraptar meir og meir þverrudu, og þannig urdu þess varir, hvørsu hann nálægdist dauda sínum; þeir máttu heyra sídustu ord hans, med hvørjum hann afhendti sálu sína í fødursins hendur. Þeir sáu, til þess frekari vissu um dauda hans, ad spjóti var stúngid í hans sídu, sem víst hefdi svipt hann lífinu, ef ad enn þá hefdi verid líf í honum; sjálfir máttu þeir sjá allar adgjørdir vid hans jardarfør og greftrun. Allt þetta mátti ad fullu sanfæra

færa sérhvørn um það, að Jesús væri sañarlega dáudur, og því hagaði Guð því svo, að hans Sonar líflát skéði opinberlega á almennum sakamanna aftøkustað. Og gat þá Jesús sjáanlegar opinberað hlýðni sína við sinn føður, og dýpt sinnar niðurlægíngar, enn með því að líða dauðann á svo skammarlegum stað: hans aftøkustaður hlaut að auka hans dauða biturleika; hann var þarmeð gjørður jafn hinum viðbjóðsleguſtu sakamønnum, og allir spádómar, sem þartil vísuðu, urðu með því uppfylltir. Þegar það heitir: að Jesús skyldi reiknast á meðal íllgjørðamanna, að menn jafnvel og mundu hylja sitt andlit fyrir honum, þegar Móses spáir, að Jsrael mundi sáluhjálpariñar-bjarg svo lítils meta, að þeir mundu upphengja hann, svo sem daudt hræ; þá verða allir þessir spádómar á Jesú uppfylltir við þessi tækifæri. Máské þetta megi enn nú telja til, að hann með þessum dauð-daga, vildi uppfylla þá fyrirmindun, sem Jsraels børnum var fordum géfin með eyrormínum. Þessi eyrormur var uppreistur niðt á mørkinni, hvar svo margir Jsraels barna drepnir vóru af eitruðu høggormabiti. Jesús vildi því deyja á hausaskéljastaðn-

stadnum, og líka sem yfir beinum hinna dauðu; hann vildi við dauðann stríða á þeim stað, hvar dauðinn uppreist hafði sitt sigur-teikn, og øllu því samansafnað, sem gjøra mátti áfall hans ógnarlegt og biturt. Á dauðans leikvelli uppreisti hér lífsins Fursti sitt sigurmerki, og uppfyllti þarmeð spámannanna fyrirsagnir: dauði! eg vil vera þér ólifjan! grøf! eg vil vera þér drepsótt! en hvørsu megum vér ei héraf læra að þeckja stærð vorra misgjørða, og Jesú yfirgnæfanlega kjærleika? hvørsu mega ecki syndir vorar vera viðbjóðslegar, þareð Jesús fyrir þeirra sakir hlýtur að deyja í hinni stærstu forsmán, og undir bitrustu píslum á íllvirkjanna aftøkustað? hvørsu innilegt má ecki vera þacklæti það, sem vér erum vorum Frelsara skyldugir um fyrir þennann part písla hans? nú megum vér deyja, hvar sem vill, þó mun vor dauði verða oss sáluhjálplegur; hvørt, sem vér verðum af dauðanum yfirfallnir undir vorra óvina høndum, eður í faðmi vorra kjærustu vina, munum vér þó, hvørt sem verður, aldrei orsøk hafa til huglausrar efasemdar; á hvørjum hellst stað, sem dauðinn hittir oss, mun hann verða fyrir oss vegur til himinsins, þá vér deyjum í sameiningu við Jesúm.

XXXI. Föstu-Hugvekja.

Jesús á Krossinum. Jóh. 19.

Þeir krossfestu hann. Þrjú ord, sem í sér innibinda allt þad, er uppfylla má hvörja sálu ógnum og gledi; Jóhannes segir oss í þessum eptirtakanlegu fáu ordum allt þad, er uppvekja má medaumkunar,- kjærleika- og þacklætis-tilfinníngu; hvörr annar, sem um svo mikilvægt efni skrifad hefdi, mundi hér brúkad hafa valin málsnilldar-ord, til ad fá, sem vídqvæmast, afmálad þad, sem Jesús hlaut nú ad lída; en honum er þad nóg, ad nefna einúngis þá hádúng, sem Jesús þoldi, en géfur hitt lesaranum til egin umþenkíngar. Já, hér, mín sál! finnur þú efni þad, í hvörju þú æft gétur alla þína þánka, og fridstillt allar þíns hjarta saklausu tilhnegíngar; vid umþenkíngu þessa efnis, máttu leidast til undrunar og lotníngarfullrar tilbeidslu. Æ! yfirvegadu þá med heilagri lotníngu þann mikilvægasta atburd, sem á jördunni hefir nockuntíma vidborid: þeir krossfestu hann. Stattú hér vid, mín sál! o! Golgatha! hvörs blód var þad, þú drackst? hvörs kross var þad, sem nidurgrafinn var í þína jörd? hvörr er hann, um

hvörn

hvørn þad heitir; þeir krossfestu hann? sakamenn og íllvirkja hefir þú víst fyrri borid, en aldrei þángad til dó nockur mañeskja á hæd þessari, svo stór, svo saklaus, sem hefdi svo guddómlega eginlegleika. Hann var á þessum tíma, svo djúpt nidurlæckadur, sem yfir himin og jørd svo hátt var uppȝhafinn, hjá honum var guddómleg hátign sameinud hinni stærstu vanvirdu; þessi var sá einasti, hvørs daudi var heimsins fridþæging, þessvegna er vors Jesú krossins mind oss svo yndisleg; í Jehövæ líkíngu fengum vér ecki hans ásjónu sjena, og þó vér sæum hana, mætti hún vera oss óttaleg. Í eins Høfud-engils líkíngu væru oss hans tilfelli óskiljanleg. Í eins píslarvotts líkíngu væri oss hans pína til ásteytíngar. Svo sem Spámadur hefdi hann átt ad grýtast, sem hinir adrir Spámennirnir, eptir Gydínganna sidvenju, þegar hann deyja skyldi fyrir sannleiksins sakir. Hér hagadi sú guddómlega forsjón því svo, ad hann leid lángtum annann daud-daga, sem enga líkíngu hafdi þeirra písla, er menn lidu saklausir fyrir sannleikann. Hann var á krossinn hengdur, og leid þar þræla- og sakamanna-straff. Í þessum Jesú daud-daga láta sig í ljósi

Guds vísdóms dírdlèguſtu ráðſtafanir; ſem héna til ſtyrkíngar vorri trú. Af aňara tilſtofnun hlaut Frelſarinn að ſviptaſt líſinu, því daudans tilefni, ſyndin, hafdi ecki hjá honum ſtad, ſem var heilagur og flecklaus; en að hann heldur leid kroſſins dauda enn hvorn annann, það ſkédi af Guds víſu ráðſtofun. Med engum daud-dagá vard það augljóslegar ſýnt og ſaňad, að Jeſús ſtædi undir Guds dómi, ſem keyptur þræll, enn med kroſsfeſtíngunni, ſem vár þrælanna dauda-ſtraff. Kroſs-feſtíngar-ſtraffid mátti og ſérílagi hafa þann tilgáng, að ſýnt yrdi að Frelſarinn dæi ecki naudugur; því hann dó ecki fyrr eň allt var af honum viljuglega fullkomn-að eptir faſtſettri reglu og ſvo ſem eptir viſſri røð. Já, hann ſkyldi enn þá fram-qvæma margt á ſínum ſiduſtu tímum monnum til beſta og til fullkomnunar ſíns offurs, og þar til gafſt honum tíminn beſtur og tækifærid vid kroſsfeſtínguna, þared dauda-ſtraff þetta olli lángſomum daud-daga, og hans ſála fécK ámedan verk-að undir þeſſu qvalrædi medóſkérdtri ſkyn-ſemi. Þegar hann þar á eptir virkilega dó, mátti það um hann heita, að haň dæi viljandi, þá enginn ſídan ſvipti haň líſinu,

en hann mátti, eptir náttúrlegum hætti, lángtum lengur hafa lifad á krossinum. Loksins heyrir þad og til Jesú kross-vísdóms, ad allir spádómar og fyrirmindanir eru fyrir þad uppfylltar ordnar; Hvílíkur vísdómur og nád eru þá ecki sameinud í vors Jesú krossins dauda? hvílíka orsök høfum vér ecki til ad láta hann vera vora einustu hrósun, vora dýrmætustu huggun og vora ædstu gledi? vér þurfum einúngis ad hugleida þá óútmálanlegu velgjørnínga, sem oss eru afrekadir med Jesú krossi; vér þurfum einúngis ad renna augunum til eymda þeirra, sem vér med syndum vorum hofdum fallid í, ef Jesús hefdi ecki framborid fullgyldt forlíkunar-offur fyrir oss; þetta skal upphvetja oss til ad heidra hans krossins-dauda. Lángi oss eptir huggun, þá samvitskan áklagar oss, sjáum vér í hinum krossfesta Jesú forlíkunar-mann allra vorra synda; skélsi straffid oss, sem vér med vorum syndum høfum verdskuldad, þá segir Jesú kross oss, ad hann borid hafi vora sjúkdóma, og tekid uppá sig vor kránkdæmi, ad hanñ sé særdur fyrir vorra synda sakir og lemstradur vegna vorra misgjørnínga; skélsi oss løgmálsins bølvan, þá megum vér í trúnni

uppþ

upp til hans líta, sem á krossinum er ordin bølvan fyrir oss, og hefir þarmed afrekad oss þá dírdleguſtu blessun. Jesú kross er því hid kroptugaſta medal vorrar sáluhjálpar, grundvøllur vorrar fridþægíngar og vorrar vonar, uppspretta til vors réttlætis, vorrar rósemi, vors frelsis og huggunar, og orsøk vorrar eilífu sáluhjálpar. En því erum vér þá svo kaldgédja og tilfinníngarlausir, þegar vér virdum fyrir oss hinn krossfesta Jesúm? æ! vegna þess, ad vor kjærleiki er enn nú lángtum of kaldur, og vor gudrækniſ áſtundan svo ýfrid treg, þegar vér berum þau saman vid vors Jesú áſtúdlegaſta kjærleika; ef ad vér elskudum hinn krossfesta Jesúm af gjørvøllu sinni, þá mundum vér ljúflega segja oss úr syndarinnar og heimsins þjónuſtu, en sverja vorum Endurlausnara eilífann trúskap. Væri Jesú kross oss dýrmætari enn allt annad, þá leitudum vér ecki lucku vorrar og gledi einúngis í jardneskum hlutum. Ef vér kæmunſt vid í hjarta voru, þá vér þenktum um hiñ krossfesta Jesúm, þá mundum vér finna ſtærri vidbjód á þeim syndum, sem hann gvøldu, enn almennt skédur, og taka oss því betur vara ad flecka sálu vora med nýjum

jum

jum misgjørníngum, og ef oſs værl annt um frelſi vorrar ſálar, mundum vér ecki halda áfram í þeirri fáſinnu, ad álita holdſins lyſtiſemdir, ſem vort ædſta góda; já! hefdi Jeſú kroſs-daudi nockurn krapt í voru hjarta, þá mundum vér brádum verda ødruvíſi ſinnadir enn híngad til, vid vorn náúnga og ſjálfa oſs. Allt þetta vidurkénnir nú ſála vor, já! þá vér í róſemi hugleidum þinn kroſſins dauda, o! vor Jeſú! ógnar oſs kaldſinni vort og þánkaleyſi um þinn ſtóra kjærleika, ſem leiddi þig til ad þola þvílíkann dauda fyrir vorar ſakir. Æ! vér æſkjum oſs, ad vera nú eins gédi farnir og Paulus, ad þvíngaſt af þinni pínu, til ad lifa þér einúngis, ſem fyrir oſs ert dáinn. En vér qvídum þó, ad vort laus-ſinni muni ónýta þeſſa óſk, ſtrax ſem vér komum út í heimſins gálauſa ſoll. Hvørſu brádum munu þá ecki þánkarnir um þinn kroſs, og kjærleikinn til þín, vera í burt horfnir, er þeir hlutir koma oſs fyrir ſjónir, ſem draga til ſín alla þánka vora og kjærleika? þeſsvegna virdſtú, o! Jeſú! ad innprenta faſtlega vorri ſálu þína kroſſins ímind, og láttú hana æ vera oſs fyrir augum, þá holdſins lyſt og ſyndarinnar og heimſins lyſti-

lystisemdir vilja locka oss til ad hafast þad nockud ad, sem þig mætti styggja; þessi trúada hugleidíng styrki oss til ørdugrar mótstødu sérhvørri synd og gjøri oss óhvikula og støduga í þeim trúskap, sem vér høfum svarid þér. Þá vér erum þannig sinnadir, verdur Jesú kross oss þad lífsins tré, sem gésa mun oss æskilegustu ávexti. Í sérhvørri ángist og órósemi munum vér þad á þessu lífsins tré finna, sem ad fullu fridi hjarta vort, þó allra hellst á vorri dauda-stundu, þá munum vér gladir, þig, krossfesti Jesú! í trúnni umfadma, og fyrir þinn krossins dauda finna inngáng opinn í þitt himneska ríki.

XXXII. Føstu-Hugvekja.

Jesú sídustu ord af krossinum. Lúc. 23. Jóh. 19. Matth. 27.

Ó! hvad mild er ecki sú rødd, sem heyrist frá Golgatha! ógnarleg var rødd Guds, þá hann taladi, sem løg-gjafari og dómari í reidar-þrumum á Sínaí fjalli og eldíngum leyptradi í kríngum hann, en hér er allt rólegt, hér vogum vér ad nálægjast án alls ótta fjallid, á hvørju Jesú blód útrennur. Hér megum vér rødd

 hans

hans heyra án þess ad skélfast vid, því vor deyjandi Jesús sýnir sig hér øllum syndurum, øllum yfirgéfnum, øllum deyjandi í því huggunar-ríkasta útliti; látum oss nú skoda hann til eblíngar vorri trú. Vér sjáum nú í vorum Jesú, þann syndarañä vin, sem elskadi óvini sína til æfiloka, fyrir syndaranna sakir tók hann uppá sig erfidi og armæðu á medan hann umgéckst hér á jørdu, fyrir þeirra sakir leid hañ sína bitru pínu, fyrir syndurunum bar hañ þá ástúdlegustu umhyggju fram í daudann, syndarar vóru hans fyrsta og sídasta umþenkíngar-efni. Í kríngum kross hans stód mikill skari gudlausra skálka, hann horfdi á þá, med medaumkunarsømum kjærleiks-augum, og bad fyrir þeim, med þessum hjartnæmu ordum: Fadir! fyrirgéf þeim, þeir vita ecki hvad þeir gjøra. Vid sídu hans héck einn illvirki, sem bad sér nádar af honum med audmjúku hjarta, hvørsu fljótur var hann ecki til ad endurnæra þennann vesæling, og géfa honum þad fyrirheit: í dag skaltú vera med mér í Paradís! hvílíka huggun finnur hér ecki þad hjarta, sem stóra ángist ber yfir sínum syndum? fyrir oss hefir Jesús einnegiun offrad bænum og þýngum

and-

andvørpunum með gráti og tárafølłum á þessum hans qvala-degi. Hvað hefði af oss orðið, ef hann ecki hefði innilukt oss í þeim fyrirbœnum, er hann gjørt hefir fyrir sínum morðíngjum? máské vér værum þá fyrir laungu í ørvǿlnun vegna synda vorra tapaðir; en vegsamað sé hans nafn, hann hefir einnig beðið fyrir oss, og snúið frá høfði voru hegníngu þeirri, sem oss mundi hafa eydilagt. Tíðum hefir hann með meðaumkun til vor litið, þá vér høfðum verdskuldað að sjá hann svo sem stráungann dómara. Tíðum frelsaði hañ sálu vora, þá vér vildum hafa varpað heñi í fordjørfun; og hvað mun hann enn nú ecki við oss gjøra, ef vér með sannri ydrun snúum oss til hans? hvørsu reiðubúinn mun hann ecki að líta til vorra tára, og heyra vora andvarpan? þá trú høfum vér til þín, vor Lausnari! að þú sýna munir oss þá somu miskun og ræníngjanum. Þú munt fyrir oss himinn̄ opna, þegar heimurinn apturlykst fyrir oss, hjá þér munum vér finna náð, þegar oss liggur mest á heñ!.

Jesús sýnir sig enn á krossinum, sem aðstoð hinna yfirgéfnu. Sjálfur var hañ nú af vinum og óvinum forlátinn, já! hvað mest var verdt, yfirgéfinn af sjálfum

Gudi; á krossinum hángandi fann hann til Guds reidi ógnana, en þannig staddum, géck honum þó til hjarta ástand modur sinnar; hann renndi augum til hennar, og sá hvörsu hún umfadmadi hans kross, og hans blódugu fætur, hvörnig hún studdi sig vid Jóhannem, þá hún af þeim sára harmi, sem sundur-skar hennar vidqvæma módur hjarta, var örmagna ordin. Hann leit til hennar og gjördi rádstöfun fyrir högum hennar. Nú var ad nockru leiti létt á hjarta hans, svo ad hann fengi því heldur stadist þad skélfilega augnablik, sem honum var áqvardad: ad verda nú yfirgéfinn af Gudi. Eitt sinn munum vér og kannské í vidlíkt ástand koma, þegar daudinn nálægist, hvörr veit þá vid hvörjar efasemdir sála vor ega muni ad strída. Máské vér megum þá ogsvo qveinandi klaga: Drottinn hefir yfirgéfid mig! Drottinn hefir gleymt mér! þá, Frelsari vor! ef þad mæta skyldi, viljum vér renna vorum vonar augum upp til þín, sem vor vegna varst yfirgéfinn af Gudi; þú munt þá reynast voru ángistar-fulla hjarta í þessari vorri sídustu neyd, vor sætasta endurnæring, já! í sérhvörri ángist og efasemd, sem í hugann hvarflar, mun hjarta voru

ad því léttir verda, til þín ad þenkja. Máské áhyggja fyrir vorum elskudu ástvinum, sem þá umkríngja harmandi helsæng vora, og vér sjáum adstodarlausa eptirlátna í heiminum, auki ángist vora og órósemi; en þá viljum vér til þín þenkja, sem adstod gafst af krossinum þinni adstodarlausu módur; þinni forsorgun og umhyggju viljum vér þá á hendur fela þessa vora elskudu, þú munt senda þeim einn Jóhannem, sem gángi þeim í vorn stad. Svo eckért skyldi vanta, er auka mætti þær qvalir, sem Jesús leid vor vegna og oss til huggunar á krossinum, heyrum vér hann þessu nærst qvarta um þorsta: mig þyrstir, hrópar hann. Eitt sinn mun oss og þvílíkur þorsti qvelja, þá vér erum daudanum adkomnir, þá allir vorir kraptar, eru sem skél uppþornadir, þá viljum vér til þín þenkja, vor Jesú! og hugga oss vid þinn þorsta, þá munum vér, þacka þér fyrir hvørn svalandi vatnsdryck, sem oss borinn verdur, og fyrir þad, ad þú munt géfa oss meiri léttir á vorri sottarsæng, enn sjálfur þú nautst á krossinum. Þú hrópadir: þad er fullkomnad! æ! ad vér mættum þó eitt sinn taka eptir þér þad ord í vorn munn med sama sigur-hrósi og þú taladir

 þad.

þad. Hvørsu rólegir megum vér ecki qvedja heim þennann, þá vér vitum oss hafa allt fullendad, sem oss var áqvardad ad gjøra edur lída í þessu lífi! þá munum vér einneginn um allar vorar mótlætíngar segja kunna, ad þær eilíflega séu á enda, og ad engin qvøl framar snerta muni sálu vora né líkama. Lokfins kénnir endirinn; med hvørsu trúar-øruggu trausti afhendtir þú, deyjandi Jesú! sálu þína í þíns føðurs hendur! Kénn þú oss þá ment, ad deyja svo sáluhjálplega, sem þú dóst; en þó heldur, kénndu oss þá ment, ad lifa svo dygdugu lífi, sem þú lifdir, þá mun vor daudi líkur verda þínum dauda.

XXXIII. Føstu-Hugvekja.

Jesú bæn fyrir sínum óvinum. Lúc. 23.

Hvílíka hjarta-gædsku sýnir hér ecki hinn krossfesti Jesús? jafnvel þó vér hefdum ecki sterkari røksemdir uppá hans guddóm og hans ýfla óendanlega verd, þá mætti þó þessi adferd hans sannfæra oss um þad, ad þessi krossfesti væri meiri hvørri almennilegri manneskju, já! yfir sérhvørn daudlegann upphafinn; ad sönnu mundum vér þeckt hafa veldi hans og makt,

makt, ef ad hann med sínum reidar-þrum-
um hefdi í sundurmarid óvini sína á því
augnabliki, sem þeir vildu hafa hann á
krossinn neglt, edur varpad þeim til jard-
ar, edur med ødrum hætti gjørt þá óhæfa
til framqvæmdar sínu fyrirtæki, en hans
kjærleiki og elska til sinna óvina hefdi oss
fyrir þad dulin verid, vér máttum þá
framar óttast hann enn elska. En hér
vottar hans gædska sig undrunarverda.
Vér vitum, ad hann med einu almættis
ordi, hefdi kunnad ad eydileggja óvini sína,
hann gat bodid øllum høfud-sképnunum
ad sameina sig þeim á móti, hann gat aud-
veldlega gengid úr høndum þeim. En
kjærleiki hans vinnur hér sigur yfir allri
tilfinníngu mannlegrar náttúru. Í
hans hjarta bjó engin grimd, hatur né
hefndar-girni, heldur eintóm gædska og
eptirlángan ad fyrirgéfa. Ecki er á hon-
um ad sjá nockurn reidi-svip, edur ad heyra
nockur ógnunar-ord, heldur eintóma hóg-
værd og kjærleika, hvarmed hann svo tíd-
um ádur hafdi endurnært hugdeig hjørtu.
Hinn óútmálanlegi kjærleiki, sem þvíng-
adi hann til ad lída daudann fyrir syndar-
ana kom honum til þess ad bidja nú fyr-
ir þeim. Fadir! fyrirgéf þeim, þeir vita

ei hvad þeir gjøra; hvørnig gat Jesús áſt-údlegar bedid fyrir vinum ſínum? hvørnig gat hann mildilegar høndlad vid elſkendur ſína, ef þeir hefdu gjørt honum lítilvæga mótgjørd, enn hann høndladi hér vid ſína mordíngja: Fadir! fyrirgéf þeim, því þeir vita ecki hvad þeir gjøra. Hvørſu má ei hjarta vort komaſt vid, þá vér hugleidum þeſſa vors kroſsfeſta Jeſú áſtríku bæn! ſvo margfaldar og ógnarlegar, ſem píſlir þær vóru, ſem Gud hafdi yfir hann látid gánga, var hañ honum þó óumbreytilega hlýdinn allt til daudans, og ſýndi þad med ordum ſínum og adferd, ad hann gjørdi vilja Guds med gledi. Nú var þad einkum naudſynlegt, ad hann gæfi opinbert vitni síns kjærleika til fødurſins, og þad gjørdi hann med ordunum, er hann brúkadi í fyrirbóninni fyrir ſínum óvinum. Þann, ſem ſtraffadi hann í ſinni dóms reidi, og af hvørjum hann ſýndiſt øldúngis yfirgéfinn, nefnir hann enn nú ſinn fødur. Þetta mátti hafa géfid óvinum hans efalauſt viſſu um þad, ad hann, ſem lagt hafdi ſig viljugur undir síns fødurs hønd, væri fullviſs um hans kjærleika, og þared hann áliti ſig ſem Guds eginn Son, mætti hann ega ſér Guds adſtod

víſſ:

vísa. Og vér megum nú einneginn þolgódir stola uppá hans nádar-ríku hjálp í hvørjum hellst mótlætíngum, sem oss mæta kunna. Þó ad vér lída hljótum hatur, ámæli, forakt og ofsóknir í heimi þessum, þá egum vér nú þad hæli, sem vér ávallt þorum ad flýja til, og aldrei bregdst, hvørju enginn madur fær oss svipt; vér vitum ad himinsins og jardarinnar Herra er nú vor fadir, hvørjum vér med traustri trú þorum efalaust ad treysta; þetta vitum vér ad sonnu, en því erum vér þá svo efasamir og huglausir, hvørsu lítil bágindi, sem adkoma? hafi Jesús mátt vera viss um síns fødurs kjærleika, þá hann lá undir þeim bitrustu píslum, því viljum vér þá efast um gædsku hans vid oss, þó oss beri ad hondum lítilvægar mótlætíngar? því þó alls-slags eymdir og þreyngíngar mættu oss, hvad eru þær ad reikna á móti því, sem vor Jesús leid? hans dæmi má koma oss til ad blygdast þá vort hold vill leida oss til óþolinmædi og ørvílnunar. Med ánægdu hjarta ættum vér ad kyssa hann ástríkū fødur-hønd, jafnvel þá hún typtar oss sem sárast. Því betur, sem vér virdum fyrir oss vorn krossfesta Lausnara, því audsjenara verdur oss,

hvørsu

hvørsu mikils oss er ábóta-vant. Jesús rennir þaunkum sínum fyrst á krossinum til óvina sinna, áhyggjusamur um ad fá þá frelsta frá því straffi, sem þeir hofdu nú verdskuldad. Ecki var þad undrunar-verdt, þó ad hañ, staddur í slíkum qvølum, gleymt hefdi øllu nema sjálfum sér, og síst þenkt til qvalara sinna; en hvílík mannelska! hann gleymir sínum egin qvølum og er einúngis hugsjúkur um ó-luckuóvina sinna. Sjálfs hans píslir sīñ-ast honum ecki óbærilegar, en sú pína er honum þýngst ad sjá fyrir þá óhamíngju, sem mordíngjar hañs bøkudu sér og áttu fyrir høndum. Hvørki særdu hans hjarta svo sárt sárin, sem hann bar á sínum lík-ama, né hádúngarnar, sem hann leid, svo sem hegníng sú, er hans óvinir øllu sér med hans lífláti, og þessvegna bidur hañ fød-ur sinn svo ástúdlega: Fadir! fyrirgéf þeim. Hvad mundum vér hafa gjort vidlíka staddir? edur þar vér traudlega fá-um reynt þad, sem vor Jesús reyndi, hvad mundum vér gjøra ef ad vér á líkama edur sálu mæta mættum óverdskuldadri mis-þirmíngu af óvinum vorum? mundum vér þá géta eptirfylgt vorum Lausnara, og þenkt til vorra óvina med vidlíkum kjær-leika?

leika? mundum vér ecki ætla oss nóg hafa ad þenkja einúngis til þess, sem vér hefdum ad lída? mundum vér ecki ætla þad vorkunar-mál, þó vér í hvílíkum þjáníngu áföllum óskudum þeim ills, sem þeirra ollu? en hvad þurfum vér ad nefna hértil stórar þjáníngar; vér finnum hvørsu vort blód og siñislag kémur í hræríngu, hvørnig vort hjarta verdur af reidi og hefndargirni upptendrad, þá vér einúngis mætum litlum mótgjørdum af vorum óvinum. Daglega finnum vér, hvørsu ørdugt þad veitir oss, ad sigra náttúrunnar tilhnegíngu, og venja vort hjarta til hógværdar og umburdarlyndis vid óvini vora. Æ! ad vér gætum þó í hvørt sinn, sem vort blód kémur í hræríngu, vid sérhvørn hefndargirnis þánka, sem oss í hugann kémur, til þín hugsad, vor krossfesti mannelskari! og þannig þenkt med sjálfum oss: vor sáluhjálpari, sá eingetni Sonur Guds, hann, sem var hinn allra heilagasti, leid þó øldúngis saklaus; en vér, sem erum dupt og aska, erum svo stór-syndugir, ad vér høfum lángtum meira verdskuldad, enn vér nockurntíma lídum; þad vóru mordíngjar hans, sem hann fyrirgaf, og vorir óvinir afgjøra vid oss lángtum

minna,

minna, því skyldum vér þá ecki reidubún-
ir til, ad fyrirgéfa þeim þeirra litlu afbrot,
þar Jesús var svo viljugur til ad láta
lángtum stærri óstroffud. Vér viljum
þá setja oss Jesúm, sem munstur, fyrir
sjónir, þá hjarta vort ætlar af reidi og
hefndar-girni ad upptendrast; en vér vil-
jum ecki þenkja til hans einúngis, heldur
hjartanlega bidja, ad hann vilji géfa oss
sitt kjærleiksfulla hjartalag, og fyrir-
géfa oss vorar misgjørdir; því vissari er-
um vér um þad, ad hann heyra muni vora
bæn, sem vér erum þess fullvissari, ad
hann einnig hefir til vor þenkt í þeirri
fyrirbón er hann gjørdi fyrir óvinum sín-
um, því hann bad þá undir eins, sem vor
eilífi ypparsti Prestur, fyrir øllu mannkyni,
fyrir hvørs sakir hann leid krossins dauda;
hann bad fyrir øllum mann-óvinum, fyr-
ir øllum hefndar-gjørnum, fyrir øllum
mordíngjum, og lofadur veri Gud! vér
megum því vidbæta: hann bad og fyrir
oss, ad vér enn nú lifum, ad oss enn nú
ecki er í reidi burtu kippt, ad Dómarans
hefnd ecki hefir hitt oss í hvørt sinn, sem
vér látid høfum í ljósi vora hefndargirni,
ad vér nú á þessu augnabliki, megum finna
nád, allt þetta hefir Jesús med sinni fyrir-
bón

bón afrekad oss. Æ! hættú þó ecki, vor eilífi ypparsti Prestur! hættú ecki ad bidja fyrir oss, láttú enn þá ecki af ad leita vorrar betrunar, máské vér séum hegníngunni eins nálægir og þetta fólk, sem svipti þig lífinu; máské oss géfinn verdi enn nú nockurr frestur, og þá komi hefndarinnar dagur yfir oss; bid þú, vor Frelsari! bid þú fyrir oss! bid þú enn nú um nádar-tíd handa oss, og láttú oss ecki deyja í vorum syndum; þegar vér ætlum ad halda áfram ad forakta þína miskunsemi, sem leida vill oss til betrunar, þegar vér drýgjum syndir á syndir ofan, þegar vér höldum áfram í forherdíngu vors hjarta, þegar vér loksins stöndum vid grafar-barminn, og örmagna óskum oss hjálpar, æ! bid þá fyrir oss, vor eilífi ypparsti Prestur! og láttú oss þá finna miskun hjá þér, vegna þinnar hjartnæmu fyrirbonar á krossinum!

XXXIV. Föstu-Hugvekja.

Jesú kjærleiki til sinnar. módur. Jóh. 19.

Elskan er sterkari enn daudinn; þad lærum vér af þessari hjartnæmu frásögu, sem vér viljum nú í rosemi hugleida. Þad má sýnast undrum gégna, ad á medal

svo

svo margra, sem Jesús sýnt hafdi vel-gjørnínga, finnst varla nema ein persóna, sem ecki skamast sín vid hans kross. Fæst-ir vóru svo hugprúdir, ad þeir sýndu sig lík-lega til ad taka málstad hinns saklausa. Fjøldi fólks fylgdi Jesú eptir, þegar þeir vóru mettadir af honum, og þá hañ gjørt hafdi kraptaverk nockur fyrir þeirra aug-um; en nú á hans dauda-stundu, vóru ecki nema þrjár konur og einn lærisveiñ hon-um nálægir. Víst má þetta undra, hvørr mundi hafa trúad því, ad hinir veikustu mundu hugdjarfastir vera. Veikar konu-sképnur, sigra þeirra kyni medfædt hug-leysi, og þær yfirvinna alla hrædslu fyrir svo sorglegri sjón, þær gleyma hans hád-úng og vanvirdu, sem krossfestur var á millum tveggja íllvirkja. Þær sigra alla þá hættu, sem þær óttast máttu af grimdar-ædi þessa ólma fólks. Og hvad var þad, sem gaf þeim svo óvenjulegañ sigur yfir sjálfum sér? eckért annad eñ hiñ brennheitasti og trúfasti kjærleiki til Jes-úm; undrun þeirra yfir hans stóru þolin-mædi, og hin ákafasta laungun eptir því, ad læra nockud af hans dæmi, veita eptir-tekt hans sídustu áminníngum. En á medal þessara persóna, er ein sú, er framar

hin-

hinum krefur vora adgjætslu: María vid Jesú kross. Hvørsu ógnarleg má ecki sjón þessi verid hafa þessarar dygdugu Maríu vidqvæma módur-hjarta, ad sjá son sinn, sem var dygdin og sakleysid sjálft, svo forsmánarlega medhøndladañ, negldann á hádulegt tré, eins og bølvunar-efni fyrir alla, rétt eins og afhrak og vidbjod allra manna, og þó ecki géta hjálpad honum? já! ad sjá hann al-lødrandi í blódinu og sárum særdann, en þó hvørki mega binda um sár hans, né stilla blódid? ad sjá hann adfram kominn, án þess ad géta apturlukt hans brostnu augu; hvlík pína mun ecki hér uppfyllt hafa þad ástríka modur-hjarta? ecki ad sídur, verdskuldar þó øllum framar hinn krossfesti alla vora adgjætslu, því sterkari, sem hans kjærleiki var til sinnar módur, því þyngri og sárari mátti hans pína vera, þegar hann sá þessa sína elskulegu módur undir krossinum; þær gudhræddu sálir, sem stódu í kríngum krossiñ, høfdu einúngis eina pínu ad sigra, en hann hafdi á þessu augnabliki margfaldar píslir vid ad strída. En svo óútmálanlega stór er kjærleiki hans, ad hañ þó snýr þaunkunum til vina sinna, og gleymir ámedan sínum egin qvølum, svo

hann fái þá huggada. Þad var eckt af hendíngu ad hann kastadi augum á módur sína, þad skédi af ásettu rádi. Hann leitadi hennar med sínum augum, og fann hana í mannfjøldanum. Hann gaf henni ad skilja, ad hann gæfi gætur ad trygd hennar, ad hennar dygd hrærdi hjarta sitt, og ad hann endurgjalda vildi medaumkun hennar aptur med medaumkun. Hann bar umhyggju einninn fyrir velferd hennar og varatekt, og fól hana á hendur þeim lærisveini sínum, sem af kjærleika til hans var reidubúinn ad gánga undir alls-slags mædu med gledi hans vegna. Hér sjáum vér þann ávinníng hjá Jesú, sem dygdugt líferni heitir oss í sjálfum daudanum; þegar hinum deyjanda bregdur svo vid daudans adkomu, ad hann af ótta og skélfíngu verdur rétt frá sér numinn, og varla má þenkja til sjálfs síns, því sídur ad hann fái um adra hugsad, já! jafnvel ecki um nákomnustu vini sína og vandamenn; þegar sá deyjandi, sem eydt hefir gjørvallri æfi sinni í sífeldum tvístrandi heimsins sýslunum, engann tíma fær til annars enn ad búa sjálfann sig undir daudann, þá gétur sá sannkristni, sem brúkadi hér sína heilbrygdu daga til daudans undirbúníngs,

ings, og sem fullviss er um sitt náðar-
stand og sáluhjálpar-von, brúkað nockrar
sinna síðustu lífs-stunda til uppbyggíngar
börnum sínum, ættíngjum og vinum;
hann gétur þá íhugað sínar jarðnesku sýsl-
anir; hann gétur meddeilt sínum harm-
andi vinum hugganir og góða lærdóma;
alltíð gétur hann verið stöðuglyndur, all-
tíð sjálfs síns herra; hann gétur, áður enn
hann deyr, allt fast áqvarðað um sína ept-
irlátnu fjármuni, forsorgað ættíngja sína,
ráðstafað barna sinna uppeldi, gjört opin-
berann sinn síðasta vilja, sendt öllum ná-
lægum vinum hina síðustu qveðju, og iñ-
gengið síðan með rólegri gleði í réttlátra
eilífu hýbýli. Já! þetta megnar hinn
sannkristni, þegar jafnvel hinir sterkustu
verða veikir, þá þeir slíta skulu sitt hjarta
frá hjartkjærum ástvinum, og skilja við
þá, hugsunarlausir um þeirra komanda á-
stand. En hvörsu rólegur má ecki hinn
réttkristni vera, þó hann eptirláti og skil-
jist fyrir dauðann við þá, sem missa í hon-
um föður og forsorgara? vel fáum vér
skilið, að það muni eckért lítið hjartans
ángur og qvöl auka hinum deyjandi, að
sjá þá samansafnaða um sína bana-sæng,
hvörra eintóm tár, bera vitni þess, hvörsu

yfrid stór sé sá missir, sem þeir þá qvída mega, en vér trúum því einneginn ad øruggt trúar-traust á Gudi, sem skapad hefir himin og jørd, og er allra forlátiña fadir, fái audveldlega fridstillt þad trúada harmþrúngna hjarta. Yfrid mikilvægur er þessi lærdómur, og oss til óumrædilega stórrar huggunar, þvíad eitt siñ mun og ad því koma, ad vér staddir verdum í vidlíku ástandi, og vor Frelsari í þetta siñ, þegar vér vid burtfør vora úr heiminum, sjá munum í kríngum oss þá, sem gjørdu oss hérvistina ánægjusama, máské þad sé vor ekta-maki, sem megi þá harma vorn vidskilnad, máské vor børn, vor systkyn og adrir ástvinir samankomi þá ad vorri bana-sæng, þegar vér erum ad dauda komnir. Klárlega fyrissjáum vér þad, í hvílíku strídi vor sál muni þá ega, en þá skal dæmi þitt, krossfesti Jesú! standa oss opid fyrir hugskots-sjónum. Med eins vidqvæmu tilliti, og þú leitst til þiña vina, viljum vér til þeirra líta, eins alvarlega viljum vér adgæta velferd þeirra, og afhenda þá þarmed þinni forsjón á hendur. Eitt siñum vér enn þá athugaverdt í þessu efni, sem vér brúkad fáum oss til undirvísunar: María var stødd vid krossinn

Jesú,

Jesú, en hún stód þar upprétt; audvitad er, hvílíka hjarta-sorg hún hafdi ad bera, en hún lét ecki sorgina yfirbuga sig; enginn heyrdi hana færa bitur klögumál á móti Gudi, né grimdarfull brírlyrdi á móti mordíngjum sonar síns. Yfrid vel þeckti hún þá þolinmædi, med hvörri madur á ad láta sig leida viljugann ígégnum forsjónarinnar tídum ordugu vegu. Hún vissi ad sonar síns daudi béna átti heiminum til frelsis. Hennar dæmi viljum vér fylgja; hvörr veit nema ad þeir muni ogsvo deyja fyrir vorum augum, sem eru nú vor stytta, vor gledi og vor huggun? svo sárbiturt, sem þad tilfelli mætti verda oss, viljum vér þó med audsveipni taka á móti því af Guds hendi, og segja: hann er Drottinn, hann gjöri hvad honum gott sýnist! Drottinn gaf, Drottinn burttók, lofad sé nafnid Drottins! í þvílíku hugarfari munum vér finna vissustu huggun hjá Gudi; hann mun med líkn líta nidur til vor, eins og til módur sinnar, og med sinni hjálp, frída vort sorgbitna hjarta.

XXXV. Föstu-Hugvekja.

Jesús hæddur á krossinum. Matth. 27.

Þá finnast dæmi þess, að mannvondskan hafi svo vídt komið, að hún sé í frammi höfð við þá, sem nærri vóru lífláti undir hinum bitrustu qvölum. Á þeim tíma, eru jafnvel hinir hefndargjörnustu fjandmenn hins deyjanda friðstilltir orðnir, og hatur þeirra vlagar þá að víkja fyrir einhvörri ógnun, sem framar fær stað í sálu þeirra. Almennt er það, að sorgblönduð þögn útbreidi sig yfir þaũ samankomna mannfjölda, sem géfur sjáanlega til kynna, mannlega tilfinníngu, er plagar, þá þannig adber, að hræra jafnvel hin grimmustu hjörtu. - Sé nú sá, sem dauda-straffið lídur þar hjá saklaus, svo er náttúrlegt, að það auki medaumkunina med þeim, sem hegnínguna lídur. Hvörsu dæmalaus má þá ecki heita Gydínga adferd, sem svo vídt gengu í sínu grimdaræði, að þeir hættu ecki að misþirma Jesú med alls-slags vanvirdu og spottyrdum, eptir það þeir sáu, að þeir fá mundi sínum blódþyrsta tilgángi við hann framkomið; eckért féck til medaumkunar hrært þetta grimma fólk; ecki sjón hins saklausa, sem med eintómum velgjörníngum við þeirra þjód, hafdi ecki verdskuldað nema gott; ecki sjón hans písla, sem yfirtók allt það,

sem

sem nockurr stór brota-madur lidid hafdi; ecki sjón hans fáu vina, sem med sárustu sorg stódu undir Jesú krossi; ecki sjón hans hugprúda umburdarlyndis og adferdar allrar undir hinum bitrustu píslum Allt þetta féck svo litla verkun gjørt á Gydínganna hjørtum, ad þeir miklu framar létu sér þar um annt, hvørsu þeir sá mætti qvalir hans auknar, og þetta meintu þeir sig hellst géta, þá þeir, ecki einúngis píndu hans líkama allskyns píslum, heldur og sálu hans sárum spottyrdum og hádi. Af þessari Jesú óvina adferd, sáum vér lært ad þeckja þau yfir-ráð, tilhnegíngarnar ná yfir þeim, sem láta þær stjórnlausar, og hvørsu lángt menn komist géta í løstunum. Þegar drottnandi syndir eitt sinn nád hafa yfir-rádum yfir oss, þá er þad oss þadan af um megn, ad láta af þeim strax, sem vér varir verdum þeirrar ólucku, er þær mega olla oss. Sá drottnandi vani, sem vér komnir erum í ad syndga, gjørir oss ad lyktum daufheyrda vid allar fortølur og allar eymdir, sem af syndinni fljóta; af lastanna voldugu straumi látum vér oss draga, og loksins fyrr enn oss vardi erum vér máske fallnir í þann afgrunn, sem vér vildum hafa umflúid. Med mestu um-

hyggju hljótum vér því, ad umflýja hina fyrstu sýn til syndarinnar, og aldrei í blindni afhenda oss til nockurrar tilhneígingar, sem í byrjuninni máské sinjadri fyrir náttúru vorri, en verdi oss sídan óbætanlegá skadvæn. Hér má sjá hvorsu skañarlegur sá løstur er, ad hafa auma og harmandi ad hádi. Alltid sýnir þad íllann mann, ad hæda þann, sem á vid eymd einhvorja edur mædu ad berjast, jafnvel þó armæda hans, ad nockru leiti, heita mætti af hans egin tilstofnun, en ad hæda og spotta sárpíndann saklausann, þad er þvílíkur glæpur, sem hvørt manns hjarta má hrylla vid. Einginn er efi á því, ad þessi gudlausa adferd, má ollad hafa vorum Frelsara mestu plsla, og því miklu heldur, sem sakargiftir allar og áklaganir á moti honum framfærdar, vóru skammarlegri og þo allar upplognar. En hér finnum vér þó einnig klárustu rök Jesú sakleysis. Hefdu Gydíngar vitad nockud þad, sem þeir fengid gætu Jesú til lasts lagt, mundu þeir síst forsómad hafa þad ad frambera. Gjørvøll sakargiftin vidvék þeim titli, sem hann hafdi tekid sér, og honum þó med réttu bar. Hvad vandad og óstraffanlegt má ecki verid hafa Jesú

fram-

framferdi, þared hans óvinir sáu sig neydda ad grípa til lýgi þessarar? þessvegna þolir Jesús ogsvo øll þeirra hádyrdi med svo mikilli hógværd og sinnis-rósemi, því þared hans egid hjarta frikénndi hann, mátti hann rólegur vera, yfir øllum hatursfullum dómum, þolinmódur lídur hann sérhvørs hádyrdi og kreinkingar; þann þolir þær vor vegna, til þess hann fengi oss afrekada eilífa endurlausn. Hvørsu óútgrundanlegur er ecki vors Frelsara kjærleiki! eckért hefdi honum audveldara verid, enn láta sína óvini þegja. Med einu einasta ordi, sem hann af krossinum talad hefdi, gat hann varpad þessum vitstola mønnum til jardar, en þad gjørir hann ecki. Eckért framber hann á móti óhljódum þeirra, annad enn sína guddómlegu hógværd og sínar sárheitu fyrirbænir fyrir þeim. Ætti ecki þetta dæmi ad vera oss til eptirtektar? skyldum vér ecki héraf læra, hvørnig vér mundum hafa hegdad oss vid þá, sem vidlíka hefdu med oss farid? þó þannig hefdi ástadid, ad sá óréttur, sem vér lída máttum, verid hefdi himin-hrópandi, og oss óbætanlegur, gétum vér þó neitad því, ad sá óréttur var enn þá skélfilegri, sem Jesús fyrir vor-

ar sakir í þetta sinn leid? og vér vildum ecki hafa fyrirgéfid; vér vildum traudlega hafa forlíkast vid vorn bródur, vin edur náfrænda, þó hann hefdi bedid oss, fallid oss til fóta, leitad af oss forlíkunar, og allra medala til ad fá oss fridstillta. Viljum vér ecki líkjast Jesú hógværd, hvörs læri sveinar vér þó óskum ad álítast? vér viljum hlutdeild ega í vors Frelsara kjærleika, en nálægjum oss honum þó med hjarta, uppfylltu reidi og hefndargirni. O! vor eilífi ypparsti Prestur! vort harda óforlíkunarsama hjarta viljum vér frambera ad þínum krossi, af þér viljum vér læra, ad gjalda ecki skammar-ord fyrir skammar-yrdi, ecki ad hóta, þá vér lídum, heldur setja þad í hans vald, sem rétt dæmir. Heldur viljum vér eckért þad adhafast, hvar med vér valda kunnum oss vorra óvina hædnis og forakts; og ef þad hendir, ad vér án vorrar tilstudlunar hafdir yrdum ad hádi, viljum vér líta til þín, saklausi Jesú! og fylgja þínu dæmi. Ecki skal þad koma oss óvörum, þó vér lída hljótum baktal og hád-yrdi af ógudlegum. Hafir þú, allraheilagasti! mátt hædni þola, skyldum vér þá undra voudt baktal, þared alltíd finnast brestir í voru fari, sem áløs-

um

un verdskulda? hafir þú saklaus og heilagur hlotid ad lída slíkar qvalir, hvorsu naudsynlegt má oss þá ecki nockurt mótlæti vera, sem svo audveldlega hrøsum í synd og løstu, þá vér hofum eintóma gledi, og allt gengur oss ad óskum í heiminum? vér lítum til Jesúm, hvad hann hefdi gjørt gétad, ef hann hefdi brúka viljad almætti sitt, sem óvinir hans med ofdirfd krøfdu hann til. I hans valdi stód, ad syna sig Guds Son, ad stíga nidur af kroßinum, og ad gjora þarmed alla sinna óvina vondsku til skammar, en hañ gjørdi þad ecki; vegna þeß ad hann var Guds Sonur, vildi hann ecki stíga nidur af kroßinum, því hann vildi vera hlýdinn inntil krossins dauda, og þarmed afreka mannanna endurlausn; o! ad vér værum eins sinnadir og Jesús; ef ad vér sífeldt hefdum megn til ad æsa þá hefnd á óvinum vorum, sem hjarta vort hvetur oss til, mundum vér útbreida bráda eymd og fordjørfun yfir allt í kríngum oss; allra medala mundum vér leita, til ad fá umflúid óvina vorra vald og vondsku. En hvad ólíkir yrdum vér þá Lausnara vorum, hjá hvorjum hin ædsta makt var sameinud óumrædilegasta kjærleika? sífellt veri sú vor ástundan,

ætíd

ætíd betur og betur ad laga oss eptir hans dæmi, í vinsemd, hógværd og mannkjærleika; vorrar æru viljum vér leita í því, med þolinmædi ad sigra alla vora óvini.

XXXVI. Føstu-Hugvekja.

Ræníngjans ydran. Lúc. 23.

Hér fann nú vor ørþjádi Endurlausnari endurnæríngu, sem styrkti hans hjarta; vanvirdan, sem hans óvinir gjørdu honum, vard nú med því umbunud, ad einn stór syndari vidurkénndi hann ad vera heimsins Lausnara. Hans gledi hafdi þad sífeldt verid ad sjá hjálpar þurfandi syndara til sín koma, er þeir voru í naudum staddir, þetta gjørdi honum sæta alla þá mædu, reisur og nætur-vøkur, sem hann hafa hlaut, og nú þegar hans fjandmanna grimd neitadi honum endurnæríngar í sinni pínu, fann hann hjá þessum syndara, sem ydrandi snériss til hans, þá hugsvølun, sem styrkti hann framar hvørri annari; og enginn nema hann, sem í gjørvøllu sínu lífi hafdi varid þar øllu ómaki til ad leita syndaranna, og gjøra þá hólpna; hann, hvørjum einn syndari var dýrmætari, enn øll heims dýrd; hann, sem mat

mat þad sína ædstu gledi, ad hann endurnæra kunni syndara hjarta, enginn nema hann gat notid þessarar endurnæríngar í sinni ýtnu. Þessi sakamadur, sem héck vid hans sídu, lét sjá hjartanlega laungun eptir sáluhjálp sinni; hann sá, ad hér í heimi, var nú einkis framar fyrir sig ad vænta, því leitadi hann hins betra heims, hvörjum hans drýgdu misgjørdir sýnduft hafa honum apturlokad; hann leit því med bitrasta ángri til baka, til síns umlidna lífs, og bar mestu áhyggju fyrir því, ad hann endad fengi sáluhjálplega sitt líf, hvørs byrjun og framgáng hann hafdi svo illa brúkad. Í þessu sálar-ángri, snéri hann sér til Jesúm, sem ad útvortis áliti var honum ad øllu líkur, en af hvørjum hañ alls vænta þordi; fulltrúa bidur hañ hann ad minnast sín, þá hann komi í ríki sitt. Hvørr má ecki í djúpa undrun falla yfir þessa manns trú? hann mátti assaka, þó hann hefdi hneixlast á Jesú, eins og hann var nú staddur. Þad var ecki undrunarverdt, þó sú vanvirda og hád-yrdi, sem hann heyrt hafdi af Jesú óvinum, hefdu svipt hann allri trú til Jesúm, og þó aldrei hefdi þad verid, mátti þad sýnast nær því ótrúlegt, ad madur, sem lifad hafdi

hafdi í løstum og nidurþaggad sérhvørja medlídunar tilfinníngu, sem náttúrlega flaut af hans lifnadarhætti, sem ræníngja, ad hann skyldi sýna þá hugprýdi, ad forsvara Jesúm, ígégn hans óvina hádyrdum, og ecki þad einúngis, heldur sýna hjá sér þvílíkt trúnadar-traust á Jesú, ad hann vænti þess af honum, sem sannar þad, ad hann áleit hann krossfesta vid hlid sér, guddómlega persónu; hann bad Jesúm ad géfa sér hlutdeild í ríki sínu; af engum mátti madur eptir útvortis áliti, midur vænta þessa, enn af Jesú, sem í þad sinn, hafdi varla mannlegt því sídur konúnglegt útlit. Jesús var nidursøcktur í hid stærsta eymdanna djúp; eckért átti hañ framar hér í heimi, hann héck nakinn á krossinum, hann hafdi enga fylgis-menn né þénara, hann var ad dauda kominn, sem er tíma-púnktur, sá fyrir Kóngum og Furstum, þá allur mikil-leiki og hátign burthverfur, og þá enginn framar skeitir þeirra náð, og í þessu ástandi bad ræníngínn sér þeirrar nádar af Jesú, sem tók út yfir nærveranda lífs takmørk. Hann bad hann minnast sín, þá hann inngengi í ríki sitt. Þetta var þvílík trú, sem meñ vart kunnu ad vænta af Jesú trúfasta lærí-

lærtsveini. Ecki viljum vér grenslast eptir þvi, hvørt hjá oss finnist þvílík trú; vér viljum gánga lengra til baka í vorri eptirgrenslun, og skoda hann ásetníng og sinnislag, er á undan má hafa gengid hjá þessum sakamanni; því naudsynlegri er oss þessi adgjætsla, sem daudinn yfirfellur oss lángtum voveiflegar enn ræníngjann; med nockurskonar vissu mátti hann þad fyrisjá, ad hañ átti skammt ólifad á krossinum, og því nær hann kom dauda sínum, því alvarlegar gat hañ búid sig undir hañ. En, vér gétum ecki med minnstu vissu fyrisjed, hvørsu lángt edur skammt vér eptir egum; óvíst er og um þad, hvørt vér haldid fáum fullkominni brúkun skynsemi vorrar, á vorri sídustu stundu, hvørrar þó ecki má án vera til sannrar ydrunar, því hvørt vér deyja kynnum brádum dauda edur lángsømum, erum vér þó í hættu staddir, ad tapa sálu vorri. Ef ad vér deyjum snøgglega, fáum vér enga umsorgun borid fyrir yfirbót vorri; en ef þad skédi, svo sem vér vegna ásigkomulags vors mættum óska oss, ad vér fengjum ad forláta þennann heim eptir lángvarandi sjúkdóm, fáum vér audveldlega fyrisjed, ad þá géta þúsund atvik adborid, sem gjøri

vorn

vorn alvarlegasta umvendunar åsetníng; ef ecki oldúngis ómøgulegañ, þó samt yfrid ørdugann. Hvørsu naudsynlegt er ecki þess vegna, ad vér nú, ámedan vér lifum og erum heilir heilsu, tøkum fyrir oss þetta allra mikilvægasta efni, hvørju vér í daudanum munum óska oss ad hafa aflokid, og ad vér nú leitumst vid ad leida gédslag vort í vidlíka rósamt tilstand og sá ydrandi ræníngi, sem þessvegna sá gladur dauda sinn adkoma. Þessi madur lét sjá hjá sér, alvarlegasta vidbjód á syndinni, og sterkustu laungun eptir því, ecki einúngis ad frelsa egin sálu, heldur og hins sálu, sem åsamt honum var sekur í sømu glæpum. Hann þoldi sína daudans qvøl med hógværd og rósemi, því hann áleit daud-daga sinn samqvæmann misgjørdum sínum; hann flúdi til Jesú nádar, sem hann trúar-øruggur ákalladi um fyrirgéfníngu og sáluhjálp, og þvílíkt sinnislag þarf og ad fylla vora sálu, ef vér deyja viljum hinns réttláta dauda; vér hljótum ad finna hjá oss vidbjód á drýgdum syndum og vidurkénna oss straffs-seka fyrir þær. Þó ad samvitskan bríxli oss eginlega ecki um þvílíka glæpi, sem rænínginn hafdi drýgt, megum vér þó finna í voru umlidna lífi

þær,

þær misgjørdir, sem í augum Guds eru eins fordæmanlegar, þó þær eptir heimsins dómi séu ecki svo vidbjódslegar. Til ad falla í örvÿlnun þarf ecki eginlega þess, ad hafa fleckad hendur sínar med manna-blódi, edur aukid sína audlegd med myrdtra gótsi. Af minna má ángur vekjast og tregi í vorri sálu, enn af þvílíkum skammarlegum athøfnum, sem vinna til þess ad útilÿkjast frá mannlegum sambúdum. Sérhvør synd kann ad qvelja oss, þá vér erum daudanum adkomnir, og leida til ørvÿlnunarinnar qvalræda; já, þegar svo lángt er komid, ad vér stondum á grafar-backanum, munum vér lángtum ødruvísi dæma um vorra misgjørda stærd og sekt, heldur enn vér dæmum nú í vorum heilbrygdu døgum. Pad, sem oss sÿnist nú eins og sandkorn, mun þá verda ad stóru bjargi á samvitsku vorri, þad sem vér ádur héldum lítilsjorlega sok, mun oss þá virdast mikilsverdt, þegar þar er adkomid ad øll vor lucka er undir þessu dæmi komin, ad þeckja syndir vorar svo vidbjódslegar sem þær eru; þegar vorra synda tilsinníng skélfir oss, þegar vor sálar ángist tekur til ad aukast, og vort ofþÿngda hjarta finnur hvørgi hugsvølun, æ! verdi þá, þinn

forþénandi dauði, o! vor Jesú! vor hugg-
un og vort hjartans traust! minnstú vor,
náðar-ríki Jesú! þegar vér stríðum við
syndina, og láttú oss ecki af henni yfirbug-
ast! minnstú vor, þegar vorar úngdóms
syndir, og hinna fullorðnu áranna mis-
gjørðir skélfa vort hjarta, svo að vér føll-
um þá ecki í ørvæhlnun! minnstú vor á þeim
ángistar-tímunum, þegar enginn minn-
ist vor, og vorra vina endurminníng ecki
fær géfið oss nockurn hugfróa, hjálpaðu
oss þá að stríða á móti øllum freistíngum!
minnstú vor í vorri dauðans neyð, og
styrktú oss þá með þinni náð, svo að vér
finna megum himinin opinn, þegar heim-
urinn apturlykst fyrir oss! minnstú allra
þeirra, sem eru yfirgéfnir, allra líðandi,
allra deyjandi þeim til besta! á meðal
allra þessara aumu, mun víst á þessu
augnabliki margur sá, sem leitar þín af
øllu hjarta. Æ! líttú náðarsamlega til
þeirra, og láttú þá finna náð vegna þinnar
forþénustu.

XXXVII. Føstu-Hugvekja.

Jesú náð við þann yðrandi ræníngja. Lúc. 23.

Af Jesú orðum þeckjum vér enn þá
Jesú guðdóm, sem í hans djúpustu
niður-

nidurlægíngu kunni þó ei ad skérdast. Audvirdilegleika og hátign, vanvirdu og virdíngu, fátækt og ríkdóm, sáum vér hér forundrunarlega sameinad í þessum krossfesta, þad sem enginn Kongur gé:ur gjørt, þegar daudinn sviptir hann jardneskri hátign, gjørir hér hinn krossfesti Jesús; hann heitir ydrandi ræníngja hlutdeild í ríki sínu, og í dírd þeirri, sem hann sjálfur vænti sér á sínum dauda degi. Hafi þad ad undanførnu ordid vorri veiku skynsemi ad ásteytíngu, þá vér sáum hann svo háduglega útleikin, hurthverfur nú hneirkli þetta, þegar vér heyrum hann deyjandi géfa þvílíkt heityrdi, sem vitnar um hans guddom; sannarlega! Jesús hinn krossfesti er Guds Sonur! hans er ríkid, máttrinn og dírdin frá eilífd til eilífdar! hvílík huggun er oss þad ecki syndugum, ad hann syndi þessum syndara þvílíka nád? vér egum nú og hans nád vísa, þad er vort traust. Fullvissa um hans ríkis dírd og eilífa varanlegleika fékk oss engrar hugarósemi, fyrr enn vér vissum og, ad oss er hlutdeild ætlud í þessu hans dírdar-ríki. Ad sjá Guds Son í Jesú píndu personu, mátti ad sønnu vekja hjá oss hina stærstu furdu, en jafnframt skélfa oss; en hvørsu

huggunar-rík hugsvølun fyrir oss! vér sjáum nú ad Jesús Guds Sonur er syndaranna vinur, hañ er vor Gud, vor Kóngur og vor Frelsari, og þessi trú var þad, sem fridstillti ydrandi ræníngja hjarta. Í hans sálar-ángist, vid daudans adkomu, gat eckért framar hughreyst edur gladt hann, enn Jesú huggunar-ríka svar; hañ hafdi látid Jesú í ljósi síns hjarta áliggjandi naudsyn, og Jesús var reidubúinn ad hjálpa honum, já! ad lofa honum enn meiru heldurenn hañ bad um; ræníngiñn bad hann ad minnast sín, þá hann kæmi í ríki sitt. Hann mátti géta sér þess til, ad qvøl sín á krossinum mætti enn nú lengi vara, hann óskadi því einúngis, ad þegar hans endi kæmi, ad hann mætti nád finna og ecki fortapast; en Jesús lofadi honum enn meiru enn hann kunni ad óska sér. Enn nú í dag skalltú vera med mér í Paradís! hvørsu má oss nú ecki miklast Jesú kjærleiki til syndaranna! enn nú á krossinum í sinni djúpustu nidurlægíngu, í hans ógnarlegustu qvøl eru syndararnir allt hans umhugsunar-efni. Eins og þad var alla æfi hans dagleg ydja, ad leita syndaranna, og ad gjøra þá hólpna, eins er þad enn hans lyst og laungun í daudanum

unn ad géfa þeim töpudu frelsi. Vér i-mindum oss hvílik gledi uppfyllt hafi hans pínda hjarta, þá hann sá sína sídustu kapps-muni á jørdunni fyrir syndaranna frelsi svo veglega krýnda. Alltaf á medan hann umgéckst á jørdunni, leitadist hañ vid ad locka syndarana til sín med sínum lærdómum og velgjørníngum, nú luckadist honum á sínum sídasta tíma, ad á-vinna eins stór-syndara hjarta; þetta var hans kross fyrsti sigur, sú fyrsta verkan fyrirbónar þeirrar, sem hann gjørt hafdi, fyrir óvinum sínum, og þad vegsamlegasta herfáng, sem hann sjálfur tekid hafdi á daudans val-plátsi. Æ! ad vér gjørdum og Lausnara vorum eins stóra gledi med vorri umvendun, og vér høfum honum hrigdar ollad med vidvarandi ydrunarleysi! svo lengi hefir hann nú þegar ad oss leitad á afvegum, svo opt leitast vid ad frelsa oss, svo innilega lángad eptir betrun vorri; yfrid mørg útvortis tækifæri hefir hann þau látid adbera, sem oss vekja skyldu af vorum synda-svefni; sérhvør tíd, sérhvørr stadur, sérhvør tækifæri vóru þannig af honum nidur-rødud, ad allt mætti oss til hans draga; svo mørg ydrunarlausra og til nádar tekinna synd-

ara dæmi, sem hann hefir oss fyrir sjónir sett; svo margar mótlætíngar, sem hann hefir látid mæta oss, allt þetta má sannfæra oss um laungun hans til ad uppleita þá villtu, og gjøra þá tøpudu hólpna. Og hvad gjørir hann ecki á þessu augnabliki vid oss? þad tækifærid, sem hann géfur oss til ad hugleida sína ýknu, ad skoda þessa nádada syndara dæmi, er þetta ecki krøptug áminníng til vor, ad snúa oss frá syndunum til hans? já! vér viljum, o! þú elskulegasti syndaranna vin! ecki láta þína kappsomu vidburdi vid oss, verda ávaxtarlausa; vér sjáum hvørsu þú útréttir þína hønd til vor, og vér viljum flýta oss til þín. An undandráttar viljum vér alaønn fyrir frelsi vorrar sálar. Eitt augnablik eins luckulegt og þetta nálæga er, adkémur máské aldrei optar; svo audveld, sem yfran er oss nú, verdur hún oss máské aldrei hédanaf. Hvørn dag fordjørfunst vér meir, venjunst framar til syndarinnar og forherdunst því frekar; þær kríngumstædur mega mæta oss, ad þad nær því verdi oss omøgulegt med alvøru ad verka vora sáluhjálp; því viljum vér færa oss þetta augnablik í nyt, brúka þad til ad hugleida þetta mikilvæga efni, og gjøra

þann

þann undirbúníngium, af hvorjum vér vænta þorum sáluhjálplegrar endalyktar. Því fyrr, sem vér byrjum þetta heilla verk, því gladari fáum vér géngid daudanum á moti, því vissari megum vér vera um ad ná hlutdeild í eilífri sáluhjálp; þá megum vér med øruggu trúar-trausti vænta himinsins, og deyja med þeirri huggunar-ríku fullvissu, ad vér á vorum vidskilnadar degi hédan skulum vera í Paradís; sídasta augnablikid, sem adskilur sálu vora frá líkamanum mun þá verda hid fyrsta í dýrdinni. Engin efasemd skal þá fá gjørt sálu vora órólega. Látum þetta jardneska hreysi for-rotna, vor ønd, sem í því bjó, mun þó ysir grøf og for-rotnun upphafin verda. Látum og þeckínguna um vorrar sálar ásigkomulag eptir líkamans dauda, og um þess komanda lífs ástand, vera svo óljósa og svo ófullkomna, sem vera vill, þad er oss nóg, ad vér vitum sálu vorri muni vel vegna; þad er oss nóg, ad vér megum vera þess fulltrúa, ad sá stadur, til hvors vér fluttir verdum, mun æskilegur verda, og óendanlega farsæll samastadur fyrir oss. Já! þetta vitum vér, og án allrar sorgar viljum vér nú vænta vors sídasta augna-

bliks; vér hofum lyst ad fara hedan, og vera med Kristó.

XXXVIII. Føstu-Hugvekja.

Jesú qvala-hróp af krossinum. Matth. 27.

Þetta Jesú qvala-hróp má vekja hjá oss mestu undrun; en þarhjá styrkja vora trú og upphvetja oss til gudhrædsl-n. Audsætt er nú ad hér leid ecki daudans qvalir einúngis saklaus dánumadur eda fødurlands-elskari, ellegar píslar-vottur; þessir plógudu ad sýna óbifanlegt stødug-lyndi midt í daudans qvølum, enga kløg-un heyrdu menn af þeirra munni, píslar-vottarnir møttu sig því heldur sæla, ad mega lída fyrir Jesú nafns sakir. Þeir sýndu sig undir þeim bitrustu píslum ró-lega og ánægda, og þoldu þær án allrar umqvørtunar; já! gengu jafnvel svosem med sigur-hrósi daudanum á móti. En hvornig er þessu varid? þessir píslar-vott-ar, sem þó vóru ecki nema menn og eñ þótt saklausir, vóru þó syndarar, þeir kuñu ad forakta daudann og bitrustu píslir, med gledi ad gánga útí bálid, og midt í logan-um ad sýngja lofsaungva? og Jesús, sá eilífi Sonur Guds, sá allra saklausasti,

sem

sem óskélfdur mátti vera fyrir daudanum, og þoldi hann einúngis, af því ad hann vildi þola hann; Jesús sýnir minna stodnuglyndi, minni hreysti heldur enn þessir písslar-vottar, hann klagar: Gud minn! Gud minn! því hefir þú yfirgéfid mig? hvíllk kløgun af honum, sem væn a mátti ad med sigur-hrósi gengi daudanum á móti! af hvørju kémur þessi mismunur? efalaust af því ad daudi Jesú var heimsins synda fórn; hans dauda fylgdi þvílíkur biturleiki, sem enginn deyjandi, enginn píslarvottur hefir nockurntíma jafnbeiskann smackad; á þessu augnabliki þoldi hann allt þad, er hann, svosem offur fyrir vorar syndir, lída átti. Þetta er útskýríngin þessa vors krossfesta Jesú qvalahróps, sem ad ødrum kosti mátti vera oss óskiljanlegur leyndardómur. En hvílíka verkun hefir nú þetta vors deyjanda Jesú qvala-hróp hjá oss? fáum vér neitad honum sárrar medlídunar? þessa skyldu ættum vér ad sýna sérhvørjum saklausum, þó hann væri ecki nema mádur einn; víst mættum vér komast vid af því, ad sjá einhvørn dygdugann undirþrycktan af hefnd eintómri og hatri ógudlegra; en hvad miklu framar þá nú, nær vér íhugum Jesú

dauda, sem vors ástvinar, vors bródurs, vors Frelsara dauda, og þennann dauda fyrir vorar sakir? hvørsu óbærileg mun ecki vors Jesú daudans ángist verid hafa, þá hann hrópadi: Gud minn! Gud minñ! hví hefir þú yfirgéfid mig? ad sönnu var hann negldur á krossinn, og þar hángandi hjálparlaus, en hann var viss um sína brádu frelsun, allskyns qvalir hafdi hann þolad án þess ad møgla yfir hinni miskunarlausu medferd qvalara sinna. Þad augnablik sá hann nálægjast, sem enda mundi eymdir hans; viss var hann um síns Födurs, stöduga kjærleika, og sinna písla veglégu endalykt. Ecki ad sídur, þó ad Jesús styrktur væri af øllum þessum kröptugu huggunum, ofþýngdi honum þó hørmúnganna stærd; og gétum vér þá tilfinníngarlaust hugsad um þessar hans píslir? æ! nei! sá yfirgéfni Jesús krefur af oss vidqvæmustu medaumkunar-tára; en hvad er þetta offur til umbunar þeim óendanlega kjærleika, sem Jesús hefir oss audsýnt; þó ad vér úthelltum sárustu medaumkunar tára-flódi, þó vér offrudum oss honum med lífi og sálu, já! þó ad vort gjørvalla líf á jørdunni, og hitt, sem vér væntum oss í eilífdinni, væri honum einúngis

úngis helgad til ad vegsama hann og syngja honum lof, þá hefdum þér þó enganveginn, ad øllu leiti fullnægt þeirri þacklætis skyldu, sem vér áttum honum ad sýna; þvi miklu sídur fáum vér þar med endurgoldid hans mikla kjærleika, þó vér vidurkénnum hann med munninum, en afneitum honum í hjartanu. Nei! med þetta kalda þacklæti kann ecki Jesús ad láta sér nægja. Hann krefur allt vort hjarta; hann vill ad vor kjærleiki til sín hafi fyri-rúmid fyrir øllum ødrum kjærleika; hann krefur vor hjørtu, sem þad einasta þacklæti, er hann af oss væntir, svosem þá gáfu, er honum þægari er, enn øll offur. Fyrir þess blóds sakir, sem hann fyrir oss úthellt hefir, sakir hans bitru písla, þá hañ yfirgéfinn var af Gudi, hvad aldrei hefdi adkomid, ef þad ei skéd hefdi fyrir vora skuld, fyrir allt þetta, bidur hann einúngis um vort hjarta, og hvørsu mættum vér láta þessa bón hans óuppfyllta? hvørsu kynnum vér nú halda áfram ad offra hjarta vort heiminum, syndinni og táldragandi heimsins glisi? nei! guddómlegi Frelsari! hjarta vort skal vera þín eign, þér einum viljum vér lifa, þér einum viljum vér leitast vid ad þóckn-

þócknast, þér einum viljum vér keppast ad eptirfylgja. Því skyldum vér nú láta syndina ráda fyrir oss, hvílíkt óþacklæti! hvílík vondska væri þad ecki! kynnum vér þá ad þenkja án ótta og ógnunar til Jesú qvala-hróps á krossinum? ógnarlegt er þad straff, sem Gud hótad hefir syndurunum, en lángtum ógnarlegra er þad straff, sem lagt var á Jesúm. Skélfilegt er ad falla í hendur lifanda Guds, en þetta yfirgengur allt hvad ógnarlegt er, þá vér sjáum Jesúm, þann saklausa Jesúm þannig qvalinn undir guddómlegri hegníngu; tídum erum vér svo blindadir ad vér álítum syndina fyrir smámuni: ágirni, vellyst, ránglætíngar og mátalaus heimselska eru í vorum augum lítilsverdar yfirsjónir, fyrir hvørjar vér ecki þurfum straffi ad qvída; en sýnist oss þetta rétt metid, þá vér hugleidum, ad þad vóru þessar syndir, fyrir hvørra skuld vor Frelsari qveina mátti svo sárlega undir Guds hegnandi hönd á krossinum? o! líttú til Golgatha, blindadi syndari! viljir þú vita hvørnig Gud álítur þínar yfirtrodslur; viljir þú þeckja þinna synda vidbjód; viljir þú vita, hvørju þú eitt sinn mátt qvída af réttlæti Guds, þá renndu augunum

ann til Golgatha! sjádu þiñu yfirgéfna Jesúm, og fyllstú skélfingar! en þú, nádar-húngrada sál! nálægdu þig þinum yfirgéfna Frelsara, og huggadu þig vid hans píslir! safnadu kroptum vid hans kross, er styrki þig undir mótlætíngunum, huggunar fyrir þinnar samvitsku áklögunum, og endurnæríngar í daudans ángist. Máské þú verdir ørvæntin, þegar þér sýnist þú í hættu stødd vera, en sjer þér hjálp enga, og Gud undandregur hjálpina, eptir bæn þiñi, svo ad þú í hørnum, sem ad þér þreyngja, qveinandi klagar: Drottinn hefir yfirgéfid mig! Herrann hefir gleymt mér! sorgbitna sál! líttú þá til Jesúm! var hann midur af sínum Fødur elskadur, þá Gud lagdi hann undir bitrustu píslir? og sjádu þá, þegar Drottinn hefir hulid sitt andlit fyrir þér, þegar þad sýnist ad sála þín sé allri huggun svipt, hughreystú þig þá vid þíns Fødurs kjærleika, og væntú hugsvølunar og hjálpar af honum á þeim tíma, sem hann áqvardad hefir til hjálpar þér. Loksins mun þó koma hin glada frelsis-stund; hugsadu til Jesúm! stærri gat neyd hans ecki ordid, þá hann qveinadi med þessu hrópi: Gud minn! Gud minn! því hefir þú yfirgéfid mig? en varla

hafdi

hafði hann þessi orð úttalað, fyrreñ hans neyð var á enda, eins mun fyrir þér fara. Þegar hörmúngarnar og neyðin er orðin þér hvað óbærileguſt, þá er það augnablikið í nánd, sem umbreytir þínum hörmum í ſigur-hrós. Efalauſt mun þetta ſké, þá þitt ørþreytta höfuð legſt lokſins niður til dauðans ſvefnhöfga. Þeſſi umſkipti muñu jafnvel og uppfylla hjarta þitt rósemi og huggun. Trúar-ſjón þeſs, undir dauðann, yfirgéfna Jeſú, mun þá endurnæra þig, þegar þú minniſt þiña ſynda, ſetur þér fyrir ſjónir þinn Dómara, og ſkoðar jafnframt það fullkomna offur, ſem hann framfært heſir fyrir þínar ſyndir, þá mun hans ſjoñ varðveita þig, á móti dauðans, grafarinnar og eilífðarinnar ógnunum. Frá ſínum uppreiſta kroſſi ſýnir hann þér þá Guðs forlíkaða réttlæti, dauðann í ſigur uppſvelgðann, þínar ſyndir afmáðar með hans blóði; helvíti apturlukt undir fótum þér, en himiniñ opiñ, hvar þér er búin óendanleg ſæla.

XXXIX. Føſtu-Hugvekja.

Jeſú þorſti á kroſſinum. Jóh. 19.

Nær því hafði nú Jeſús í ſex tíma þolað á kroſſinum bitruſtu qvalir, með undr-

undrunarverduftu þolinmœdi, en þó var enn þá einſlags pína geymd honum eptir Guds áſetta rádi, fyrrenn hann fengi þañ áſkenkta qvalanna-bikar ad øllu út-tœmd-ann; hann átti enn nú ad pínaſt af þeim ſáraſta þorſta, og ſér til píſlar-auka láta ſér nœgja hina beiſkuſtu ſvølun. Þetta var þad augnablik, þá þau ord uppfylltuſt á honum ad øllu leiti: eg em, ſem vatn útauſinn, øll mín bein adſkilja ſig, mitt hjarta í mínu líſi er ſmelt ſem vax; mínir kraptar eru uppþornadir ſem ſkurn, og mín túnga lodir vid minn góm. Meir enn í 12 tíma hafdi nú Jeſús lidid þœr píſlir, ſem tœmt høfdu krapta hans og preſſad meſta blódid af líkamanum; þad var því ecki furda, þó hans magnþrota munn og túngu lángadi eptir ſvølun. En lángtum ſterkari eptirlaungun hafdi þó ſála hans eptir œdri endurnœríngu, hann þyrſti eptir ſœlunni í ſíns Fødurs ſkauti, hann lángadi eptir fullkomnun ſyndar-anna frelſis, fyrir hvørja hann hafdi nú útſtadid óſegjanlegar píſlir. Hér finnum vér afmálun áſigkomulags þeſs, ſem vér í daudanum megum búaſt vid. Þó ad vér deyjum ecki á kroſſinum, né pínumſt ſvo ſem Jeſús til ørmegnis, þá mun oſs þó, ad

von-

vonum, eptir svølun þyrsta, þegar oss finnst innvortis sjúkdómur, sem brennandi eldur sæki ad hjartanu, og blódid tekur ad storkna í ædunum, en kalda svita ad støckva út af líkamanum, æ! hvørsu sár þorsti mun oss þá ecki sækja og laungun eptir svølun nockurri! og lofadur veri Gud! vér munum þá, þannig staddir, þó betur farnir enn vor Jesús var nú. Vinir vorir og kunníngjar, jafnvel vorir óvinir, munu þá sýna oss þá medaumkun ad rétta oss einn þorsta-dryck. Ad minnsta kosti munum vér fá einn vatns-dryck til svølunar, og þad án þess, ad mæta hádyrdum, eins og Jesús, í vorri neyd. Æ! þegar ad því kémur ad þessi sídasti þorsti pínir oss, lát þá, o! Jesú! endurminníngu þíns þorsta á krossinum svala sálu vorri! svo opt, sem vér njótum nockurrar hugsvølunar og endurnæríngar ámedan vér lifum í heimi þessum, þá láttú oss þad aldrei úr minni líða, ad vér egum þad þér ad þacka; þú munt ogsvo svala oss í daudanum; en vér gjørum rád fyrir, ad annar enn sterkari eldur enn líkamlegur þorsti muni sækja oss í daudanum. Þó ad vér í heilbrygdu døgunum høfum fram-anad í gjálífi, hirdulausir um velferd sálar vorrar, þá munu

þó

þó efalaust við dandans aðkomu alvarlegri þánkar taka að vakna í sálu vorri. Æ! þegar þannig er komið högum vorum að engin jarðnesk svölun fær oss framar endurnært, þegar vér á dauðans stundu lærum að þeckja hvörsu hégómleg og fánýt öll jarðnesk ánægja er; þegar vér reynum þá, hvörsu gjörvallur heimurinn með öllu því í honum er, er ónógur til svölunar og endurnæríngar sálu vorri. Æ! láttú þá, o! Jesú! sálu vora, sárþyrsta eptir náðarinnar og eilífðarinnar endurnæríngu, svölun finna; æ! láttú þá ecki vort hjartans andvarp óbænheyrt! svaladu þá vorri armæddu sálu með fullvissu um þá sáluhjálp, er þú hefir henni geymda í himninum; já! þángað skal öndu vora lánga, og hún í þeirri eptirlaungun leita sér hugfróa, þegar hún finnur ecki lengur rósemi hér í heimi; þángað skal trú vor líta, þegar allt það jarðneska hverfur oss frá augum, þá óskum vér oss þar að vera, hvar vér eilíflega fáum að skoða Guðs andlit. Máské, þá vér erum dauða aðkomnir, enn þá gjöri oss hugsjúka áhyggja fyrir eptirlifandi ástvinum, vorum ektamaka og börnum, æ! virðstú og svo að svipta oss þessum qvíða, með því að styrkja

hjá oss þá von og trú til þín, ad þú viljir taka undir þína umsjón alla þá, sem vér elskum, og innleida þá ásídan í þann sama sæluftad, sem vér gaungum inní á undan. O! hvílíka endurnæríngu mun ecki þessi huggun géfa voru ørmagna deyjandi hjarta! en svo lengi, sem vér enn nú lifum í þessum heimi, þá láttú þann þorsta, sem píndi þig á krossinum, sífellt vera oss í minni, láttú oss til hans hugsa, þegar lyst til óleyfilegrar endurnæríngar, og þinna gáfna misbrúkunar locka vill vort hjarta; láttú oss til hans hugsa, þegar leyfileg nautn gáfna Guds gledur oss í lífinu; láttú oss til hans hugsa, þegar þjáníngaña hiti og ángur yfir vorum syndum ofþjakar oss. Loksins þá oss í sídasta sinni þyrstir í heiminum, og vér engri svølun fáum lengur á móti tekid, æ! láttú oss þá til þín þenkja, og verda endurnærda af þinni nád, vegna þess þorsta, sem þú fyrir vora skuld leidst á krossinum.

XL. Føstu-Hugvekja.

Fullkomnan Jesú písla. Jóh. 19.

Nú var loksins komid þad augnablik, þá Jesús faññ eptir bitrustu ángistir

og

og píslir eilífa endurnæringu. Hans grimmu óvinir høfdu alltaf neitad honum um minnstu endurnæríngu, en þeirri huggun gátu þeir þó ei svipt hann, sem hann naut nú, af því ad hafa fullkomnad sitt medalgaungu-embætti á jordunni. Í þeim bitru ángistar- og qvala-tímum, sem hann híngad til útstadid hafdi, var honum þad ecki lítill hugarstyrkur, ad líta fram yfir píslir sínar og fyrisjá fullkomnun þess verks, sem hann hafdi sér uppátekid, og sæla endalykt qvala sinna. Sá þánki, ad hañ til þess væri í heiminn kominn, ad endurleysa aumstadda syndara, hvarf honum aldrei úr huga, og þessi þánki gjørdi hann viljugann til ad þola daudans grimmustu qvalir. Viss um sigur yfir daudanum, kunni hann nú sigrihrósandi adfram kominn ad hrópa: þad er fullkomnad! fullendad var gjørvallt augnamid sendíngar hans í heiminn. Á medan hann dvaldi hér á jordunni, hafdi hann og gjørt síns Fødurs vilja trúlega, án þess ad forsóma minnstu skyldu, er efla mætti luckn mannanna. Hann var sendur til ad prédika Evangelíum þeim aumu og fátæku, ad opinbera Guds ráð um mannañá sáluhjálp, og vísa þeim frid-

arins og lífsins veg, hvílíkt kapp lagdi hann ecki á þetta allt fram í daudañ! Þad var kjærasta ydja hans alla æfi ad leida menn til yfirbótar og betrunar, ad leita þeirra fortøpudu, ad frelsa þá aumu, og afreka gjørvøllum heiminum náð. Í þessu starfi hafdi hann eydt krøptum sínum, án þess ad láta nockra mædu, jafnvel ecki krossins qvalir letja sig, nú hafdi hann þetta starf fullendad, svoad allt var nú framqvæmt, sem hann gjøra átti, því gat hann sagt: þad er fullkomnad! fullkomnad var þad stóra offur, sem hann frambera skyldi til fridþægíngar mannlegu kyni, og hvarad allar fyrirmindanir og spádómar lotid høfdu; allt hafdi hann þad uppá sig tekid, sem á nockurn hátt tilheyra mátti hans forþénandi hlýdni, ecki hafdi hann sig undanþegid ad lída allt syndaranna straff, sér hafdi hann tilreiknad alla þeirra skuld. Fyrr vildi hann ecki hnegja sitt høfud, enn hann deyja kynni med þeirri fullvissu, ad hann forlíkad hefdi fyrir allt mannkyn og fullnægt síns Fødurs réttlæti. Því gat hann sagt á sínu sídasta lífs-stunda augnabliki: þad er fullkomnad! fullkomnud var øll sú pína, er hañ útstanda hlaut, til vorra synda

for-

forlíkunar, og sem hañ svo margfaldlega, og med svo miklum píslum leid, bædi á líkama og sálu. Lengra skyldi nú ecki gánga hans lífs armæda, né hans óvina grimmleiki, því kunni hann einneginn í þessu tilliti ad hrópa: þad er fullkomnad. Þannig mátti vor Jesús ad ordi qveda á sinni sídustu lífsstundu; en ef vér værum nú vorum dauda eins nálægir, mundum vér þá sagt géta med sama trúar-trausti: þad er fullkomnad? mundum vér med sømu róse:ni fá litid til baka til vorra umlidnu daga á vorri dauda-stundu? þú hefir og, vor Fadir! sett oss fyrir eitt dagsverk ad vinna, til þess áttum vér ad brúka krapta vora, og allann vorn lífs-aldur. Þegar þú leiddir oss inní heiminn, var þad þinn tilgángur, ad vér skyldum hegda oss samsvarandi voru himneska og jardneska kalli. En med blygdun og ángri megum vér líta til þeirra lidnu daganna, og játa: æ! hvørsu litid er gjørt af því, sem vér gjøra áttum. Hvílíku kappi megum vér þá ei verja til ad bæta þad, sem forsómad er, ef vér óskum oss þeirrar gledi í daudanum, sem Jesús naut; og máské vér séum honum nú jafn nálægir og Jesús var, þegar hann hrópadi: þad er fullkomnad!

æ! vér viljum flýta oss, og brúka hvørt augnablikid, sem oss enn nú unnt verdur til ad fullnægja skyldu vorri. Híngad til høfum vér umhyggjulausir verid fyrir sálu vorri, nú skal sú vera vor ákafasta áhyggja, ad ala ønn fyrir hennar frelsi, híngad til høfum vér ødrum hneixli gefid med voru framferdi; nú viljum vér leitast vid ad vera ødrum til uppbyggíngar med voru líferni; o! Drottinn! þú sjer vorn góda ásetníng, gefdu oss krapta til ad framqvæma hann; af øllu hjarta óskum vér oss ad mega verda svo ánægdir og hughraustir í daudanum, sem þú varst; en til þess vér gétum ordid þad, þá virdstú ad hjálpa oss til ad fullenda vort áqvardada verk; hjálpad oss til ad bera umhyggju fyrir sáluhjálpar vorrar mikilvægu naudsynjum; ecki mun bríxlyrdi vanta, sem samvitskan þó megi gjøra oss, þegar endirinn kémur; þó ad vér aldrei høfum svo trúir verid, munum vér þá ecki ad sídur mega vidurkénna, ad enn nú séu ysrid margar ávirdíngar og margur ófullkomlegleikiñ hjá oss eptir, fyrir hvør vér bidja hljótum oss vægdar hjá Gudi; þá mun oss reynast sú huggunin dýrmætust, sem gefur oss þad einasta uppá ad stóla, ad Jesús

ús hafi allt í vorn stad fullkomnad, og ad hans forþénusta muni hylja allann vors lífs ófullkomlegleika. Fullvissa sú ad vor fridþægíng er af Jesú fullkomnud, mun þá vardveita oss frá ørvhlnun; og þó ad vér í daudanum verdum þá varir nockurs ófullkomlegleika, og margs þess, sem oss var áfátt, þá skal þad þó ecki svipta oss hugarmód. Vér vænstum oss af vors Jesú nád þeirrar sæluftu endalyktar. Vér höfum þá trú til hans, ad allt hvad til vorrar sáluhjálpar kann ad útheimtast, muni í krapti hans fridþægíngar vid oss fullkomnast. Þad er fullkomnad! þetta skal vera qvedja sú, sem vér viljum enda med vora daga. Allt þad, sem í lífinu er ørdugt og biturt mun eitt sinn enda taka. Sérhvør mæda, sérhvørt ørdugt strid á móti vidlodandi syndum; sérhvør undirþrycking af órétti og vondsku, sérhvørr biturleiki, sem þetta reynslu-stand útvortis og innvortis var blandad med, er þá eilíflega á enda, og allt þetta egum vér þá þér ad þacka, vor sáluhjálpar fullkomnari!

XLI. Føstu-Hugvekja.

Jesú eilreidsla undir daudann. Lúc. 23.

Híngad til hafdi Jesús ecki nema eïn-støkum síñum rennt þaunkunum til sinna písla, alla áhyggjuna hafdi hann borid fyrir ødrum, en nú lyptir hann gjørvøllu hjarta sínu upp til hans, sem hann var kominn frá, og til hvørs hann nú aptur fara vildi. Hvørsu lærdómsríkt er ecki þessi Jesú adferd fyrir oss. Einn tími er oss sá fyrir høndum, þá vér burtslítast munum frá sameiníngu allra daudlegra ogsvo vorra ástfólgnustu vina, þegar heimur þessi med øllu því í honum er tapa mun í augum vorum øllu því er oss finnst nú girnilegt, á þessu skilnadar augnabliki viljum vér gæta, svo framt vér fáum vidkomid, mannkjærleiks og vinskapar skyldu, vér viljum sorga fyrir velgengni þeirra, sem oss eru áhángandi, og leitast vid ad stytta þeirra harma, en øllu framar viljum vér snúa hjørtum vorum til Guds. Fyrir þann kristinn, sem ferdbúinn er inní þad betra líf, er allt hvad heimur þessi hefir inni ad halda nærsta lítilfjørlegt, til ad fridstilla og styrkja í daudanum hans hjarta, ecki nema Gud og eilífdin er þad, sem í daudanum gétid gétur hjartanu sañann hugfróa; med þvílíku sinnislagi géck Jesús med hugdirfd og rósemi á móti sínum

um dauda. Hann vissi ad sinn daudi vera mundi endir allrar sinnar mædu og vegur inní þá eilífu rósemi; viss var hann um þá vegsemd, sem hann fá mundi hjá sínum Fødur, ad útstødnum píslunum. Gladir munum vér einneginn sjá daudañ adkoma, ef vér gétum verid eins gédi farnir; sá sem þannig er sinnadur, qvedur vid hans adkomu med Skáldinu: **kom þú sæll þegar þú vilt!** eptirtektaverd má oss vera umhyggja sú, sem Jesús bar fyrir sálu sinni, hann afhendti sinn anda í Fødursins hendur, þá hann var ad andláti kominn. Hvad mætti af oss krefja alvarlegri umhyggju, enn þessi vor ódaudlega sála? en þad er ecki fyrst þá daudinn er fyrir dyrunum ad byrja skal þessa umhyggju; í gjørvøllu voru lífi, egum vér ad hugsa fyrir henni; þessi umhyggja fyrir sálu vorri, fær allvel stadist med hvørslags sýslunum og erfidi, sem vér hafa hljótum fyrir høndum daglega í lífinu; fyrir hvørri annari umhyggju má þó alljafnt umsorgun fyrir sálunni hafa fyrirúmid hjá oss; mununmæli þau, sem menn svo tídum heyra: eg hefi nú svo litiñ tíma til umhugsunar sálu minni, sídan vil eg rífa mig lausann frá heimsins umsvifum,

sóma engañveginn kristnum. Lucka er þad, þegar ein manneskja fundid getur milli-tíd á milli heimsins hávada og daudans þagnar í sínum aldurdómi, ellegar á sóttar-sænginni, til ad losa sig frá heiminum, ad hann brúkad géti þá tídina einúngis til umsorgunar sálu sinni, og til undirbúníngs eilífdinni; en hvad fáir eru þeir, sem verka kunna sína sálnhjálp, ef þeir vilja undandraga verk þetta þángad til daudans tími kémur. Sé sál vor nockurs verd í augum vorum, þá ætti umsorgunin fyrir henni ad vera vor sérlegasta ydja, er undangánga skyldi hvørri annari. Upplyptú þó, sál mín! eitt sinn þaunkum þínum frá þessu jardarinnar dupti, og vogadu eitt sinn ad fljúga í þaunkunum upp til himinsins, hvar þinn eilífi bústadur vera skal; lærdu í dag ad óska þér þess, ad ásetja þér þad, og útrétta, sem þér sómir; lærdu ad þenkja, ad þinn mikilleiki er þar í fólginn, ad þú sért stór í himnaríki, stór í trú og audmýkt; þinn ríkdómur sé sá, ad þú sért í Gudi rík, og hafir safnad þér andlegdar í himninum; þín lucka þad, ad þú sért sæl fyrir Jesúm og í náð hjá honum, og megir hugga þig vid hans velþóknun. Keppstú eptir þessu! brúkadu

hér-

hértil alla eptirlaungun þína og kappsmuni. Vaknadu upp, mín sál! og sjádu þig um kríng, láttú þenna heim, sem blindar þig, ecki draga þig á tálar, láttú þér í hug koma þinn ódaudlegleika! sjá þinn Gud! hvørsu hann med vidqvæmri misk-un hefir til þín þenkt, hvørsu hann frá eilífd hefir elskad þig, og ályktad ad gjøra þig hólpna, sjádu þinn Jesúm! hvørsu hann hefir erfidad, og barist fyrir þig! og vildir þú þá ecki sjálf gæta þinnar farsældar! vildir þú þá viljandi varpa þér í gløtunina! vildir þú gjøra ad engu þíns himneska Fødurs elskurika tilgáng og ávøxtinn af þíns Frelsara dauda! nei! af þér, deyjandi Jesú! viljum vér læra þá skyldu øllu framar ad ebla vorrar sálar velferd; vér viljum byrja þetta naudsynja verk, ecki þá fyrst, þegar daudans ótti, og grafarinnar ógnan yfirfellur oss, ecki þá fyrst, þegar heimurinn med sínum lystisemdum er ordinn oss vidbjódslegur. Nú þegar, ámedan vér enn nú notid gétum lífsins og jardarinnar ánægju, viljum vér befala Gudi vorn anda, og þá munum vér loksins fá ad deyja svo rólegir og sælir, sem vor Jesús!

XLII.

XLII. Føstu-Hugvekja.

Teiknin vid Jesú dauda. Matth. 27.

Uppá allann hátt finnum vér þad samqvæmt vísdómi Guds ad hann vegsamadi síns Sonar dauda med þvílíkum teiknum, sem sannfæra mættu gjørvallann heiminn um þad, ad sá, sem Gydíngar høfdu hér aflífad, væri enginn sakamadur, heldur Guds Sonur, í hvørjum hann hafdi sína velþócknun. Þessir atburdir og teikn høfdu og þegar svo stóra verkun á þeim, sem nærstaddir vóru, ad þeir urdu ad fullu sannfærdir um Jesú sakleysi og heilagleika, en látum oss nú skoda atburdi þessa: Fortjaldid í Musterinu, sem adskildi þad heilaga frá því allrahelgasta rifnadi frá efsta til nedsta. Þetta fortjald var til þess, ad varna inngángs inní þad allrahelgasta. En nú vildi Gud auglýsa sína nád fyrir Endurlausnarann øllu fólki; ad fortjaldid rifnadi í sundur vid Jesú dauda, var þar ad auki merki þess, ad sú gjørvalla levítíska Guds þjónusta, væri nú ad øllu leiti upphafin, en ný ætti ad taka sína byrjun. Hédan af áttu ecki Prestarnir lengur ad framkoma einir med bæn og þjónkun fyrir Gud, þá folk-

fólkid, sem ecki mátti nærri koma, skyldi bidjast fyrir álengdar, heldur átti nú Gud ad dýrkast af einum og sérhvorjum Guds tilbidjara í anda og sannleika án alls ótta, og hans helgidómur øllum opinn standa. Med hvílíkri gledi megum vér ecki móttaka þessari Guds stjórnunar umbreytíngu í sinni kirkju. Nú høfum vér, fyrir trúna á Kristum, fríann adgáng til nádar-stólsins; vér høfum opinn inngáng í þad allra helgasta vegna Jesú blóds. Ecki þurfum vér ad óttast fyrir því, burtskúfadir ad verda frá hans augliti, þá vér med hreinskilnu hjarta í trúnni, nálægjum oss hans tróni, því þegar vér ástundum ad þjóna Drottni í heilagleika og réttlæti alla vora lífdaga, þá megum vér hafa þá sætu von á sídan, ad taka hlutdeild í hans dýrd. Sérhvørt fortjald, sem oss hefir hér í lífi varnad náqvæmrar sameiníngar vid Gud, mun í daudanum sundur-rifast, og þá munum vér forkláradir, Englunum samlíkir ordnir, eilífliga þjóna Gudi og ásamt þeim vegsama hans nafn. Vid Jesú andlát skalf jørdin: med þessum jardskjálfta sýndi Gud hvílíkur sá madur var, sem dó hér á krossinum, og hvad hans mordíngjar hefdu verdskuldad, ef hann

hefdi høndlad vid þá eptir sínu réttlæti. Til þess hefdu þeir uñid, ad jørdin svelgdi þá, því þeir høfdu aflífad hinn heilaga og réttláta lífsins Hertoga. En ad jardskjálfti þessi, vard þeim ecki ad skada, þad áttu þeir ad þacka hins krossfesta Jesú fyrirbón, hann hafdi bedid nádar-og umvendunar-tídar mordíngjum sínum. O! hvad opt høfum vér ecki med vorum misgjørdum til þess unnid, ad vera af jørdunni afmádir. En þíns dauda høfum vér adnotid, Frelsari vor! ad þad ecki er skéd. Þín gædska hefir þirmt oss, og haft umburdarlyndi med oss óhlýdnum sképnum þínum, og géfid oss betrunar-tíd; æ! ad vér géfa vildum gætur ad þinni røddu, sem stundum med straffi, stundum med velgjørníngum leitast vid ad vekja oss, fyrr enn þad augnablikid kom, þá þar framar einskis frelsis er von. Vid jardskjálfta þennann klofnudu bjørgin, og grafirnar, sem í steini voru úthøggnar, opnudu sig; margir framlidinna heilagra líkamir risu upp, eptir Jesú upprisu, gengu út af grofunum, og létu sig sjá í Jerúsalem. Þessa atburdi lét Gud ské af vísdómsfullum tilgángi: ad fortjaldid rifnadi, en einkum ad jørdin skalf, og ad

bjørg-

björgin klofnudu í því Jesús dó, þess máttú allir varir verda, Gydíngar höfdu þad nú fyrir augunum, sem vekja mátti þeirra eptirtekt og hræra þá til ad renna þaunkum sínum til hans, er þeir krossfest höfdu. Þeir kristnu, er sáu svo marga heilaga, og máské á medal þeirra kunníngja sína endurlífgada, styrktust þar vid í trúnni um Jesú upprisu; því svo margra heilagra upprisa á þessum tíma, kunni álítast, svo sem sigur-teikn Jesú almættis, hvar vid hans upprisu dírd frá daudum vegsamadist, en þarad auki vórn teikn þessi skír og sannfærandi vottur þess, ad hann nád hefdi fullkomnum sigri yfir daudanum. Af þessum atburdum, máttu þeir kristnu nærri géta hvörsu voldugur þeirra Frelsari væri, og hvad audveldt honum vera mundi ad sigra sína og þeirra óvini. Þessi teikn vóru lifandi afmálun þess, sem Jesús gjöra mun í hinni almennilegu upprisu á sídasta degi, vid alla þá, sem sofa í jardarinnar skauti, þá mun hann nidurfara af himni, vegleiddur af óteljandi þúsundum sinna heilögu Engla, umkríngdur almættinu, og íkrýddur fegurd þvílíkri, er enginn fær ígégn sjed; med sterkum jardskjálfta mun hann gjörvallann heim-

inn

inu hrista, kljúfa bjørgin og opna grafir allra Adams barna. Ecki einúngis grafirnar í kríngum Jerúsalem, heldur og allra stada grafir munu þá í skyndíngu opnast, og þeirra líkamir, sem sváfu í þeim, vekjast af sínum lánga og djúpa svefni. Þá munum vér eptir upprisuna inngánga í þá nýju Jerúsalem í Guds stad, sem kémur frá himnum, og samansafnast med þeim, sem ásamt oss sofid høfdu í jørdunni, þá munum vér þeckja hvørjir adra, og mæta hvørr ødrum, sem vinir; þá munum vér fá ad sjá og þeckja gjørr Guds stóru og vegsamlegu gjørníngа, sem hér í heimi vóru oss ofháir ad útgrunda; þar munum vér sjá vorn Jesúm svo sem hann er, ecki eins og hann var í sinni nidurlægíngu hér á jørdunni, heldur í sinni forklárudu mind, sem allsherjar Gud; o! hvílík rósemi, huggun og von má því ecki vera hjarta voru hér í heiminum ad hugsa til upprisunnar! þér þøckum vér fyrir þad, o! lífsins Hertogi! ad þú svipt hefir daudann sinni makt, og rænt grøfina sinu herfángi; þér þøckum vér þá sælu von, sem gledur sífellt hjarta vort: ad vér egum í vændum fagnadar sæla sameiníngu med þér og øllum vorum brædrum í himninum.

XLIII. Føstu-Hugvekja.

Verkanir þessara teikna á þeim nálægu.

Matth. 27.

Hvørr skyldi hafa sied gétad án þess ad vikna vid þvílíka atburdi, sem skédu vid Jesú andlát, ef ad vér hefdum til stadar verid vid þessa saklausa Jesú dauda, og horft uppá þau teikn, sem skédu vid hans andlát, mundi oss hafa nærsta brugdid vid. Hvad hefdi þá mátt aptra oss frá ad játa oss opinberlega þessa Jesú lærisveina og leida adra til ad verda þad? en þeckjum vér oss og rétt? margslags fólk heyrum vér stadid hafa vid krossinn Jesú. Nockrir stódu þar med grimdar-huga, en fleiri kannské fyrir forvitnis sakir; færri vóru hinir, sem af elsku til Jesúm og af medlídun med honum bidu þar hans andláts, og varla nockurr einn, sem gjørdi sér rétta þánka um Jesú dauda. Í hvørjum hópnum mundum vér hafa stadar numid? víst ecki ámedal Jesú grimdarfullu qvalara, né hinna Skriftlærdu og Öldúnga lýdsins, sem soddu nú hefndargirni sína hjá Jesú krossi; en hvørt vér hefdum ecki leitad hins hópsins, sem var vid Jesú líflát, af forvitni; hvørt vér vid Jesú kross fund-

id hefdum meir enn eintóma medlídun í hjarta voru, frá hvørri madur jafnvel ecki fær haldid sér vid aftøku hinna stærstu íll-gjørda-manna, þad er spursmálid, sem vér traudlega munum géta leyst úr. Vér þurfum einúngis ad grenslast eptir, hvada sinnis-hræríngar vakna í sálu vorri þá vér í einrúmi hugleidum Jesú pínu og dauda, þá fáum vér þaraf gétid oss til þeirrar til-finníngar, sem vér mundum haft hafa, hefdum vér í egin persónu nálægir verid Jesú lífláti. Hefir Jesú pína øbluga og ávaxtarsama verkun í hjarta voru í hvørt sinn vér hugsum um hana? vidurkénn-um vér verd hans kjærleika, og mikilvægi alls þess, er hann hefir fyrir oss gjørt og lidid? þenkjum vér med ángri og vidbjód til synda vorra, sem ollad hafa Lausnara vorum svo mikillar mædu? metum vér þad frelsi, sem hann hefir oss afrekad þess, er þad verdskuldar? vildum vér viljugir af kjærleika til Jesúm, og af þacklæti fyrir hans pínu, þola þær þjáníngar, er hann vildi oss á herdar leggja? er þad vor kjær-asta ydja og yndi ad hugsa um píslir hans? metum vér ávøxtinn hans pínu meir enn alls heims audæfi og alla jardneska muni? med einlægri hreinskilni viljum vér prófa hjarta

hjarta vort. Ecki erum vér ad øllu leiti svo tilfinníngarlausir, ad vér eckért komumst vid, þá vér hugleidum Jesú pínu, þá vér lesum hans píslar-søgu, edur heyrum um hana talad. Svo mørg tár, sem ofs renna af augunum, svo margar andvarpanir, sem uppstíga af voru brjósti, sannfæra ofs um þad, ad enn nú sé ecki sál vorri horfin øll rádvendnis tilfinníng. En vér høfum híngad til merkt ad þessi tár andveldlega afþurkast, ad þessar andvarpanir snarlega hverfa, svo fljótt, sem vér gaungum út úr Guds húsi, edur úr einrúmi útí heimsins soll og umgáng. Vér vidurkénnum Jesú kjærleika, hvørsu mikils hañ er verdur, og vér sjáum, hvørsu mikid hañ gjørt hefir fyrir vora skuld, ad hann fengi ofs frelsada frá vorum eymdum; en hvad lítid høfum vér fyrir hann gjørt? vér vitum, ad syndir vorar hafa ollad honum erfidis og vorar misgjørdirmædu, og þó høfum vér svo lítinn vidbjód á þeim haft; sú drottnandi tilhnegíng til forgengilegra lystisemda gjørir ofs þá hrigd ógédfelda, sem Jesú pínu verdug umþenkíng vekja skal í því hjarta, sem vill elska hann. Vor umsvif og margføldu sýslanir olla því, ad þær hugleidíngar Jesú písla, um stærd

þeirra og fjølda, er hvad hellst ættu ad hræra oss, gjøra enga, edur ecki nema mjøg litla verkun á hjarta voru. O! vor Gud! þú, sem ert vor Fadir í Kristó Jesú! líttú til vor aumra manna! sem hugleida viljum þíns Sonar pínu. Hrærdú vor hjørtu svo opt, sem vér íhugum þann sannleika, sem inniheldur alla vora hugg-un! o! þú nádar-ríki Jesú! snú þú øllum vorum þaunkum, tilhneigíngum og eptirlaungun til þín og þíns kross ávaxtar! veri þad vor vísdómur, vor ánægja, vor huggun, ad vera þess fulltrúa, ad þú sért fyrir oss dáinn!

XLIV. Føstu-Hugvekja.

Vísdómsfull rádstøfun Guds vid Jesú greftrun. Matth. 27.

Jesú gjørvallt líf hér á jørdunni má med réttu heita vidvarandi mædu- og mótlætínga-stríd; jafnskiótt og hann kom í heiminn, byrjudust þjáníngar hans og jukust smámsaman, því meir, sem honum jókst aldur, þar til þær nádu loksins sínum fulla mælir í Grasgardinum Gethsemane og á fjallinu Golgatha, enda skyldu þær þá og eptir Guds vísa rádi enda taka,

þeg-

þegar hann hafdi lifandi, lídandi og deyjandi allt þad fullkomnad, sem hann svo sem Kénnari, Fyrirmindun og Frelsari mannkynsins útrétta átti í heiminum, því hrópadi hann siálfur af krossinum: þad er fullkomnad, rétt ádur enn hann afhendti sinn anda í Fødursins hønd, og hneigdi sitt andvana høfud; grøfin, sem hann var nú lagdur í, átti eptir Guds vísdóms-rádi, ad verda honum til vegs og virdíngar. Eptir Jesú vondskufullu óvina tilgángi átti þessi í lífinu svo offókti og til dauda qvaldi mannvinur einnig hádúngum ad mæta í grøfinni. Hjá Rómverjum var sú sidvenja ad líkamir hinna krossfestu skyldu á krossinum hánga þartil þeir uppetnir væru af fuglum og villudýrum, en þessi Heidíngjanna grimdarfulli modur var Gydíngum bannadur í løgmálinu, sem baud ad líkamir þeirra upphengdu, skyldu iñan sólarlags nidurtakast og jardast. Eptir þessum løgum hlaut því Jesú andvana líkami, ásamt spillvirkjanna, er med honum vóru krossfestir ad takast nidur af krossinum samdægurs og grafast, en smánarleg grøf hefir honum, eins og hinum krossfestu, efalaust af hansóvinum ætlud verid, því vanalega var þvílík-

um sakamønnum kastad í grysju eina, sem gjørd var þar þeir vóru krossfestir, og hvørnig munu þeir fán Jesú vinir, sem eñ þá bidu vid krossiñ, vogad hafa ad vænta þessum sínum andada ástvin heidurlegri greftrunar, enn þeir fengu, sem med sama háduglegum daud-daga vóru af lífi teknir! en forsjón Guds, sem svo audsjáanlega stjórnad hafdi, jafnvel sérhvørju hinu minnsta tilfelli lífs hans, féck audveldlega afstýrt þessari vanvirdu frá hans andvana líkama. Gydíngar høfdu ætlad honum sakamanna háduglegañ greftrunar-stad, en Gud hafdi ályktad og látid einn sinn Spámann þad laungu ádur fyrirsegja, ad hann hvíla skyldi í virduglegri grøf eins ríkismanns, og hvørsu dírdlega sjáum vér nú Guds forsjón framqvæma þetta sitt ráð? einn af sjálfra Gydíngaña ríku og mektugu Ráð-herrum Jóseph af Aremathía, sem þeckt hefir Jesú dýrmætu kénníngar og hans voldugu gjørnínga, og sied, þó hann fengi ecki varnad því, hvørsu Jesús oldúngis saklaus var ránglega til dauda dæmdur; hann vill nú sýna þann heidur á hans andvana líkama, sem hann hefir ecki gétad sýnt honum sjálfum lifandi. Hann vogar ad láta sjálfann

Lands-

Landsdómaranñ, sem yfir Jesú hafdi uppsagt þann rángláta dauda-dom, sjá þessa þánka sína, med því sjálfur ad gánga til Landsdómarans og beidast af honum ad þessa Jesú líkami mætti adskiljast frá sakamanna líkømunum og þeirra legstad, eñ afhendast sér til heidurlegrar greftrunar, og þegar hann hefir loford fengid fyrir því ad sér skyldi hans líkami afhendast, fer hann sjálfur og tekur vid honum og veitir þessum af sinni þjód svohatada, misþirmda og fram í daudann foraktada manns líkama í allra augsýn svo virduglegann umbúnad, sem vid mikilsháttar menn var brúkadur, leggur þennann sídan, sem hvørki eptir Gydínga né Rómverja løgum njóta mátti ærlegrar greftrunar, í sína egin í steini ný úthøggna grøf, hvar hann ætladi sjálfum sér og ættfólki sínu legstad. Þessi Jósephs ástúdlega umhyggja fyrir líkama Jesú sýnir hvørsu víss hann verid hefir um Jesú sakleysi. Af því ad Landsdómarinn Pílatus leyfdi ad Jóseph fá mætti líkamann Jesú, er audsætt, ad hann var enn þá sømu meiníngar um Jesú sakleysi, og hann hafdi margsinnis játad, ádur enn hann dæmdi hann til dauda, því annars hefdi hañ ecki

 gésid

géfid leyfi til ad líkamt hans andvana mætti annarar greftrunar njóta, en fakamønnunn var eptir løgunum áqvørdud. Óvinir Jesú, sem heyrt høfdu hans fyrirsøgn um upprisu sína, létust bera ótta fyrir því ad hans lærisveinar kynnu einhvør brøgd í frammi hafa til ad ná líkamanum, og innbirla sídan fólkinu ad hañ væri upprisinn, enn til ad taka í því efni øll tvímæli af, og hindra alla pretta vidburdi lærisveinanna, beidast þeir strídsmanna vardhalds yfir grøfinni. Stórum steini var velt ad grafar mynnanum, fyrir hvørn þeir settu innsigli sín, og yfir grøfinni þannig forvaradri vøktu sídan vopnadir strídsmenn. Nú var svo viturlega fyrir því sied, sem møgulegt var, ad nockur brøgd yrdu hér vid í frammi høfd; almenníngur sá og vissi ad Jesú líkami var andvana í grøfina lagdur, og ad yfir henni vøktu þeir rómversku strídsmenn, án hvørra vitundar líkami Jesú med engu móti, gat burtu horfid; enda hlutu nú og þessir heidnu strídsmenn, Jesú óvina áhángendur, sjálfir ad verda sjónarvottar og fyrstu vitni ad Jesú upprisu á móti sínum eginn vilja og Jesú óvina tilgángi, líka sem øll sú umhyggja, sem Jesú

svinir bárn fyrir þvi ad vardveita svo varlega Jesú líkama, vard sterkasti vottur uppriſu hans, og allar mótſagnir gégn henni ad engu gjørdar. Vér ſjáum héraf, hvørſu Guds víſa ráð veit ecki einúngis ad gjøra ad engu ráda-brugg hinna ógudlegu, heldur og hvørſu víſdómslega hann ſtjórnar þeirra vondu fyrirtækjum, þvert á móti tilgángi þeirra og vilja til framqvæmdar ſínu áſetta rádi. Hvad óhultur máttú nú ecki vera, trúadi rádvandi kriſtni! þó þú mætir offóknum og ágángi hinna ógudlegu, þó gjørvallur, heimurinn gjøri ſamtøk á móti þér, og hafi ályktad þinn undirgáng med þeim ſlóttuguſtu vélabrøgdum, Gud þinn, ſem þú trúir fyrir þér og þínu rádi, géfur gætur ad þér, ecki jafnvel fá þeir ſkérdt eitt hár á høfdi þínu án hans vilja, lengra enn hann leyfir þeim komaſt þeir ecki, af þeim vélabrøgdum, ſem þeir ſamantvinnudu þér til falls veit hann ad ſkapa þér uppreiſn, og þvert á móti vilja ſinnum og vitund hljóta þeir lokſins, ſem ætludu þér illt, ad verda verkfæri til lucku þinnar. Eiliflega vegſamad ſé þitt víſa ráð og ſtjórnan, alvíſi Gud! þú, ſem gjørir ad heimſku ſvo tídum ráð hinna víſu og verndar fyrir heimſins

 hreck-

hreckja tálsnørum þá frómu og einføldu, styrktú oss í þeirri trú, ad þá vér treystum þér, elskum þig og óttumst, þurfum vér ecki ad óttast menninа, ad allt vort rád og efni séu þannig undir þinni dásamlegu stjórnun innilukt, ad oss eckért megi granda, þú munir leida oss þannig eptir þínu alvísa rádi, ad vér loksins berum úr bítum himinsins eilífu farsæld.

XLV. Føstu-Hugvekja.

Jesú grøf. Lúc. 24.

Loksins naut þá Jesú sárpíndi og ørþreytti líkami rolegrar hvíldar í grøfinni eptir lángt og strángt stríd á jørdunni; líkfylgdin, sem tignadi hans jardarfør, vóru fáar konur, sem hørmudu af heilum hug missir þessa síns besta ástvinar og velgjørara; látum oss nú fylgjast med þessum gódu konum og stadnæmast med þeim eitt augnablik vid Jesú legstad. Ef ad sérhvørs andvana grøf má vera oss athugandi, hvad miklu framar skyldi þá ecki vors Endurlausnara Jesú legstadur vekja oss til eptirþánka, hvad er náttúrlegra en oss hvarfli sá þánki í hug, þegar vér sjáum eins framlidins grøf: eptir fáein ár edur máské daga, verdur þinn líkami einnig nid-

nidurlagdur í þvílíka grøf, þar mun þetta stirdnada hold og þetta storknada blód, sem þú elur nú svo umhyggjusamlega og fostrar, verda ormanna fæda, þar mun þessi meistaralega líkamans bygging lid fyrir lid og bein fyrir bein sundurleysast, loksins verdur þar eckért framar meir sjáanlegt af þessum líkama, beinin jafnvel forrotnud verda aptur ad moldu og dupti, og samblandast jördunni, þessi fyrir höndum verandi sjáanlegu kjør þess mannlega líkama, sem reynslan sannar ad enginn fær umflúid, vekur ecki litla hrylling fyrir þeirri dymmu grøf í voru hjarta. Þó ad vér vitum þad víst, ad sérhvør manneskja fædist í heim þennann med þeim skildaga einusinni ad deyja, og ad enginn fái sig frá daudanum frikeyptann, þá er þó elskan til lífsins svo djúpt innrætt því mannlega hjarta, ad náttúra vor ber sífellt nockurn ótta fyrir daudanum, og strídir á móti honum í lengstu løg; og þennann ótta auka ecki lítid umskipti þau og afdrif, er vér fyrirsjáum ad þessum kjæra líkama vorum mæta ega í þeirri vidbjódslegu grøf, hvíad til hins, ad þessi forrotnadi og fyrir vorum sjónum fortærdi líkami, skuli aptur endurlifna, grill-

ir

ir alls ecki mannlega skynsemi, jafnvel margir hinir vísustu, sem af náttúruspekinnar røksemdum gátu sér til að í þessum líkama byggi skynsemdarfull sála, vóru efablandnir um það, hvørt hún mundi lifa eptir það líkaminn var dauður, og løgðust sjálfir í grøf sína í þessari óvissu. En, lofaður veri Guð! sem fyrir sinn Son Jesúm, er í Jósephs úthøggnu steinþró lagður vai liðinn, hefir lífið og ódauðlegleikann í ljós leidt. Hans dýrmæta lærdómi egum vér að þacka það, að vér vitum nú ljósar, heldur enn þeir vitrustu heimsspekíngar nockurntíma fengu sér í hug leidt, hvað um hagi vora líða mun eptir það vér erum í grøfina niðurlagðir. Jesús hefir kénnt oss, að í líkama vorum búi sú sál, sem sé ódauðleg, og þó líkaminn deyji, rotni og verði að dupti, muni sálarinnar líf þó aldrei þrjóta, að þessu nálæga stutta lífi á jørðunni enduðu, sé fyrir høndum endalaus eilífð, í hvørri sálin taka skuli umbun athafna þeirra, sem hún í þessu lífi framið hafði, hún skuli þar uppskéra eins og hún sáði hér, það er: hreppa þar eilíft endurgjald dygða sinna, en hegníngu lastanna. Líkaminn jafnvel kénnir Jesús oss að egi fyrir høndum, fyrir hans almætt-

mættis krapt, ad lifna aptur og standa upp af grøf sinni, og skuli sídan endurlifnadur og þadanaf óforgengilegur taka eilífléga hlutdeild í þeim kjorum, sem sálin hafdi hlotid. Þennann gledirika lærdóm stadfesti Jesús á sínum hérvistar-døgum med guddómlegum kraptaverkum, þá hann med einu ordi læknadi bædi nálægur og fjærverandi þá hættulegustu sjúkdóma, sem sønnudu hans guddómlegu sendíngu; hann sýndi, med því ad kalla sjálfur þá framlidnu til lífsins aptur, jafnvel þann, sem tekinn var til ad rotna í grøfinni, med þessu sýndi hann ad gudlegum krapti var þad ecki um megn ad uppvekja á sínum áqvardada tíma þá daudu af grøfunum. Loksins innsigladi hann þennann og allañ sinn guddómlega lærdóm med sinni egin upprisu. Þessi Jesús, hvørs andvana líkami, lagdur var nú í grøfina, tók á þridja degi aptur sitt líf, eins og hañ fyrisagt hafdi, ádur enn hann var til fánga tekinn, og uppreis, sem voldugur daudans sigrari af grøf sinni. Nú má oss hverfa allur qvídi, fyrir øllu því, sem ádur mátti náttúrlega skélfa oss. Ovaranlegleiki og óvissa lífs þessa þarf nú ecki ad auka oss nockra óróssemi, hvenær sem líf vort

vort endast, vitum vér nú ad vidtekur betra líf, ef ad vér ástundum ad gjora oss þess verduga á medan vér lifum; daudañ, sem oss var svo ottalegur, álítum vér nú, sem inngáng til betra lífs og grøfina svosem svefn-hús, í hvorju líkami vor skal um stund hvíld taka eptir útstadid mædusamt dags erfidi, og þadan ad upprísu dags mórgninum aptur uppvakna til stærri gledi og vegsemdar, enn vér ádur þeckt høfdum; hvorsu sem líkami vor fortærist í jørdunni, trúum vér ad almætti hans, sem af grøsinni uppvakti Jesú andvana líkama, muni ecki um megn, ad sameina verulega parta vors forrotnada líkama og géfa þeim líf; ad nú í þessari trú gaungum vér óhrædðir daudanum á móti og undirtøkum vid hans adkomu trúar ørnggir med Postulanum: daudi! hvar er þinn broddur? grøf! hvar er þinn sigur? Gudi sén þackir, sem oss hefir sigurinn géfid fyrir Drottinn vorn Jesúm Krist.

Hellstu Prentvillur í I. Bindi.

Bls. 10. línu 16. les: ágvardad. Bls. 20. l. 25. les: sorgelegur. Bls. 132. l. 10. les: óendanlega. Bls. 142. l. 18. les: tapadar. Bls. 309. l. 12. les: XCIII.

Í II. Bindi.

Bls. 34. l. 2. l: útrettingar. Bls. 36. l. 15. l: vjer. Bls. 82. l. 24. les: hans. Bls. 186. l. 10. les: vantrúarinnar.